

**KRISTJÁN ÁRMANNSSON**

*Notar eingöngu jarðgas sem eldsneyti*

• á ferðinni

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HJÓLAÐ INN Í SUMARIÐ**

*Átak, öryggi og hjól fyrir alla fjölskylduna*

Sérblaðið Hjólað inn í sumarið

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. maí 2009 — 113. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Playboy í vanda

Mikið tap hjá frægasta karlatímariti heims og niðurskurður fram undan.

FÓLK 18

### Dagur pilsins

Einar Már Jónsson fór í bíó á dögunum að sjá mynd sem nú er ofarlega á baugi í þjóðmálaumræðunni í Frakklandi.

Í DAG 12

### Vilja fjölga úrræðum



Aðstandendur Alzheimer-sjúklinga halda opinn aðalfund í dag.

TÍMAMÓT 14



### Ætlar að spila til fertugs

Daði Lárusson, markvörður FH, er besti leikmaður 1. umferðar Pepsi-deildarinnar.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**BEST NORÐAUSTAN TIL** Í dag verður allhvöss suðaustanátt suðvestan til en lægir smám saman. Hægari annars staðar. Léttskýjað norðan og austan til annars hálfskýjað. Hiti 10-18 stig hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4








**ÍSLAND ÁFRAM** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir og íslenski hópurinn komust áfram í úrslit Eurovision-keppninnar í gærkvöldi. Hópurinn flutti lag Óskars Páls Sveinssonar, Is it True, með glæsibrag og allt gekk upp að sögn Jóhönnu. Nafn Íslands var dregið síðast úr hattinum af þeim tíu þjóðum sem komust áfram og var spennan mikil. NORDICPHOTOS/AFP

Ísland áfram í Eurovision:

## Grét af gleði í Moskvuborg

**SÖNGVAKEPPNI** „Ég er himinlifandi með að komast áfram. Ég fór meira að segja að gráta af gleði; ég sem græt aldrei,“ sagði Jóhanna Guðrún Jónsdóttir stuttu eftir að ljóst var að Ísland hafði komist áfram úr undanúrslitum í Eurovision-keppninni í gærkvöldi og tekur þátt í úrslitunum á laugardagskvöldið í Moskvu. Flutningur Jóhönnu og íslenska hópsins á lagi Óskars Páls Sveinssonar, Is it True, var óaðfinnanlegur. Jóhanna segir sér hafa liðið vel á meðan á flutningnum stóð og er farin að huga að lokakvöldinu.

„Þetta er stórkostlegt og uppskera mikillar vinnu síðustu tíu árin. Ég hef alltaf haft mikla trú á stelpunni og aldrei eins og núna“, sagði María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu.

Það er varla ofsagt að farið hafi um þjóðina þegar níu lönd höfðu verið valin til þátttöku í lokakvöldinu og aðeins eitt sæti eftir í pottinum. Það reyndist vera Ísland sem hlaut tíunda og síðasta sætið sem var í boði.

Ísland verður sjöunda landið sem stígur á sviðið á laugardagskvöldið en einnig komust Tyrkland, Svíþjóð, Ísrael, Portúgal, Malta, Finnland, Bosnía-Hersegóvína, Rúmenía og Armenía áfram. - shá

# Engar breytingar á tekjuskatti á árinu

**Allt skattakerfið er til skoðunar hjá stjórnarflokkunum en tekist er á um leiðir. Samfylkingin hefur efasemdir um skattaleið Vinstri grænna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Neysluskattar verða að líkindum hækkaðir í sumar.**

**STJÓRNMÁL** Frumvarp um breytingar á lögum um tekjuskatt liggur ekki fyrir og ríkisstjórnin mun ekki leggja fram slíkt frumvarp á komandi sumarþingi. Verði gerðar breytingar á skattalögunum verða þær í fyrsta lagi gerðar eftir áramót, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Stjórnarflokkarnir hafa ekki komið sér saman um leiðir til tekjuöflunar í gegnum skattkerfið.

Ekkert er minnst á skattamál í nýrri 100 daga verkefnaáætlun ríkisstjórnarinnar. Hins vegar kemur fram í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna að gripið verði strax til aðgerða í ríkisfjármálum. Er þar vísað til lækkunar ríkisútgjalda og aukinnar tekjuöflunar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er útbreidd skoðun innan þingflokks VG að eðlilegt hefði verið að gera breytingar á skattaumhverfinu hið fyrsta. Flokkurinn hefur gefið út mun harðari línu varðandi skattahækkanir en Samfylkingin, sem hefur lítið sýnt á spilin. Má þar nefna bæði hátekjuskatt og hækkun fjármagnstekjuskatts úr tíu prósentum í fjórtán prósent.

Engar tímasetningar eða útfærðar tillögur um breytingar á skattaumhverfinu rötuðu inn í stjórnarsáttmálann og endurspeglar það ólíka sýn flokkanna á hvað langt á að ganga í þessum efnum, eins og heimildarmaður Fréttablaðsins komst strax að orði. Einn heimildarmaður blaðsins sagði að vinnan væri öll eftir; það hefði lítið verið rætt á milli flokkanna um nauðsynlega tekjuöflun með skattahækkunum í stjórnarmyndunarviðræðunum.

Mun meiri áhersla hefði verið lögð á nauðsynlegan niðurskurð og Samfylkingin hefði þess utan efasemdir um skattaleiðina eins og Vinstri grænir hafa kynnt hana til þessa.

Í stjórnmálaályktun VG eftir landsfund í vetur var sett fram markmið um að skattkerfið verði notað markvisst til tekjujöfnunar með þrepaskiptum tekjuskatti eða álagi á há laun. Þetta mun Samfylkingin ekki vilja skrifa undir að óbreyttu.

Líklegt er talið að neysluskattar verði lagðir á í sumar, samkvæmt heimildum blaðsins. Er þar vísað til „grænna skatta“ eins og eldsneytisgjalds. Einnig er ekki talið ólíklegt að lagðar verði frekari álögur á áfengi og tóbak og fleiri hugmyndir um breytingar á vörugjöldum hafa verið ræddar. - shá

Þorvaldur Davíð:

## Hlaut Robin Williams-styrk

**FÓLK Þorvaldur Davíð Kristjánsson, leiklistarnemi í Juilliard-listaháskólanum í New York, fékk heldur betur óvæntan glaðning í síðustu viku. Deildarforseti kallaði hann þá á sinn fund og tilkynnti honum að hann hefði hlotið The Robin Williams Scholarship.**

**Það er Óskarsverðlaunahafinn Robin Williams sem hefur veg og vanda af styrknum og greiðir hann úr eigin vasa. Styrkurinn nemur sjö milljónum króna.**

- fgg / sjá síðu 26








## SPURNING DAGSINS



*Hvert eruð þið að fara-systur?*

„Við ætlum að fara og einbeita okkur að því að vera bara-systur."

Hara-systur, eða Rakel, sem þarna er spurð, og Hildur Magnúsdætur, hafa ákveðið að hætta í hljómsveitinni Elektru.

Fjármálaeftirlitið rekur sölutilraun skilanefndar Landsbankans á stofnfé í Byr til mistaka starfsmanns:

# Ekki tilefni til afskipta viðskiptaráðherra

**VIÐSKIPTI** Mál skilanefndar Landsbankans, sem afturkallaði sölu á 2,6 prósenta hlut í Byr eftir fréttaflutning Stöðvar 2, gefur ekki tilefni til afskipta viðskiptaráðherra, segir Gylfi Magnússon. Fjármálaeftirlitið rekur málið til mistaka starfsmanns.

Gengið var frá sölunni á hlutnum til félagsins Reykjavík Invest í síðustu viku. Aðalfundur Byrs er á morgun. Eigandi Reykjavík Invest, Arnar Bjarnason, er í framboði til stjórnar Byrs, og hafa stofnfjáreigendur í Byr gert því skóna að hluturinn hafi verið seldur frá Landsbankanum svo atkvæðamagn á fundinum nýttist til fulls.

Athygli hefur vakið að Lárus Finnbogason, formaður skilanefndarinnar, er endurskoðandi Reykjavík Invest. Hann hefur ekki viljað tjá sig um málið.



GYLFI MAGNÚSSON



GUNNAR Þ. ANDERSEN

Skilanefndin tilkynnti um það í fyrrakvöld, eftir að Stöð 2 sagði frá málinu, að nefndin hefði aldrei samþykkt söluna og því hafi ekki orðið af henni. Yfirlögmaður bankans hafi gengið frá sölunni, sem síðan var ákveðið að hætta við vegna þess að hún væri ekki góð fyrir hagsmuni bankans.

Forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðherra voru sammála um það á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar í gær að rannsaka þyrfti málið hratt og vel. Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segist hafa rannsakað málið og þær upplýsingar sem hann hafi bendi til þess að um mistök starfsmanns bankans sé að ræða. „Ef eitthvað annað kemur í ljós þá verður það rannsakað," segir Gunnar, sem hyggst leita af sér allan grun.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði við Fréttablaðið í gærkvöldi að ef einhvers staðar hafi verið farið yfir strikið í þessari atburðarás hlyti Fjármálaeftirlitið að kanna það. „En ég hef ekkert séð enn sem kallar á mín afskipti af málinu," segir Gylfi." - sh

Skútusmyglarar fyrir dóm:

## Þeir sem flúðu lengur í haldi

**DÓMSMÁL** Þrír menn sem grunaðir eru um að hafa reynt að smygla til landsins yfir 100 kílóum af fíkniefnum 19. apríl voru í gær úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna til 29. maí. Mennirnir, Rúnar Þór Róbertsson, Árni Hrafn Ásbjörnsson og Hollendingur á fimmtugsaldri, reyndu að flýja lögreglu á skútunni Sirtaki og náðust á leiðinni út úr landhelginni.

Þrír sem sem tóku á móti fíkniefnunum í landi voru úrskurðaðir í framlengt varðhald í fyrradag. Sexmenningarnir hafa allir kært úrskurðinn til Hæstaréttar. - sh



**SAMÞYKKT MEÐ MIKLUM MEIRIHLUTA** Hjúkrunarfræðingar eru farnir úr BHM.

Hjúkrunarfræðingar:

## Ákveðið að ganga úr BHM

**KJARAMÁL Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur ákveðið að segja sig úr Bandalagi háskólamanna. Tillaga þessa efnis var samþykkt á aðalfundi félagsins í gær með miklum meirihluta. Hefur stjórn félagsins verið falið að ganga frá úrsögn félagsins, en hún mun taka gildi frá og með næstu áramótum.**

**Í ályktun, sem samþykkt var á fundinum, segir að stjórn félagsins skuli þegar hefja undirbúning viðbragða við því ástandi sem skapist vegna úrsagnarinnar og núverandi aðildar félagsmanna að sjóðum BHM.** - shá

# Telja einkavæðingu stefna öryggi í voða

**Lögreglumenn leggjast gegn fyrirhugaðri einkavæðingu lögreglubíla landsins. Stjórnarþingmaður kallar hugmyndina óráðsíu og mun beita sér gegn henni.**

**STJÓRNSÝSLA** „Við höfum áhyggjur af því að öryggi lögreglumanna geti verið í voða stefnt með þessu," segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, um fyrirhugaða einkavæðingu bílaflota lögreglunnar. Félagið hefur skrifað dómsmálaráðherra bréf og látið í ljós áhyggjur sínar.

Rekstur Bílamiðstöðvar lögreglunnar hefur verið boðinn út ásamt viðhaldi og endurnýjun allra bílanna og tækjabúnaðar þeirra. Það er hluti af samningnum að ríkið muni lána viðsemjandanum fyrir kaupum á öllum 165 ökutækjum íslensku lögreglunnar. Dómsmálaráðuneytið er síðan skuldbundið til að kaupa flotann aftur endurverðmetinn að sex ára samningstímanum liðnum.

„Þessi útboðslýsing sem við höfum séð vekur ekki bjartsýni hjá okkur," segir Snorri. Þar sé lítið fjallað um öryggisstaðla á dekkjum, árekstrarvarnir, vélastærðir og margt fleira sem máli skiptir fyrir öryggi lögreglubíla. Félagið hefur tjáð dómsmálaráðherra áhyggjur sínar bréfleiðis en ekkert svar fengið.

Snorri segir ljóst að lögreglumenn séu andvígir hugmyndinni eins og hún lítur út. „En við erum aldeilis ekkert mótfallnir því að rekstrarumhverfi þessa þáttar í rekstri lögreglu, sem og annarra, sé skoðaður," segir hann.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, kallar fyrirhugaða einkavæðingu „fyrir-hrun- og óráðsíuhyggju" og segist munu beita sér fyrir því að af henni verði ekki. „Ég mun reyna að hafa mín áhrif þar á," segir hann.



**BRÁÐUM EINKABÍLL?** Opnað verður fyrir tilboð í reksturinn síðar í mánuðinum. Nokkur áhugi mun vera á verkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SNORRI MAGNÚSSON



ATLI GÍSLASON

Atli tekur fram að hann hafi ekki kynnt sér hugmyndirnar sérstaklega. „En ég hrekk alltaf við þegar ég heyri þessar einkavæðingarhugmyndir. Þá þarf ríkið að fara að borga til viðbótar kostnað við hagnað einhverra einkaaðila. Ég geld varhug við öllum slíkum hugmyndum," segir hann.

Atli segir reynsluna hvarvetna hafa sýnt „að þessir einkavæðingardraumar reynast ríkjum og þjóðum alltaf dýrari til lengri tíma en ríkisrekstur".

Þá telur Atli að eðli starfsemi lögreglunnar mæli enn frekar gegn einkavæðingunni. „Grunnstoðir þjóðfélagsins, og allur rekstur í kringum þær, eiga að vera á höndum hins opinbera, og löggæslan er ein af mikilvægustu grunnstoðum samfélagsins," segir hann. Öryggissviðið sé viðkvæmt svið og því sé hann alls ekki spenntur fyrir hugmyndinni. „Ekki frekar en þegar Neyðarlínan var einkavædd á sínum tíma. Hún er nú mest öll komin í hendur ríkisins aftur," segir Atli.

Komið hefur fram að engu tilboði í reksturinn verði tekið nema það leiði til hagkvæmari reksturs en nú er. stigur@frettabladid.is



**FRELSINU FEGIN** Roxana Saberi brosir framan í heiminn í Teheran í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískur blaðamaður:

## Saberi laus úr fangelsi í Íran

**ÍRAN, AP Bandaríska blaðakonan Roxana Saberi fagnaði í gær frelsi á ný eftir að hafa verið í fjóra mánuði í fangelsi í Teheran.**

**Um miðjan apríl dæmdi íranskur dómstóll Saberi, sem einnig hefur íranskt ríkisfang, í átta ára fangelsi fyrir njósnir eftir stutt, leynilegt réttarhald. Áfrýjunardómstóll breytti dómnum í tveggja ára skilorðsbundinn dóm.**

**Lögmaður hennar upplýsti í gær að hún hefði fyrst og fremst verið dæmd vegna þess að hún hefði heimsótt Ísrael og haft í vörslu sinni trúnaðarskjal úr írönsku stjórnsýslunni um átökin í Írak.** - aa

Íbúðalánasjóður:

## Útlán jukust um 14 prósent

**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður lánaði 2,8 milljarða króna í apríl. Þetta er tæplega fjórtán prósenta aukning frá því í mars að því er fram kemur í tilkynningu frá sjóðnum.

Af 2,8 milljarða útlánum voru 1,9 milljarðar vegna almennra lána og rúmar 900 milljónir vegna leiguíbúðalána. Meðalútlán almennra lána voru 10,6 milljónir króna, sem er sambærilegt við fyrri mánuði ársins. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins námu heildarútlánin rúmlega 12,2 milljörðum, sem eru um nítján prósenta minni útlán en á sama tíma í fyrra. - th




Endurskoðuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins:

# Dökkar horfur til ársins 2011

**EFNAHAGSMÁL** „Horfurnar í efnahagsmálum á þessu ári eru dökkar," segir í endurskoðaðri þjóðhagsspá sem fjármálaráðuneytið sendi frá sér í gær. „Atvinnulífið líður fyrir það að starfsemi fjármálakerfisins er ekki komin á fullt skrið, þar sem endurskipulagning og endurfjármögnun kerfisins er ekki fullfrágengin." Þá kemur fram að óvissa sé um endanlega skuldastöðu þjóðarbúsins og hins opinbera vegna óútkljáðra skuldbindinga við önnur ríki og kröfuhafa.

Gert er ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs í lok árs muni verða um 103 prósent af landsframleiðslu. Þar af muni erlendar skuldir verða 45,4 prósent.

Gert er ráð fyrir að einkaneysla haldi áfram að dragast saman frá síðasta ári, bæði komi til þröng skilyrði heimila vegna skuldsetningar og að heimilin hafi aukið sparnað til þess að koma til móts við óvissuna í efnahagsmálum.

Gert er ráð fyrir að einkaneyslan dragist saman um tæp 25 prósent á þessu ári, og um 2,5 prósent á því næsta. Árið 2011 er hins vegar gert ráð fyrir viðsnúningi og að einkaneysla muni aukast um 5,5 prósent. - ss

**ÞJÓÐHAGSSPÁ FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIS**

| | 2009 | 2010 | 2011 |
|---|---|---|---|
| Einkaneysla | -24,7% | -2,5% | 5,5% |
| Landsframleiðsla | -10,6% | 0,5% | 5,0% |
| Atvinnuleysi | 9,0% | 9,6% | 7,5% |
| Verðbólga | 10,2% | 1,6% | 1,9% |
| Gengisvísitala | 218,3 | 219,1 | 202,9 |

HEIMILD: FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ




**SAMDRÁTTUR** Búist er við að einkaneysla haldi áfram að dragast saman vegna skuldsetningar heimila.



Kringlan
Opið til 18.30
Kringlukast
« miðvikudag til mánudags »
20-50%
afsláttur af
nýjum vörum
KRINGLUKASTSBLAÐIÐ ER Á KRINGLAN.IS
Mán til mið 10–18.30, fim og fös 10–19, lau 10–18, sun 13–17 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 12.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,81 | 125,41 |
| Sterlingspund | 190,71 | 191,63 |
| Evra | 170,17 | 171,13 |
| Dönsk króna | 22,843 | 22,977 |
| Norsk króna | 19,418 | 19,532 |
| Sænsk króna | 15,998 | 16,092 |
| Japanskt jen | 1,2804 | 1,2878 |
| SDR | 189,37 | 190,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,4448

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sendiherra Íslands í Bretlandi útskýrir sjónarmið Íslendinga í deilunni við Breta:

# Bréf til breskra þingmanna

**UTANRÍKISMÁL** Sendiherra Íslands í Bretlandi hefur að beiðni Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra sent þingmönnum breska þingsins bréf þar sem farið er yfir viðbrögð íslenskra stjórnvalda við skýrslu fjármálanefndar breska þingsins frá því í apríl. Alls er um tæplega 1.400 bréf að ræða, 646 bréf til þingmanna í neðri deild og 738 til þingmanna í efri deild.

Í bréfi Sverris Hauks Gunnlaugssonar sendiherra kemur fram að íslensk stjórnvöld taki undir með bresku fjármálanefndinni að með beitingu hryðjuverkalöggjafarinnar til að frysta eignir Landsbankans í byrjun október hafi breska ríkisstjórnin gerst beinn þátttakandi á markaði í því efnahagslega fárviðri sem gekk yfir Ísland og að ekki séu allar afleiðingar þess enn komnar fram.



**1.400 BRÉF** Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra í Bretlandi, hefur sent bréf til allra breskra þingmanna, alls um 1.400 talsins.

Í bréfinu er minnt á þau sterku tengsl sem hafa löngum verið milli þjóðanna og vakin athygli á að núverandi ástand varpi dökkum skugga á þau. „Gerð er grein fyrir því hvernig íslenskri þjóð þyki gróflega að sér vegið,“ segir í tilkynningu frá ráðuneytinu. „Íslendingar hafi talið sig til nánustu bandamanna Breta á flestum sviðum en hafi nú verið stimplaðir hryðjuverkamenn.“

Kröfur Íslendinga um afléttingu frystingar eru ítrekaðar og athygli vakin á mikilvægi þess fyrir samskipti þjóðanna. Þá er bent á vilja Íslands til samstarfs um endurskoðun á fjármálalöggjöf Evrópu. - ghs

Hjálparvakt tannlækna:

# Yfir 60 börn fengu þjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfir sextíu börn fengu ókeypis tannlæknaþjónustu hjá hjálparvakt tannlækna, sem tannlæknadeild Háskóla Íslands og Tannlæknafélag Íslands stóðu fyrir á laugardaginn. Bætt var við stólum vegna aðsóknarinnar, og þegar mest lét var unnið á sautján stólum í einu.

Í tilkynningu frá hjálparvaktinni segir að ástandið á tönnum margra barnanna hafi verið mjög slæmt. Sum þeirra hafi ekki farið til tannlæknis í mörg ár. Þetta var í þriðja sinn sem boðið var upp á slíka þjónustu. Hún stendur næst til boða hinn 23. maí, en svo ekki aftur fyrr en í haust. - kg



**GULL ÚR UNDIRDJÚPUNUM** Óskar Torfason, framkvæmdastjóri Drangs, við ker með grásleppuhrognum.

Metveiði á Drangsnesi:

# Grásleppa fyrir 100 milljónir

**SJÁVARÚTVEGUR Metveiði hefur verið á grásleppuvertíðinni hjá bátunum á Drangsnesi í vor. Að því er kemur fram á vefsíðunni strandir.is hefur hvergi á landinu verið meiru landað en þar.**

**Saltað hefur verið í 875 tunnur hjá Fiskvinnslunni Drangi og er það fimmtán tunnum meira en á allri vertíðinni í fyrra. Bátarnir sextán á Drangsnesi ljúka vertíðinni um og eftir næstu mánaðamót.**

**„Þetta er besta grásleppuvertíðin síðan 1981. Það má gera ráð fyrir að söluverðmætið verði um 100 milljónir króna. Það er ekki slæmt fyrir 80 manna sveitarfélag,“ segir Óskar Torfason, framkvæmdastjóri Drangs, við Fréttablaðið.** - gar

## LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í myndatexta á forsíðu blaðsins í gær að vaskur hópur skokkara væri að hlaupa eftir Laufásvegi. Skokkhópurinn var að hlaupa eftir Laugarásvegi í Reykjavík.

# Ekkert er vitað um tannheilsu stórs hóps barna

**Heimsóknum til tannlækna hefur ekki fækkað í kreppunni. Tannheilsa barna sem komu til tannlæknis á tímabilinu 1998 til 2008 batnaði. Vandamálið snýst um að ná til barnanna sem aldrei fara í skoðun.**

**HEILSA** Heimsóknum til tannlækna fjölgaði fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 miðað við sama tímabil í fyrra og hittifyrra, voru ríflega 20.800 í ár en tæplega 20.200 árið 2007. Að mati Reynis Jónssonar, tryggingayfirtannlæknis hjá Sjúkratryggingum Íslands, sýna þessar tölur að foreldrar spara ekki við sig heimsóknir barna til tannlækna þó að það þrengi að. Gögn frá sömu stofnun sýna að viðgerðum hjá börnum sem fara til tannlæknis hefur fækkað umtalsvert á síðustu tíu árum sem bendir til betri tannheilsu þeirra barna sem á annað borð fara til tannlæknis.



**HÓLMFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**

„Þetta er staðreynd,“ segir Reynir sem segir fullyrðingar um að tannheilsu íslenskra barna hraki ekki réttar. Hann segir hins vegar þann hóp sem ekki kemur til tannlæknis, sem er á bilinu 15 til 20% barna mikið áhyggjuefni. „Við vitum ekkert um ástandið á börnum sem ekki koma til tannlæknis og þessi börn þarf að finna.“

Hólmfríður Guðmundsdóttir hjá Lýðheilsustöð segir að þegar gerð var könnun á tannheilsu barna árið 2005 hafi um helmingur barna verið með litlar eða nær engar skemmdir, tannskemmdir hafi alls ekki dreifst jafnt á börnin og dæmi hafi verið um tólf ára börn með fjölda tannskemmda. „Stærsti hluti barna á Íslandi býr við góða tannheilsu en ákveðinn og hugsanlega stækkandi hópur býr við slæma tannheilsu.“

Reynir segir afar nauðsynlegt að reyna að ná til foreldra barnanna sem ekki skila sér til tannlæknis, það sé hins vegar ekki endilega einfalt mál. „Vandinn liggur í að finna börnin sem ekki fara til tannlæknis og sinna þeim.“ Reynir telur að skólahjúkrunarfræðingar eða heilsugæslan þyrftu að geta vísað börnum sem á þyrftu að halda til tannlæknis, kannski á sérstakt áhættuklíník sem væri gjaldfrjálst. Ef þess konar tilmælum væri ekki sinnt af foreldrum barnanna væri hægt að vísa þeim til barnaverndaryfirvalda. „Það er auðvitað vanræksla ef börnum er ekki sinnt og þetta er jafnvel vandamál sem félagsþjónustan ætti að sinna.“

Reynir er þeirrar skoðunar að kostnaður við tannlækningar barna eigi að vera að fullu endurgreiddur af hinu opinbera og segir gagnrýni á opinbera gjaldskrá sem endurgreiðslur miðast við réttmæta. „Ég hef varað töluvert lengi við því að það sé verið að eyðileggja kerfið ef gjaldskráin heldur áfram að dragast aftur úr reikningum tannlækna.“

Hólmfríður tekur undir þessar áhyggjur og segir stefna í að hlutur foreldra verði það mikill að heimsókn til tannlæknis verði jafnvel óyfirstíganlegt skref. Hún segir mikilvægt að efla forvarnir í tannheilsu og segir að sameina þyrfti afl heilsugæslunnar og skólakerfisins. „Það mætti jafnvel kenna tannburstun í skólum eins og gert var áður fyrr. Það að bursta og borða hollan mat hefur auðvitað svo mikið að segja fyrir tannheilsuna.“

sigridur@frettabladid.is

## Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun




## FÆRRI TANNVIÐGERÐIR

Börnum sem fóru til tannlæknis á árunum 1998 til 2008 hefur fjölgað, árið 1998 fóru 44.665 börn til tannlæknis, árið 2008 voru þau 49.223. Á sama tíma hefur viðgerðum fækkað, þannig að frá árinu 2003 hefur verið innan við ein viðgerð á hvert barn að meðaltali. Af því má draga þá ályktun að tannheilsa barna sem fer í skoðun hjá tannlækni fari batnandi, en þessar tölur frá Tryggingastofnun segja vitaskuld ekkert um tannheilsu þeirra barna sem ekki skila sér til tannlæknis. Talið er að um 80-85% barna fari til tannlæknis á hverju ári hér á landi.

## ÚRELT GJALDSKRÁ

Tannlæknakostnaður barna yngri en 18 er endurgreiddur sem nemur 75% af gjaldskrá sem gefin er út af heilbrigðisráðherra. Hún er frá árinu 2004 og er orðin verulega úrelt, verðlagning tannlækna er frjáls og taka þeir, samkvæmt upplýsingum Sjúkratrygginga Íslands, að jafnaði um 40% meira en hún segir til um.

Til ársins 1992 voru tannlækningar barna niðurgreiddar að fullu en fullorðnir hafa greitt fyrir sína þjónustu fullu verði. Þannig eru tannlækningar bara hluti af almannatryggingakerfinu fyrir ákveðna hópa, börn, öryrkja og aldraða á Íslandi og eru þau Hólmfríður og Reynir sammála um að rökin fyrir því séu ekki fagleg heldur söguleg og pólitísk. Þess má geta að tæplega 16 þúsund manns hafa nú þegar skráð sig í hópinn Ókeypis tannlækningar og tannréttingar fyrir börn yngri en 18 ára sem Þórhallur Heimisson stofnaði.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**FLOTTAST NYRÐRA**

Í dag og raunar fram yfir helgi verða hlýir dagar á landinu. Í dag verður bjartast norðan og austan til með hita allt að 18 stigum á Norðausturlandi. Smám saman færast mestu hlýindin yfir á vestanvert Norðurland og á ég von á allt að 20 stiga hita þar á morgun og hinn í björtu veðri. Víða verður svo hlýtt um helgina með hægum vindi og björtu veðri með köflum.



**Á MORGUN** 8-15 m/s sunnan til annars 3-8 m/s.

**FÖSTUDAGUR** 3-8 m/s, stífastur syðst

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Amsterdam | 19° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 16° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 20° |
| New York | 21° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 14° |
| París | 23° |
| Róm | 26° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Sumarlitirnir komnir




# Hver er þinn litur?



**Sjá nánar á www.betrabak.is**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

**KJÖRKASSINN**



*Fylgist þú með fyrstu umferðinni í Pepsí-deildinni í fótbolta?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 28,5% |
| NEI | 71,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfðir þú á flutning íslenska lagsins í Eurovision-keppninni?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is vísir

Ríkisstjórnin gerir sóknaráætlun fyrir alla landshluta:

# Meðal tíu fremstu eftir áratug

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin kynnti í gær þá ákvörðun sína að vinna að sóknaráætlun fyrir alla landshluta og síðan landið í heild með það fyrir augum að efla atvinnulíf og auka lífsgæði. Markmiðið er að koma auga á styrkleika landsins og hvernig megi nýta þá til að setja Ísland á lista með tíu samkeppnishæfustu ríkjum heims árið 2020.

Með sóknaráætluninni á að kalla fram sameiginlega framtíðarsýn og samþættar verði áætlanir í samgöngumálum, fjarskiptamálum, ferðamálum og byggðaáætlanir, eins og segir í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni. Enn fremur kemur fram í yfirlýsingunni að áætlanir um eflingu sveitarstjórnarstigsins, ýmsir vaxtarsamningar, aðrar opinberar stefnumótanir og framkvæmdaáætlanir verði teknar til endurskoðunar þar sem forsendur hafi breyst í kjölfar efnahagshrunsins. Almenningi á að gefast færi á að kynna sér framgang vinnunnar, að því er segir í yfirlýsingunni.




**RÍKISSTJÓRNIN FYRIR NORÐAN** Ný ríkisstjórn var í sóknarhug á Akureyri í gær þótt nú sé í vök að verjast. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Forsætisráðuneytið mun hafa forystu um sóknaráætlunina. Tillaga að verkefnisáætlun á að liggja fyrir 1. júní næstkomandi en áfangaskil eiga að vera um áramót. Þingið mun því, á vetri komanda, þurfa að taka mið af þeim. - jse

Deilur um veiðistjórnun:

# Samar kæra sænska ríkið

**SVÍÞJÓÐ, AP** Fulltrúar Sama í Svíþjóð hafa kært sænska ríkið fyrir að hafa brotið gegn veiðiréttindum þeirra í norðanverðu landinu.

Samtök Sama segja að stýring ríkisins á bæði fiskveiðum og dýraveiðum í norðri brjóti í bága við lög sem tryggja Sömum veiðirétt á svæðinu. Samar líta svo á að ákvörðun sænsku stjórnarinnar um að heimila frjálsar veiðar á þessu svæði raski bæði almennu dýralífi á svæðinu og sérstaklega nýtingu Sama á hreindýrum. Um tuttugu þúsund Samar búa í norðanverðri Svíþjóð, og hafa um tíu prósent þeirra lífibrauð sitt meðal annars af hreindýrum. - gb

Úrslit kosninga í Indónesíu:

# Veraldlegur sigur í múslimaríki

**INDÓNESÍA, AP** **Veraldlegur stjórnmálaflokkur forseta Indónesíu vann stórsigur í þingkosningum, en flokkar trúaðra múslima biðu afhroð. Úrslitin benda til þess að almenningur í þessu fjölmenna múslimaríki vilji í auknum mæli halda stjórnmálum og trúmálum skýrt aðskildum.**

**Lýðræðisflokkurinn hlaut 21 prósent atkvæða samkvæmt lokaúrslitum sem birt voru um helgina, rúmum mánuði eftir að kosningarnar fóru fram. Flokkurinn hefur því þrefaldað fylgi sitt síðan í síðustu kosningum, þegar hann fékk 7,5 prósent atkvæða.**

**Susilo Bambang Yudhoyono forseti, sem jafnframt er leiðtogi Lýðræðisflokksins, þykir nú líklegur til að verða endurkjörinn.** - gb

**HORNAFJÖRÐUR**

## Maður klemmdist í skipi

Vinnuslys varð á Hornafirði á mánudaginn þegar maður klemmdist á hendi um borð í skipinu. Maðurinn var fluttur til Reykjavíkur. Ekki er vitað hvort hann er alvarlega slasaður.

**BÆJARHREPPUR**

## Vilja sumarhús burt

Skipulagsstofnun hefur borist krafa um að hún sjái til þess að frístundahús á Borðeyri verði fjarlægt. Stofnunin hefur óskað eftir afstöðu Bæjarhrepps. Það var oddvitinn sem veitti tengdaforeldrum dóttur sinnar leyfi fyrir húsinu í trássi við skipulag.

**SJÁVARÚTVEGUR**

## Minni afli í apríl

Fiskaflinn í nýliðnum aprílmánuði varð 28 prósentum minni en í fyrra. Alls veiddust 94 þúsund tonn nú samanborið við 130 þúsund í fyrra.



**LJÓT FJARA** Steypuklumpar og annað rusl er í forgrunni í fjörunni í Gufunesi. Rétt handan ruslahaugsins er endurvinnslustöð Sorpu og frárennslisstöð í holræsakerfi borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gufunesfjara er þakin steypubrotum og rusli

**Staðarhaldari Íslenska gámafélagsins á Gufunesi segir að til standi að bæta afar slæma ásýnd svæðisins. Fjara við bryggjuna er þakin steypuklumpum sem ýtt var þangað eftir að sprenging eyðilagði byggingu hjá Áburðarverksmiðjunni.**

**UMHVERFISMÁL** „Það stendur til að fegra umhverfið hérna allt saman og þessar fjörur eru eitt af því," segir Sævar Sigurðsson, staðarhaldari á starfssvæði Íslenska gámafélagsins í Gufunesi. Þar í fjörunni er mikið brak úr byggingum af svæðinu auk annars konar rusls.

Ruslið í fjörunni er mest járnbentir steypuklumpar. Sævar segir þá vera úr byggingu sem hafi verið rifin eftir sprengingu í Áburðarverksmiðjunni í byrjun október 2001.

„Húseignirnar voru rifnar niður á svæðinu og þessu var ýtt þarna út eins og einhvers konar landfyllingu. Það var á vegum borgarinnar sem það var gert á sínum tíma," segir Sævar og fullyrðir að síðan hafi engum úrgangi verið ekið í fjöruna. Engu að síður eru nýleg hjólför fram á fjörukambinn:

„Það var og er pollamyndun á planinu og við vorum að ýta til efni til að jafna það út. Þarna safnast saman gífurlega mikið vatn sem við vildum losa svo menn þyrftu ekki að vera í klofstígvélum á bakkanum," segir Sævar.

Áður en Íslenska gámafélagið tók við Gufunessvæðinu höfðu Áburðarverksmiðjan, Reykjavíkurborg og Ístak þar aðstöðu. Norðan megin við bryggju sem er þar er falleg klettaströnd með ljósum sandi. Sævar segir starfsmenn Áburðarverksmiðjunnar hafa kallað þessa vík „litlu ylströndina sína". Þar beint ofan við er nú mikill plastúrgangur sem Sævar segir á leið til endurvinnslu hjá fyrirtækinu Plastmótun.



**„LITLA YLSTRÖNDIN** Þessi gullfallega vík er í jaðri ruslsins á Gufunesi.

Sævar segir augljóst að það sé ekki fallegt að hafa málaða steypuveggi ofan í fjöru enda sé það alls ekki náttúrulegt. Umgengni um svæðið að öðru leyti virðist einnig talsvert ábótavant. Sævar segir Íslensa gámafélagið hafa tekið við Gufunesinu í mjög slæmu ástandi.

„Það stendur til að bæta ásýnd svæðisins til muna, til dæmis með því að mála byggingar og skipuleggja. Í raun er það búið að standa yfir í nokkur ár þrátt fyrir ýmislegt sem gengið hefur á hjá okkur eins og öllum öðrum íslenskum fyrirtækjum," segir Sævar sem kveðst telja auðvelt og ekki ýkja kostnaðarsamt að færa fjöruna til betri vegar.



**SÉÐ TIL VIÐEYJAR** Útsýnið frá fjörunni er í gegn um járnarusl og steypubrot.

„Þetta er alveg hægt að laga með því að setja grjót yfir og snyrta til."

gar@frettabladid.is










# Húsbílar • Hjólhýsi • Fellihýsi • Tjaldvagnar • Bátar Sæþotur • Mótorhjól • Torfæruhjól • Fjórhjól Vélsleðar • Fatnaður • Sumar- og vetrarvörur

# Allt að 70% afsláttur!!






| Nokkur verðæmi | Verð áður | Verð nú | Afsláttur |
|---|---|---|---|
| DETHLEFFS SUMMER EDITION Hjólhýsi | 2.990.000 | 1.990.000 | 1.000.000 |
| DETHLEFFS VARI 580/2 TK Hjólhýsi | 4.690.000 | 3.690.000 | 1.000.000 |
| YAMAHA FAZER 600 NAKED Mótorhjól | 1.269.000 | 990.000 | 279.000 |
| YAMAHA YZF-R6 08 Mótorhjól | 1.943.000 | 1.450.000 | 493.000 |
| YAMAHA YZF-R1 Mótorhjól | 2.145.000 | 1.590.000 | 555.000 |
| YAMAHA YZ250F 08 Krosshjól | 1.169.000 | 890.000 | 279.000 |
| YAMAHA XT660X SUPERMOTO 08 Krosshjól | 1.250.000 | 890.000 | 360.000 |
| YAMAHA YZF-R6 08 Mótorhjól | 1.943.000 | 1.450.000 | 493.000 |
| YAMARIN HARD TOPP 59 Bátur | 3.790.000 | 2.790.000 | 1.000.000 |
| FORD DETHLEFFS F 6915 Húsbíll | 13.200.000 | 9.820.000 | 3.380.000 |
| STARCRAFT ROADSTAR Pallhýsi | 1.200.000 | 990.000 | 210.000 |
| YAMAHA GRIZZLY 450 08 Fjórhjól | 1.410.000 | 1.090.000 | 320.000 |
| SEA DOO RXT X Sæþota | 2.345.000 | 1.880.000 | 465.000 |






YAMAHA • can-am • ski-doo • NOLAN • Camp-let • FRANK THOMAS • SCOTT • X-lite performance helmets • STARCRAFT • rukka • IXS • SEA-DOO • Dethleffs

MotorMax

**Mótormax • Kletthálsi 13 • Sími 563-4400 • www.motormax.is**

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Í hvaða götu var árás gerð á íslenska friðargæsluliða í Kabúl í Afganistan árið 2004?*

*2 Hvað heitir stúlknasveitin sem Hara-systurnar Rakel og Hildur Magnúsdætur eru hættar í?*

*3 Hver skoraði sigurmark Keflavíkur gegn FH á mánudagskvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

**Neytendur:** Ný lágvöruverðsverslun og nýr umboðsmarkaður

# *Ódýr gleraugu og markaður með barnavöru*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Jóhannes, annar eigandi Gleraugnabúðarinnar á Laugavegi 36, hafði samband til að koma því á framfæri að búið sé að breyta versluninni í lágvöruverðsverslun fyrir gleraugu og linsur. *„Við bjóðum góðar umgjarðir á aðeins þrenns konar verði, 9.900, 14.900 og 19.900 kr. Glerin eru á lægsta mögulega verði, parið af venjulegum glerjum er á kr. 14.300 með glampavörn. Margskipt gler bjóðum við á 41.000, sem er með því lægsta sem gerist. Linsurnar hjá okkur eru líka á lægsta mögulega verði, t.d. kostar pakki af daglinsum aðeins kr. 2.800.“*

Jóhannes segir að hægt sé að bjóða þetta lága verð vegna þess að verslunin sé aðili af stærri alþjóðlegri keðju verslana og vegna þess að yfirbyggingin sé lítil.

Að öðru. Reiðhjóla- og barnavörumarkaðurinn er nýtt fyrirbæri sem er til húsa að Holtasmára 1 í Kópavogi. Gríðarvel tókst til um síðustu helgi og því á að endurtaka leikinn nú um næstu helgi. Á markaðinum gefst fólki kostur á að kaupa og selja reiðhjól (fullorðins jafnt sem barnahjól) og barnavörur eins og kerrur, barnavagna, barnahúsgögn o.s.frv. Tekið verður á móti vörum í umboðssölu alla vikuna á milli kl. 17-20, en markaðurinn sjálfur fer svo fram um helgina kl. 10-17 á laugardaginn og 13-17 á sunnudaginn.



**GLERAUGU Á HAGSTÆÐU VERÐI** Eigandi Gleraugnabúðarinnar á Laugavegi segir verslunina nú vera lágvöruverðsverslun fyrir gleraugu og linsur. Umgjarðir kosti frá 9.900 krónum til 19.900.


**Framtíð Íslands** í samfélagi þjóðanna



**Lokafundur í fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands fimmtudaginn 14. maí frá kl. 13.00 til 16.00 í Hátíðarsal Háskóla Íslands**

**Staða smáríkja í alþjóðasamfélaginu**

**13.00 Opnun fundar**

**13.05 American Power, Housing Finance, and the Small States**
Herman Schwartz, prófessor við stjórnmálafræðideild Virginíu háskóla í Bandaríkjunum

**13.25 Membership of the European Union: What to expect from Brussels**
Graham Avery, heiðursfélagi St. Antonys College við Oxford háskóla og heiðursframkvæmdastjóri framkvæmdastjórnar ESB

**13.45 The EU as a Strategic Shelter - Also for Small States?**
Alyson JK Bailes, gestakennari við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

**14.05 Kaffihlé**

**14.25 The Collapse of the Celtic Tiger: Probing the Weaknesses of Ireland's Development Model**
Peadar Kirby, prófessor í alþjóðastjórnmálum við Limerick háskóla á Írlandi

**14.45 Economic Policy in Iceland: Where do we go from here?**
Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík

**15.05 Pallborðsumræður**
Allir ræðumenn og Baldur Þórhallsson, formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki

**15.50 Lokaorð**
Pia Hansson,forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki

**Fundarstjóri:** Kristín A. Árnadóttir, sendiherra og skrifstofustjóri yfirstjórnar utanríkisráðuneytisins


Graham Avery


Herman Schwartz


Peadar Kirby


Alyson JK Bailes


Kristín A. Árnadóttir


Katrín Ólafsdóttir

*Fundurinn fer fram á ensku*
*Allir velkomnir!*

Framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna er samstarfsverkefni allra háskóla landsins og utanríkisráðuneytisins. Nánari upplýsingar um fundaröðina í heild sinni má finna á heimasíðu stofnunarinnar http://www.hi.is/ams

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI



**Auglýsingasími**

**512 50 50**



– Mest lesið




**ÓSKAR RE-157** Útgerðarmaðurinn segist ætla að gera upp við pólsku áhöfnina í dag. Svo vill hann sigla á rækjuveiðar með nýrri áhöfn. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Sjómenn án réttinda í Reykjanesbæ

**Félagsmálastjóri segist enga skyldu hafa til að aðstoða sjómenn á Óskari RE-157. Túlkur þeirra segir þá ekki með dvalarleyfi og þeir fái ekki skattkort sín. Útgerðarmaðurinn ætlar að borga á morgun.**

**VINNUMARKAÐUR** „Enginn þeirra er með lögheimili í sveitarfélaginu okkar og þar af leiðandi eiga þeir engan rétt hjá okkur,“ segir Hjördís Árnadóttir, félagsmálastjóri Reykjanesbæjar.



**HJÖRDÍS ÁRNADÓTTIR**



**HÓLMGEIR JÓNSSON**

Hún var spurð um sjómennina sjö sem búa í Óskari RE-157, sem liggur að höfn í sveitarfélaginu. Þeir segjast peningalausir með öllu og neita að halda í næsta túr fyrr en útgerðarmaðurinn borgar þeim launin sem þeir eiga inni.

„Ég veit ekkert hvernig þeirra mál standa, það er orð gegn orði, en þessi aðili sem þeir hafa verið hjá, þeim stendur til boða að vinna hjá honum áfram. Þannig að þetta er þeirra val,“ segir Hjördís.

Sæmundur Árelíusson útgerðarmaður hafi haft samband við skrifstofuna og látið vita að mennirnir gætu fengið vinnu hjá honum. Hjördís ætlar „ekkert að setja mig meira inn í það. [...] Það er allavega ekki sveitarfélagsins að rannsaka það hvort brotið hafi verið á þeim.“

En vísar skrifstofan þeim áfram í kerfinu? „Nei, við gerum ekki annað en að benda þeim á að þeir eiga ekki rétt hjá okkur. Þetta eru fullorðnir karlmenn.“

Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambandsins, segir mennina ekki fá sérstaka aðstoð hjá þeim, aðra en að lögmaður sé að afla gagna í þeirra þágu. Að öðru leyti sé litið á málið sem venjulegt gjaldþrotamál. „Við getum ekki haldið þeim uppi, það er útilokað,“ segir Hólmgeir. Lögmaðurinn hafi þó eitthvað leitað að húsnæði.

Anna Poploska, túlkur mannanna, segir að útgerðarmaðurinn neiti að afhenda þeim skattkortin sín. Hann hafi ekki skilað skattskýrslu þeirra og afskráð alla nema tvo af heimili sínu, þar sem þeir höfðu áður lögheimili. Hinir hafi því engan rétt á landinu, hvað þá dvalarleyfi.

Sæmundur Árelíusson segist síðast hafa sótt um dvalarleyfi fyrir mennina í september. „Þeir hafa verið hér síðan 2006 og ég get ekki sagt til um hvernig þeir urðu ólöglegir,“ segir Sæmundur.

„Minn misskilningur gæti verið sá að ég taldi að þegar menn væru skráðir á bátinn [hjá Tollstjóra], þá væru þeir með dvalarleyfi,“ segir hann. Allt hafi verið gefið upp til skatts. „En ég vil borga þessum mönnum og búið,“ segir Sæmundur Árelíusson. Hann muni gera upp við þá á hádegi í dag, enda hafi alltaf staðið til að greiða þeim. Skattkortin muni fylgja. Sæmundur vonast svo til að fara með nýja áhöfn á rækjuveiðar um helgina.

klemens@frettabladid.is




# SÓLPALLURINN
## ódýrari en þig grunar

## PALLAEFNI
### FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN

Gagnvarin fura

| | |
|---|---|
| 21x95, lengdir 0.9 til 6.0 m<br>621600 | **199** kr/m |
| 28x95, lengdir 0.9 til 4.5 m<br>628601 | **259** kr/m |

**Timburráðgjöf í Grafarholti, Skútuvogi og í verslunum okkar um land allt.**

EINAR SVEINSSON
REKSTRARSTJÓRI SÖLU OG ÞJÓNUSTU



## VERÐDÆMI
efni í sólpall frá Húsasmiðjunni

| | |
|---|---|
| **Sólpallur 15m2** | **57.675** kr |
| **Sólpallur 20m2** | **76.900** kr |
| **Sólpallur 30m2** | **115.350** kr |
| **Efni í sólpall** | Verð frá **3.845** kr/m2 |

Innifalið í verðum er:

gagnvarin fura 48x148 mm
gagnvarin fura 48x98 mm
gagnvarin fura 28x95mm
galvaniseraður saumur í klæðningu

Athugið að fermetraverð getur verið breytilegt.
Hér að ofan er verðhugmynd m.v. sólpall á frostfrítt undirlag þ.e. án efnis í undirstöður.

**Fáðu tilboð og ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í næstu Húsasmiðjuverslun eða í síma 525 3000 til að fá besta verðið í pallinn þinn.**

## HÚSEIGENDUR
### NÝTIÐ TÆKIFÆRIÐ!

**100% endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu vegna viðhalds, endurbóta og nýbygginga!**
Þá er rétt er að benda á að í dag fæst 100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu á byggingastað vegna nýbygginga, viðhalds og endurbóta á húseignum og frístundahúsum. Gildir einnig á hönnun og eftirlitsvinnu.

**Íbúðalánasjóður hefur rýmkað reglur um lán til endurbóta og viðbygginga.**
Nú er einnig lánað til lóðaframkvæmda, smíði sólpalla, hellulagna auk annarra endurbóta. Aðeins þurfa að líða 10 ár frá fokheldi íbúðarhúsnæðis til að unnt sé að fá lán vegna endurbóta á húsnæðinu í stað 15 ára áður. Lánin eru auk þess til styttri tíma en áður, allt niður í 5 ár og á hagstæðum kjörum.

Leitið nánari upplýsinga hjá Íbúðalánasjóði.

Íbúðalánasjóður




Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

**FRÉTTASKÝRING:** Afstaða þingmanna til aðildarviðræðna við ESB

# Þingmeirihluti fyrir aðildarumsókn

**Ef þingmenn fylgja sannfæringu sinni eru að minnsta kosti 33 þingmenn sem myndu kjósa með þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um aðildarumsókn að ESB. 13 þingmenn myndu kjósa á móti, miðað við fyrri ummæli. Ekki er ljós afstaða sautján þingmanna.**

## FYLGJANDI

**S Árni Páll Árnason**
**S Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir**
**B Birkir Jón Jónsson**



„Ég er hlynntur því að það verði farið í viðræður við Evrópusambandið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, líkt og landsfundur okkar hefur samþykkt.“ *Vísir 5. maí 2009*

**S Björgvin G. Sigurðsson**
**D Einar K. Guðfinnsson** Andvígur aðild en … „Þess vegna þarf að fara fram uppgjör. Og þess vegna vil ég ekki lengur útiloka að við látum á það reyna hver árangur okkar yrði í samningum við ESB. Það er hins vegar ljóst að samningsmarkmiðin yrðum við að setja fram út frá hagsmunum okkar.“ *Ræða á ráðstefnu Heimssýnar um sjávarútveginn og ESB 11. janúar 2009*



**B Eygló Þóra Harðardóttir** „Hefja þarf undirbúning aðildarviðræðna við Evrópusambandið til að fá niðurstöðu um hvort hagsmunum Íslendinga sé best borgið þar.“ *Bloggsíða Eyglóar 22. janúar 2009*

**S Guðbjartur Hannesson**
**V Guðfríður Lilja Grétarsdóttir** „Við megum ekki gleyma af hverju við erum í ríkisstjórn. Við erum í ríkisstjórn vegna búsáhaldabyltingarinnar, af því að fólkið krafðist lýðræðis. Við hljótum því ævinlega að styðja tillögur sem efla lýðræðið í landinu, líka tillögur um ESB.“ *Landsfundur VG 22. mars 2009*



**B Guðmundur Steingrímsson** „Það verður að hlusta á kall tímans. …Við hlustuðum ekki. Og nú gerir núið kröfu um ákvarðanir, um stefnu, upplýsingar og síðast en ekki síst: Að stærsta hagsmunamál þjóðarinnar – framtíðargjaldmiðillinn og aðild að ESB – sé sett upp á borðið og um það kosið.“ *Fréttablaðið 15. nóvember 2008*



**S Helgi Hjörvar**
**D Illugi Gunnarsson** „Ég hef áður lýst yfir þeirri skoðun að þjóðin þarf að taka afstöðu í þessu máli og ég stend við hana. Það er engin leið fram hjá því og það verður ekki gert öðruvísi en með aðildarumsókn.“ *Háskóli Íslands, Alþjóðamálastofnun, 30. apríl 2009*



**S Jóhanna Sigurðardóttir**
**S Jónína Rós Guðmundsdóttir**
**S Katrín Júlíusdóttir**
**S Kristján L. Möller**
**V Lilja Mósesdóttir** „Ég sé ekki að landsfundur flokksins hafi sett neinar verulegar skorður á hvernig við semjum um þetta mál … Vinstri græn eru líka klofin í þessu máli.“ *RÚV 27. apríl 2009*

**S Magnús Orri Schram**
**S Oddný G. Harðardóttir**
**S Ólína Þorvarðardóttir**
**D Ragnheiður Ríkharðsdóttir** „Ég er ein þeirra sem er fylgjandi því að farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið, að kannaðir verði kostir og gallar þess sambands fyrir íslenska þjóð.“ *Alþingi 17. desember 2008*



**S Róbert Marshall**
**B Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** „Afstaðan er að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru.“ *Viðskiptaþing 13. mars 2009*



**S Sigmundur Ernir Rúnarsson**
S **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
B **Siv Friðleifsdóttir** „Ég er Evrópusinni og ég tel eðlilegt að þjóðin kveði upp úr um það hvort hún vilji ganga í Evrópusambandið eða ekki.“ *Vísir 4. nóvember 2009*



**S Skúli Helgason**
**S Steinunn Valdís Óskarsdóttir**
**S Valgerður Bjarnadóttir**
**D Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** „Ég er frekar hlynnt því að við förum í viðræður við Evrópusambandið.“ *Bylgjan 26. apríl 2009*

**O Þór Saari** „Stefna Borgarahreyfingarinnar í Evrópumálum er að ekki sé hægt að taka afstöðu til málsins nema að undangengnum aðildarviðræðum.“ *Bloggsíða Þórs, 24. apríl 2009*



**S Þórunn Sveinbjarnardóttir**
**O Þráinn Bertelsson** „Það sem er eðlilegast er að sótt verði um aðild að ESB. Síðan verði sá samningur sem þar næst, kynntur rækilega fyrir þjóðinni og greidd um hann atkvæði.“ *mbl.is 26. apríl 2009*



**S Össur Skarphéðinsson**

## ÓLJÓST

**V Álfheiður Ingadóttir**
**D Árni Johnsen** „Ég er mjög hræddur við Evrópusambandið og treysti því ekki. Mér finnst það vera eins og nútíma Sovét. … Ég vil taka þátt í að kryfja þetta mál til mergjar. Það getur þýtt einhvers konar viðræður, formlegar eða óformlegar.“ *Bylgjan 4. janúar 2009*



**V Árni Þór Sigurðsson** „Hitt hleypur ekki frá okkur ef svo skyldi fara að þjóðin vilji að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Og hún á sjálf að taka þá ákvörðun.“ *Mbl.is 21. janúar 2009*

**O Birgitta Jónsdóttir** „Ég verð að viðurkenna að ég er afar ringluð varðandi þessi Evrópumál – finnst ég í sjálfu sér geta verið með einn daginn og á móti næsta vegna þess að upplýsingar varðandi þetta mál eru afar misvísandi.“ *Bloggsíða Birgittu 22. mars 2009*



**D Bjarni Benediktsson** „Fyrr eða síðar er það lýðræðislegt að þjóðin fái að segja sína skoðun í málinu.“ *Landsfundur 27. mars 2009*

**V Björn Valur Gíslason**
**D Guðlaugur Þór Þórðarson**
**D Jón Gunnarsson** „Ég tel að niðurstaðan hafi að sumu leyti verið óheppileg hversu langt var gengið að hafna aðild [á landsfundi Sjálfstæðisflokks].“ *Bylgjan, hádegisfréttir, 26. apríl 2009*

**V Katrín Jakobsdóttir** „Við teljum að aðild að Evrópusambandinu samrýmist ekki okkar stefnu um sjálfbæra þróun, félagshyggju, kvenfrelsi og friðarstefnu.“ *DV 8. desember 2008*



**D Kristján Þór Júlíusson** „Afstaða mín er sú að ef kröfur og markmið eru skýr og ófrávíkjanleg er unnt að segja já við slíkum viðræðum. Ef einhver vafi er um það verður að segja nei.“ *Landsfundur sjálfstæðismanna 27. mars 2009*



**O Margrét Tryggvadóttir**
**D Ólöf Nordal** „Hins vegar er líka klárlega í ályktun landsfundarins opnað á umræðu um aðild að ESB svo lengi sem samningsmarkmiðin séu skilgreind og samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu áður en gengið er að samningaborðinu.“ *Bloggsíða Ólafar Nordal á Pressunni 24. apríl 2009*



**B Sigurður Ingi Jóhannsson** „Aðildarumsókn með þeim skilyrðum sem Framsóknarflokkurinn setti fram getur verið ein leið til að ná fram stöðugleika í samskiptum við aðrar þjóðir.“ *Bloggsíða Sigurðar Inga 24. febrúar 2009*



**V Steingrímur J. Sigfússon** „Nei, við teljum að það þjóni ekki heildarhagsmunum landsins að ganga í Evrópusambandið.“ *RÚV 3. apríl 2009*

**V Svandís Svavarsdóttir** „Spurningin verður tekin til afgreiðslu hjá þjóðinni, með þjóðaratkvæðagreiðslu og við óttumst ekki þá niðurstöðu. Hvort sem er tvöfaldri eða einfaldri.“ *RÚV 22. apríl 2009*

**B Vigdís Hauksdóttir**
**V Ögmundur Jónasson** „Kosningar um ESB kalla að sjálfsögðu á viðræður við sambandið til að komast megi að því hvaða kostir séu í boði. Engum treysti ég betur til slíkra viðræðna en Vinstrihreyfingunni - grænu framboði.“ *Heimasíða Ögmundar 1. desember 2008*

## ANDVÍG

**V Atli Gíslason** „Ég vil skoða heiminn út frá víðari sjóndeildarhring en eingöngu því sem umhverfis er Evrópusambandið.“ *Alþingi 27. nóvember 2008*



**D Ásbjörn Óttarsson** „Samfylkingin ætlar að fara að sækja um aðild að Evrópusambandinu og það setur náttúrlega landbúnaðinn í uppnám.“ *ÍNN, 16. apríl 2009*

**V Ásmundur Einar Daðason** „Ég er mjög harður Evrópuandstæðingur og stend við það.“ *Fréttablaðið. 12. maí 2009.*

**D Birgir Ármannsson** „Mér finnst ekki ástæða til að sækja um aðild að klúbbi sem ég hef ekki áhuga á að tilheyra.“ *Alþingi 17. desember*

**B Gunnar Bragi Sveinsson** „Ég er á því að skynsamlegasta leiðin í Evrópumálunum sé að skilgreina hvað það er sem við viljum ná út úr hugsanlegum viðræðum og ef til þeirra þarf að koma þá fari menn í þá ferð vel nestaðir með stuðning þjóðarinnar á bak við sig. Ég hef verið á móti inngöngu í ESB og er enn.“ *Bloggsíða Gunnars Braga 2. maí 2009*



**B Höskuldur Þór Þórhallsson** „Ég myndi frekar flokka mig með efasemdarmönnum en þeim sem vilja þarna inn.“ *Fréttablaðið 16. janúar 2009*



**V Jón Bjarnason** „Það er fagnaðarefni að mikill meirihluti þjóðarinnar virðist klárlega styðja stefnu okkar Vinstri grænna um að Íslandi sé betur borgið sem sjálfstæðu ríki utan ESB.“ *Bloggsíða Jóns 13. apríl 2009*

**V Lilja Rafney Magnúsdóttir** „Ég er búin að gera upp minn hug. Ég mun ekki styðja þetta.“ *Fbl. 12. maí 2009*



**D Pétur H. Blöndal**
**D Ragnheiður Elín Árnadóttir** „Ég er ekki hlynnt því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu að óbreyttu.“ *Viðskiptablaðið 9. júní 2008*

**D Tryggvi Þór Herbertsson**
**D Unnur Brá Konráðsdóttir** „Barátta okkar Íslendinga næstu mánuði felst í því að skapa fleiri störf í landinu. Evrópusambandið mun ekki koma okkur til bjargar, við þurfum að gera þetta sjálf.“ *Bloggsíða Unnar 5. maí 2009*

**V Þuríður Backman**

### FRAMSÓKNARFLOKKUR

| | |
|---|---|
| 9 | þingmenn |
| 5 | fylgjandi |
| 2 | óljóst |
| 2 | andvíg |

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

| | |
|---|---|
| 16 | þingmenn |
| 4 | fylgjandi |
| 6 | óljóst |
| 6 | andvíg |

### BORGARAHREYFINGIN

| | |
|---|---|
| 4 | þingmenn |
| 2 | fylgjandi |
| 2 | óljóst |
| 0 | andvíg |

### SAMFYLKING

| | |
|---|---|
| 20 | þingmenn |
| 20 | fylgjandi |
| 0 | óljóst |
| 0 | andvíg |

### VINSTRI GRÆN

| | |
|---|---|
| 14 | þingmenn |
| 2 | fylgjandi |
| 7 | óljóst |
| 5 | andvíg |



FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is




Gott í MATINN
– FYRIR ALLA SEM ELDA –

GÓÐKUNNINGI Í **NÝJUM** UMBÚÐUM

Sýrður rjómi ætti alltaf að vera til í ísskápnum því hann hentar vel í alla matargerð, hvort sem það er í sósur, bakstur, salöt, heita rétti, ídýfur eða súpur. Sýrður rjómi kemur skemmtilega á óvart með eftirréttinum.

Þetta er nákvæmlega sami sýrði rjóminn, nákvæmlega!

ms.is/gottimatinn

Stangveiðimenn voru öflugir í fyrra:

# Drógu 174 tonn á land

**STANGVEIÐI** Alls veiddust 174 tonn af laxi á stöng á Íslandi í fyrra. Þetta kemur fram í frásögn af ársfundi Veiðimálastofnunar á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Af þessum 174 tonnum er áætlað að 69 tonn hafi verið hafbeitarlax.

„Veiði í þeim laxveiðiám sem byggja nær eingöngu á gönguseiðasleppingum var 28.325 laxar. Aldrei fyrr hafa veiðitölur úr hafbeitarám verið jafn háar og er nú svo komið að þær eru hærri heldur en lélegustu veiðiárin úr náttúrulegum laxveiðiánum upp úr 1980,“ segir á svfr.is. Mun Veiðimálastofnun telja að undanskilja þurfi veiði úr gönguseiðasleppingum til þess að meta veiði á náttúrulegum laxi. **- gar**



**Í LANGÁ** Veiðimaður við fossinn Skugga í Langá á Mýrum.



**VIÐ YFIRFULLT SJÚKRASKÝLI** Fjöldi fólks bíður aðhlynningar úti við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmaður SÞ á Srí Lanka ósáttur við blóðbaðið:

# Fordæmir aðfarir stjórnarhersins

**SRÍ LANKA, AP** Sameinuðu þjóðirnar fordæma dráp á almennum borgurum á átakasvæðum stjórnarhersins og uppreisnarsveita Tamíla á norðanverðri eyjunni.

Stjórnarherinn hefur í þrjá sólarhringa varpað sprengjum linnulaust á svæðið. Talsmenn hersins viðurkenna það þó ekki opinberlega. Í gær lenti ein sprengjan á bráðabirgðasjúkrahúsi, því eina sem enn er starfandi á átakasvæðinu. 49 manns létu lífið og um 50 særðust. Þetta er í annað sinn í þessum mánuði sem sprengjur lenda á sjúkraskýli.

V. Shanmugarajah, læknir á vegum stjórnarinnar, segir að árásirnar um helgina hafi kostað þúsund Tamíla lífið, þar af 106 börn.

Sjálfboðaliðar unnu að því að grafa fjöldagrafir. Í hverja gröf voru sett fimmtíu til sextíu lík.

„Sameinuðu þjóðirnar hafa statt og stöðugt varað við þessu blóðbaði,“ sagði Gordon Weiss, talsmaður SÞ. „Við höfum fylgst með því að mannfall hefur jafnt og þétt aukist meðal almennra borgara undanfarna mánuði.“

Á að giska 50.000 óbreyttir borgarar eru enn innikróaðir á landræmu við ströndina, þar sem stjórnarherinn situr um síðustu bardagasveitir Tamílatrígra sem enn hafa ekki gefist upp. **- gb/aa**

Þúsundir smitaðar áður en faraldurinn uppgötvaðist:

# Svínaflensan breiðist út en færri deyja

**MEXÍKÓ, AP** Staðfest var í gær að svínaflensuveiran hefði breiðst út til enn fleiri landa. Jafnframt greindu vísindamenn frá því að um 23.000 manns kunni að hafa smitast í Mexíkó einu af hinu nýja, skæða inflúensuveiruafbrigði sem veldur faraldrinum, áður en menn gerðu sér grein fyrir að um slíkan faraldur væri að ræða.

Fídel Castro, fyrrverandi Kúbuleiðtogi, sakaði í gær ráðamenn í Mexíkó um að hafa stungið vitneskju um faraldurinn undir stól uns heimsókn Baracks Obama Bandaríkjaforseta til landsins í síðasta mánuði var að baki.

Jose Cordova, heilbrigðisráðherra Mexíkó, sagði hins vegar að sú ákvörðun að loka öllum skólum í landinu hefði komið í veg fyrir útbreiðslu veikinnar. Skólar voru opnaðir á ný í flestum fylkja landsins á mánudag.



**SKÓLAR OPNA Á NÝ** Börn með andlitsgrímur til sóttvarna í barnaskóla í Mexíkóborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirvöld í Taílandi og Finnlandi tilkynntu í gær fyrstu staðfestu svínaflensutilfellin. Er þar um að ræða fólk sem nýkomið var frá Mexíkó. Þá staðfestu kínversk og kúbversk stjórnvöld fyrstu tilfellin í sinni lögsögu, en þau höfðu gripið til róttækra varnarráðstafana til að minnka líkur á að smit bærist inn fyrir landamærin. **- aa**




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aðildarstefna og efnahagsstefna:

## Auðnubótin

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Útlit er fyrir að tillaga um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði flutt sem stjórnartillaga. Eftir réttum stjórnskipunarreglum felur það í sér að ríkisstjórnin öll ber stjórnskipulega ábyrgð á tillögunni, þar á meðal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherrann.

Í byrjun var sagt frá málinu á þann veg að skilja mátti að tillagan yrði flutt sem þingmannamál utanríkisráðherra án skuldbindingar allrar ríkisstjórnarinnar. Sá háttur um málsmeðferð að flytja stjórnartillögu bendir til að víðtækari stuðningur sé við málið í liði ríkisstjórnarinnar en ráða mátti af fyrstu frásögnum.

Kosningaúrslitin höfðu í för með sér að möguleikar VG til að seinka framgangi málsins veiktust. Eins og Alþýðubandalagið áður hefur VG verið reiðubúið til að taka stjórnskipulega ábyrgð á veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu og gerir það. Ýmislegt bendir til að eins geti farið með afstöðuna til Evrópusambandsins. Evrópusambandsandstaðan yrði þá aðeins virk á lokuðum flokksfundum en flokkurinn axlaði í reynd stjórnskipulega ábyrgð á nýrri stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu.

Eftir því sem samstaða um aðildarumsókn verður breiðari á Alþingi og nýtur meiri stuðnings í samfélaginu því sterkari stöðu mun Ísland hafa í samningum um sérstaka hagsmuni sína. Þetta er mikilvægt að hafa hugfast þegar fyrstu skrefin eru stigin.

Í annan stað er brýnt að stefna ríkisstjórnarinnar samræmist sem best þeim markmiðum sem að er keppt með aðildinni hvort heldur litið er til viðfangsefna á sviði efnahagsstjórnar eða í utanríkismálum. Aðildin þýðir einfaldlega viðurkenningu á að ákveðin grundvallarviðhorf frjálsræðis eru þjóðinni til auðnubóta.

Þegar horft er á stjórnarsáttmálann verður strax ljóst að óskynsamlegt er að svipta útgerðir veiðiheimildum á sama tíma og innleiða á sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. Það dregur úr líkum á sátt um framgang málsins alveg óháð því hvort menn eru hlynntir eða andvígir sviptingarstefnunni.

Víst er að heildarhagsmunir þjóðarinnar af Evrópusambandsaðild eru meiri en af sviptingarstefnunni. Hún er svo aftur þyngri róður fyrir sjávarútveginn en sameiginlega fiskveiðistefnan. Ef stjórnarflokkarnir meina eitthvað með sáttum um framgang aðildarumsóknarinnar þurfa þeir að sýna það í verki. Á þessu sviði ætti hagsmunamatið að vera auðvelt.

Annað dæmi úr stjórnarsáttmálanum sem stríðir gegn aðildarstefnunni eru áform um að skattleggja útflutning á fiski. Tollfrjáls viðskipti eru mikilvægustu hagsmunir sjávarútvegsins. Skattlagningin vinnur gegn þeim grundvallarreglum sem þjóðin ætlar að semja sig að með aðild.

Við endurreisn bankakerfisins verður að hafa í huga að áframhaldandi ríkisrekstur þeirra mun vegna stöðu ríkissjóðs hafa í för með sér að þeir geta ekki veitt samkeppnishæf lán á næstu árum. Án þess verður lítið úr endurreisn atvinnulífsins. Ef við ætlum að njóta ávaxta Evrópusambandsaðildar í peningamálum er mikilvægt að skýr stefna sé mörkuð samhliða um einkavæðingu og erlenda eignaraðild að bönkunum.

Evrópusambandsaðildin er mikilvæg. Hún er hins vegar ekki sjálfkrafa lækning. Á öllu veltur því að stjórnarstefnan að öðru leyti eyði ekki þeirri auðnubót sem hafa má af aðild. Ríkisstjórnin öll þarf að laga sig að þessum veruleika strax í upphafi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hrámeti

Eftir að erlend samkeppni fór að velgja íslenskum bændum undir uggum í skjóli EES-samningsins bar svo við að smám saman var hætt að tala um ófrystar og óunnar kjötvörur sem ferskar, heldur var byrjað að kalla þær hráar. Þetta þjónar hagnýtum tilgangi í orðræðunni, enda er hrátt kjöt frá útlöndum síður til þess fallið að örva munnkirtla neytenda en ferskt kjöt. (Af sömu ástæðu má líka teljast ólíklegt að eigendur kjötvinnslunnar Ferskar kjötvörur komi til með að breyta nafni fyrirtækisins í Hráar matvörur á næstunni.)



### Ferskmeti

Nú eru útgerðarmenn með böggum hildar vegna áhuga ríkisstjórnarinnar á að kanna skattlagningu á óunnum fiski til að knýja frekari fullvinnslu hérlendis. Í Fréttablaðinu í gær lýstu formenn Sjómannasambandsins og LÍÚ ótta um að þetta gæti orðið til þess að „ferskfiskmarkaðir“ tapist. Ferskfisksmarkaðir, takið eftir, ekki hráfiskmarkaðir.

### Hrátt inn, ferskt út

Ísland virðist því vera þeim heillandi og allt að því yfirnáttúrulega kosti gætt að þegar ófryst og óunnin matvara er flutt inn í landið er hún hrá, en þegar hún er flutt út úr landi er hún fersk. Er ekki hægt að markaðssetja þetta einhvern veginn?

**bergsteinn@frettabladid.is**



# Dagur pilsins



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Í bíó

Fyrir nokkru heyrði ég þau tíðindi að í framhaldsskólum í úthverfum Parísar mættu námsmeyjar aldrei í pilsum, því ef þær gerðu það mættu þær búast við því að ástkærir skólabræður þeirra kölluðu þær pútur, eða veldu þeim einhver önnur ónefni sömu merkingar, og létu þeim oft á tíðum fylgja hvimleiðar handayfirlagningar, þukl og pot. Því ættu námsmeyjarnar ekki annarra kosta völ en klæðast rammgerðum gallabuxum. Þessi tíðindi þóttu mér svo ótrúleg að ég lét segja mér þau þrisvar, en ég varð að beygja mig fyrir staðreyndunum.

Þessi klæðaburður kemur nú mjög við sögu í nýrri franskri kvikmynd, sem nefnist einmitt „Dagur pilsins“, og er harla umtöluð þessa daga. Hún gerist í framhaldsskóla í einhverju úthverfi, og hefst á því að kennslukona er að fara með nemendur sína í sérstaka kennslustofu með leiksviði til að tala um Molière. Það væri hóflega til orða tekið að segja að unglingarnir láti ekki að stjórn, þeir eru í einu orði sagt trítilóðir, slást, hrinda hver öðrum, ræna gemsum hver frá öðrum, hella samtvinnuðum svívirðingum og klámi yfir allt og alla, einkum kennslukonuna, og hlýða engu sem hún segir. Þeir láta eins og þeir séu einir í sínum heimi, þeir tala alveg sérstakt mál með mjög sterkum erlendum hreim og sérstökum orðum, m.a. „öfugmælum“ svokölluðum sem byggjast á því að orðunum er snúið við, síðasti stafurinn verður fyrstur o.s.frv., og jafnframt sinna þeir engu nema sinni eigin sýslan. Allt þetta er á útjaðri þess að vera skiljanlegt. „En svona er þetta, nákvæmlega“, sagði mér kennari sem hefur mikla reynslu af skólum í úthverfum.

Kennslukonan getur ekki haldið upp neinni kennslu, hún er ráðvillt og veit varla hvert hún á að snúa sér. En athygli hennar beinist að tveimur nemendum sem eru að pukrast með einhverja tösku, og til að gera eitthvað fer hún að áminna þá, grípur þá í töskuna en hinir halda undarlega fast á móti, og í þessum sviptingum dettur innihaldið á gólfið: það er all gerðarleg skammbyssa. Nemendurnir tveir vilja nú endurheimta hólkinn í miklu fáti, en kennslukonan nær í hann á undan og mundar honum að þeim til að halda þeim í hæfilegri fjarlægð. Skot hlaupa af, nokkrir nemendur forða sér út, aðrir sitja inni og einn særist lítilsháttar.

En nú er allt breytt. Kennslukonan beinir byssunni að dauðskelfdum nemendunum og þá fær hún loksins frið til að tala um Molière. Aðeins einn er þrjóskur. „Hvað hét Molière réttu nafni?“ Nemandinn vill ekki svara og segir aðeins: „Ég gef skít í það, ég ætla að verða fótboltamaður.“ En þegar hann finnur ískalt byssuhlaupið á enninu, stynur hann loksins upp „Jean-Baptiste Poquelin“. „Þarna sérðu,“ segir kennslukonan háðslega, „þú getur lært.“

Fyrir utan kennslustofuna er víkingasveit lögreglunnar mætt, og jafnvel sjálfur menntamálaráðherrann, kona allþurr á manninn í svo þröngum buxum að nær útlínunum verður varla komist, en menn eiga erfitt með að átta sig á því sem er að gerast. Skólastjórinn reynir eftir megni að koma af sér ábyrgð, og segir að kennslukonan hafi jafnan sýnt einþykkni: „Hún kemur til kennslunnar pilsklædd.“ Lögreglan reynir að fara samningaleiðina.

Inni í stofunni eys kennslukonan nú úr skálum reiði sinnar yfir nemendurna, einkum piltana, sem eru allir múhameðstrúar. Margt kemur nú í ljós, einn þeirra hafði t.d. tekið mynd á gemsa meðan einni námsmeynni var nauðgað, og kennslukonan sýnir þeim fram á að trúarbrögð þeirra séu aðeins skálkaskjól fyrir yfirgang, taumlaust ofbeldi og kvenfyrirlitningu, „eða hvers vegna haldiði að stúlkurnar þori ekki að koma í skólann í pilsum?“ Og hún segir að þeir ásaki aðra um kynþáttahatur, en séu mestu kynþáttahatararnir sjálfir. Síðan hundskammar hún þá fyrir að hafna þeirri menntun sem skólarnir bjóði þeim, og sé besta leiðin til að komast upp úr eymdinni. Hún talar af reynslu, undir lokin kemur í ljós að hún er sjálf af norður-afrískum uppruna.

Þegar lögreglan spyr hvaða kröfur hún geri til að leysa nemendur úr haldi, vill hún fá að tala við fréttamenn, og svo heimtar hún að menntamálaráðherra gefi yfirlýsingu í sjónvarpinu um að einn dagur á ári verði „dagur pilsins“ í skólum, þá skuli allar námsmeyjar mæta í slíkum klæðum. Ráðherrann bregst ókvæða við: „Það tók konur óralanga baráttu að fá að klæðast buxum …“

Í hlutverki kennslukonunnar er ein glæsilegasta leikkona Frakklands, Isabelle Adjani, og er ekki ofsagt að hún beri myndina uppi, ekki síst þegar atburðarásin snýst að lokum upp í blóðugan harmleik. Fram að því hlógu áhorfendur mikið þegar ég sá myndina. Þeim virtist falla vel í geð, hvernig þarna var tekið á vandamálum þessara skóla.

# Ný stjórn VR, staða og sjónarhóll

**UMRÆÐAN**

Kristinn Jóhannesson skrifar um VR



KRISTINN ÖRN JÓHANNESSON

Ég vil byrja á að þakka Birgi Má Guðmundssyni fyrir grein hans í Fréttablaðinu 11. maí. Hins vegar furða ég mig á að hann hafi ekki haft samband beint við mig enda hef ég ítrekað hvatt hann til að starfa áfram fyrir félagið þrátt fyrir að hafa ekki náð kjöri í stjórn VR í fyrstu almennu kosningum félagsins sem fram fóru í mars.

Í grein Birgis koma því miður fram ýmsar rangfærslur sem rétt er að leiðrétta. Í síðustu viku bárust okkur hjá VR tölur um að 40% atvinnulausra í öllum stéttarfélögum kysu að greiða ekki félagsgjöld við atvinnuleysisskráningu. Við hjá VR brugðumst strax við þessum fréttum þó að sem betur hafi „aðeins“ 8% atvinnulausra félagsmanna VR kosið að greiða ekki félagsgjald. Það er okkur samt mikið áhyggjuefni. Þess vegna birtum við samdægurs frétt á vef félagsins, og sendum fjölmiðlum fréttatilkynningu, þar sem m.a. er bent á að við veikindi fellur rétturinn til atvinnuleysisbóta niður en með félagsaðild eru félagsmönnum tryggð 80% af launum eða atvinnuleysisbótum. Þeir sem ekki eru félagsmenn eiga einungis rétt á bótum frá Tryggingastofnun sem eru talsvert lægri. Einnig höfum við sent til atvinnulausra félagsmanna áréttingu um hvaða réttindi þeir hafa með aðild að VR og hvaða réttindi þeir missa kjósi þeir að greiða ekki félagsgjöld.

Ný stjórn VR tók við eftir aðalfund 2. apríl sl. og ég tók til starfa daginn eftir. Í nýju stjórninni sitja sjö stjórnarmenn seinni hluta kjörtímabils síns og sjö nýir ásamt formanni. Vegna páskaleyfa hef ég því aðeins starfað 21 dag á skrifstofu félagsins. Í kosningunum kusu 27% félagsmanna en ekki 10% eins og Birgir heldur fram. Síðustu fimm árin þar á undan hafa aðeins um 0,9% félagsmanna komið að kosningum í trúnaðarstörf félagsins.

Ég get fullvissað Birgi Má og aðra félagsmenn um að VR mun standa vörð um hag félagsmanna og sú varðstaða mun ekki fara fram í kyrrþey. Ég stend einnig við það sem ég hef sagt við Birgi Má áður, að ég mun gera mitt til þess að finna kröftum hans og annarra sem áhuga hafa á að starfa fyrir hagsmuni félagsins. Um þá hagsmuni getum við sameinast.

*Höfundur er formaður VR.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Innréttingar í öll herbergi hússins

til afgreiðslu af lager

EKKI BARA AFSLÁTTUR einnig óbreytt grunnverð !

*- glæsileg og vönduð vara*

*eitt hagstæðasta verð á markaðnum*

## ELDHÚS

*Innifalið í öllum innréttingum* BLUM *mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum*



25% afsláttur

*DUCAL ljós eik*



35% afsláttur

HORIZONTAL
Amerísk hnota spónlögð

Verð kr. **351.950,-** með afslætti

Verð kr. **483.850,-** með afslætti

## FATASKÁPAR

*Fataskápar í breiddum: 40, 50, 80 og 100 sm | hæð 240 sm*



*Ljós eik*



*Háglans - sprautulakkaður*

Verð frá **37.890,-** stgr.



30% afsláttur

*LINE*
*Hvítt háglans sprautulakkað*

Verð kr. **806.300,-** með afslætti

## BAÐINNRÉTTINGAR

til afgreiðslu af lager



3 stærðir

VERÐ FRÁ: **24.900.- stgr.**

VERÐ ÁÐUR kr. 53,791.-

*WLU 600 - 900*
*Stærðir:*
***60x48 sm***
***70x48 sm***
***90x48 sm***

*Innifalið í verði er skúffuskápur m/ mjúklokun, borðplata, höldur og ljóskappi*

EKKI INNIFALIÐ Í VERÐI: HANDLAUG, SPEGILL, BLÖNDUNARTÆKI, LJÓS OG TAPPASETT



*WLU 147*
*Speglaskápur, handlaug og skúffuskápur með mjúklokun*

Verð kr. **54.800,-** stgr

## ÞVOTTAHÚS

innréttingar

35% afsláttur á þvottahúsa innréttingum



*hvít háglans*

*ölur*

Verð **59.800,-** stgr. *áður 91.990,-*

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**DENNIS RODMAN ER 48 ÁRA Í DAG**

*„Ég hef ekki séð föður minn í meira en þrjátíu ár, svo hvers er að sakna? Ég sé þetta svona: Einhver maður kom mér í heiminn. Það þýðir ekki að ég eigi föður.“*

***Körfuboltahetjan Dennis Keith Rodman átti dapra barnæsku. Hann gekk undir ýmsum viðurnefnum, meðal annars Ógnvaldurinn Dennis og Ormurinn. Í NBA-deildinni spilaði hann fyrir Detroit Pistons, San Antonio Spurs, Chicago Bulls, Los Angeles Lakers og Dallas Mavericks.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. MAÍ 1981

## *Tilraun gerð til að myrða páfa*

Það var á þessum degi fyrir 28 árum sem tilraun var gerð til að myrða Jóhannes Pál páfa II. á Péturstorginu í Róm. Tilræðismaðurinn, Tyrkinn Mehmet Ali Agca, var meðlimur í tyrknesku fasistahreyfingunni Gráu úlfarnir. Hann skaut páfa nokkrum skotum í magann.

Mehmet þessum mistókst ætlunarverk sitt og páfi lifði. Síðan hefur Mehmet eytt flestum dögum sínum á bak við lás og slá. Hann sat í fangelsi á Ítalíu í nítján ár vegna tilræðisins. Þangað heimsótti Jóhannes Páll hann jólin 1983 og ræddu þeir saman einslega í tuttugu mínútur. Eftir afplánun á Ítalíu var Mehmet færður í fangelsi í Tyrklandi, þar sem hann afplánaði dóm vegna morðs á ritstjóra vinstrisinnaðs dagblaðs. Hann var látinn laus 12. janúar 2006 en var handtekinn aftur átta dögum síðar á þeim grundvelli að ekki væri hægt að draga fangelsisdvöl hans á Ítalíu frá afplánun í Tyrklandi.



Jóhannes Páll páfi II. lifði lengi eftir tilræðið. Hann lést 2. apríl árið 2005, á 85. aldursári. Hann hafði þá setið í stóli páfa í 27 ár, næstlengst allra páfa.

## MERKISATBURÐIR

**1776** Konungur gefur út tilskipun um póstferðir á Íslandi, en slíkar ferðir hefjast þó ekki fyrr en 1782.

**1934** Dettifossslagurinn á Siglufirði, sem er hörð viðureign verkfallsmanna og andstæðinga þeirra vegna afgreiðslubanns á skip Eimskipafélags Íslands. Hæstiréttur fellir dóm gegn verkfallsmönnum 1937.

**1947** Sauðárkrókur verður með lögum kaupstaður.

**1966** Íslenska ríkið kaupir Skaftafell í Öræfum undir þjóðgarð sem er opnaður tveimur árum síðar. Jörðin er eitt prósent alls Íslands.

**2007** Manchester United fær níunda bikar sinn í ensku úrvalsdeildinni.

AÐSTANDENDUR ALZHEIMERSJÚKLINGA: HALDA OPINN AÐALFUND Í DAG

# Nauðsyn að fjölga úrræðum

„Það er ekki það versta sem fyrir mann getur komið að fá heilabilun. Það versta sem fyrir mann getur komið er að fá heilabilun og vera umkringdur fólki sem veit ekki hvað það á að gera,“ segir Svava Aradóttir, nýlega kjörinn framkvæmdastjóri Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma (FAAS). Ýmislegt er á döfinni á vettvangi félagsins. Í kvöld klukkan 20 verður til að mynda aðalfundur þess haldinn í húsnæði Vistor hf. í Hörgatúni 2 í Garðabæ. Hann er opinn öllum áhugasömum.

„Þú ert sama manneskjan hvort sem þú færð heilabilun eða ekki. Það er svo mikilvægt að einhver haldi utan um þig, svo þú týnist ekki í ferlinu. Það þarf ekki að gerast,“ segir Svava.

Markmið FAAS er að gæta hagsmuna fólks með heilabilun og aðstandenda þeirra. Það er yfirgripsmikið verkefni sem snýr að mörgu, allt frá því að berjast fyrir bættum aðbúnaði til útgáfu og dreifingar fræðsluefnis. Lögð er áhersla á að auka þekkingu og skilning á heilabilunarsjúkdómum í þjóðfélaginu, bæði hjá þeim sem hlut eiga að máli, almenningi og ekki síst stjórnvöldum. „Það hefur gífurlega margt gerst í þessum málaflokki á tiltölulega fáum árum. Ekki síst þegar litið er á þekkingu og skilning á einkennum sjúkdómsins. En það má alltaf gera betur,“ segir Svava.

Eitt þeirra baráttumála sem nú er unnið að á vettvangi samtakanna er að úrræðum verði fjölgað og kerfið gert sveigjanlegra. „Dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun þarf til dæmis að verða algengari. Við rekum nú þrjár slíkar á höfuðborgarsvæðinu. Fleiri en við bjóða dagþjálfun, nýverið var til dæmis opnuð á Selfossi fyrsta dagþjálfunin sem eingöngu er ætluð fólki með heilabilun utan Reykjavíkursvæðisins. En það komast ekki allir sem þurfa í dagþjálfun. Það þarf fleiri úrræði, meiri möguleika og meira val.“

Hún nefnir að hvíldarinnlögnum þurfi líka að fjölga. Mikið mæði á aðstandendum fólks með heilabilanir sem oft eru sjálfir orðnir gamlir eða veikir. „Það er ekki auðvelt að vita hvernig á að sinna fólki sem ef til vill veit ekki lengur hvernig á að nota einfalda hluti, eins og glas. Það er nauðsynlegt að þeir sem umgangast þessa sjúklinga veiti þeim öryggi og haldi þeim saman sem persónu, þrátt fyrir skerðinguna. Þekking og persónuleg færni eru nauðsynlegir þættir í fari umönnunaraðila til að aðstoða fólk við að lifa merkingarbæru lífi.“

Svava segir gríðarlega mikilvægt að félag eins og FAAS sé sterkt, ekki síst til að það geti með góðu móti hjálpað aðstandendum. Til þess að svo geti verið þurfi sem flestir að skrá sig í félagið. Lesa má allt um það á heimasíðunni www.alzheimer.is. „Við erum alltaf til ráðgjafar,“ segir Svava. „Fólki er frjálst að hringja í okkur og leita eftir ráðgjöf eða upplýsingum.“

**holmfridur@frettabladid.is**



**SVAVA ARADÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI FAAS** Það er ekki það versta sem fyrir mann getur komið að fá heilabilun, segir Svava. Það versta sé að fá heilabilun og vera umkringdur fólki sem veit ekki hvað það á að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Úlfar Jensson**

hárskerameistari, Mánatúni 4, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 5. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðmunda Matthíasdóttir**
**Rúnar Mölk** **Margrét Garðars Mölk**
**Örn Úlfarsson** **Kristbjörg Björnsdóttir**
**Sigrún Úlfarsdóttir** **Gunnar Maríusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Eiginmaður minn , faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Finnbogason**

frá Lágafelli, Gilsbakka 2, Hvolsvelli,

lést þriðjudaginn 5. maí. Útför hans verður gerð frá Krosskirkju Austur-Landeyjum laugardaginn 16. maí kl 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Guðrúnar á Lágafelli reikn.nr. 0182-15-370217 eða Dvalarheimilið Kirkjuhvol, Hvolsvelli.

**Auður Hermannsdóttir**
**Vilborg Magnúsdóttir** **Gunnar Hermannsson**
**Finnbogi Magnússon** **Þórey Pálsdóttir**
**Ragnhildur Magnúsdóttir** **Guðmundur Erlendsson**
**og barnabörn.**

---

†



*Við þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vinarþel við fráfall ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Hönnu Ingólfsdóttur Johannessen**

Reynimel 25A, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki kvennadeildar 21A á Landspítala fyrir einstaka umhyggju.

**Matthías Johannessen**
**Haraldur Johannessen** **Brynhildur Ingimundardóttir**
**Ingólfur Johannessen**
**Matthías H. Johannessen** **Saga Ómarsdóttir**
**Kristján H. Johannessen** **Lísa Margrét Sigurðardóttir**
**Anna H. Johannessen**
**Svava H. Johannessen**
**og barnabarnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kurt S. Sveinsson,**

Præstevejen 18, Fuglse, Danmark,

andaðist 6. maí 2009. Útför hefur farið fram.

**Áslaug Guðjónsdóttir Sveinsson og fjölskylda.**

---



†

*Móðir okkar,*

**Jóna S. Jónasdóttir**

Akralandi 1,

andaðist á Landakotsspítala sunnudaginn 10. maí síðastliðinn.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðni P. og Kristján Kristjánssynir.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þyri Eydal**

Gilsbakkavegi 7, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri að morgni föstudagsins 8. maí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. maí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar eru beðnir að láta Sjúkrahús Akureyrar njóta þess.

**Þyri Guðbjörg Björnsdóttir**
**Elinborg Björnsdóttir**
**Lars Erik Schilling**
**Anna María Schilling**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný G. Ólafsdóttir (Lóa)**

Hæðargarði 35,

er lést fimmtudaginn 7. maí, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 14. maí kl. 15.00.

**Hilmar Jónsson** **Jóhanna Gunnlaugsdóttir**
**Reynir Jónsson** **Kristín Sigurðardóttir**
**Stefán Úlfarsson** **Bjarklind Guðlaugsdóttir**
**Guðný Hrönn Úlfarsdóttir** **Heimir Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Græna prentsmiðjan
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 13. maí 2009 – 19. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir




Vikuleg vefráð
Að fá mikið fyrir lítið á Netinu
6



Afleiðingar verðbjóðnunar
Lækka verðtryggðu lánin
4-5

Joseph Stiglitz
Vor uppvakninganna
6



## Velta jókst í verslun

Velta í dagvöruverslun jókst um 1,1 prósent á föstu verðlagi í apríl miðað við sama mánuð í fyrra og um tæp 23 prósent á breytilegu verðlagi. Ekki hefur orðið raunaukning í veltu dagvöruverslunar á milli ára síðan um mitt síðasta ár.

Ástæðuna fyrir aukningunni nú má rekja til þess að í ár voru páskarnir í apríl en í fyrra voru þeir í mars, samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknasetri verslunarinnar.

Ef veltuvísitala dagvöruverslunar er leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum varð samdráttur í veltu um 5,9 prósent milli ára. Verð á dagvöru lækkaði um 0,9 prósent frá mars til apríl. Verð á dagvöru var hins vegar 21,4 prósentum hærra í apríl en á sama tíma í fyrra. - ghs

## Leitar fleiri samstarfsaðila

Íslenska fyrirtækið SecurStore ætlar að taka þátt í sýningunni Channel Expo 20.-21. maí. Alexander Eiríksson framkvæmdastjóri segir fyrirtækið taka þátt í sýningunni til að afla sér samstarfsaðila í Bretlandi. SecurStore býður fyrirtækjum afritun gagna yfir Netið með sérstakri tækni.

Channel Expo er eina sýningin í Bretlandi sem endursöluaðilar sækja til að leita sér að samstarfsaðila. Endursöluaðilar SecurStore þar er nú um þrjátíu. - ghs

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Olíuverðið hækkar |** Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór í tæpa 60 dali á tunnu fyrri part dags í gær. Það hefur ekki verið hærra síðan í nóvember í fyrra. Hæst fór olíuverðið í rúma 147 dali á tunnu í júlí í fyrra.



**Öldungur tapar fé |** Berkshire Hathaway, fjárfestingarfélagið sem Warren Buffett hefur stýrt í rúm fjörutíu ár, tapaði 1,5 milljörðum Bandaríkjadala á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta jafngildir tæpum 190 milljörðum króna. Fyrirtækið hefur ekki skilað tapi síðan 2001.

**Tapa vegna Íslands |** Þrettán fasteignasjóðir í Bretlandi töpuðu 195 milljónum punda, jafnvirði 37 milljörðum króna, vegna hruns íslensku bankanna í fyrrahaust, samkvæmt úttekt breska blaðsins Daily Mail um stöðu sjóðanna.

**Kreppa í Lettlandi |** Hagvöxtur í Lettlandi dróst saman um átján prósent á fyrsta ársfjórðungi, samkvæmt tölum sem birtar voru í fyrradag. Þetta er þó ekki jafn slæmt og í kreppunni sem reið yfir landið í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar.

# Stofnfjáreigendur Byrs óttast gjaldþrot

Stór hluti stofnfjáreigenda Byrs veit ekki hvað tekur við á erfiðum gjalddaga á tugmilljarðaláni við Íslandsbanka í næsta mánuði. Margir eru ófærir um að borga.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Margir smærri stofnfjáreigenda Byrs sparisjóðs eru að sligast vegna skuldabagga í kjölfar stofnfjáraukningar sparisjóðsins í desember 2007 og horfa örvæntingarfullir fram á veginn. Sumir sjá fátt annað fram undan en gjaldþrot.

Gjalddagi er í næsta mánuði á lánum sem stofnfjáreigendur Byrs tóku við stofnfjáraukningu sparisjóðsins í desember 2007. Aukningin hljóðaði upp á 26,2 milljarða króna og var fjármögnuð að stærstum hluta af Glitni (nú Íslandsbanka) með veði í stofnfjárbréfum stofnfjáreigenda.

Stofnfjáreigendur Byrs, sem bæði koma frá Sparisjóði Hafnarfjarðar, Sparisjóði vélstjóra og Sparisjóði Kópavogs, eru 1.500 talsins og tóku flestir lán fyrir nýju stofnfé. Hluti stofnfjáreigenda tók lán í íslenskum krónum, sumir tóku blöndu myntkörfulána á meðan aðrir tóku eingöngu erlend lán.

Þeir sem áttu þess kost að fjármagna stofnfjáraukninguna eftir öðrum leiðum, svo sem með veði í fasteignum sínum, standa betur. Þeir eru engu að síður óttaslegnir, samkvæmt heimildum Markaðarins. Óvíst er með verðmæti eignarhluta stofnfjáreigenda Byrs í dag.

Stærstu stofnfjáreigendurnir, svo sem Magnús Ármann, þá umsvifamesti stofnfjáreigandi Byrs, og aðrir honum tengdir beint og óbeint, fjármögnuðu stofnfjáraukninguna að öllu leyti með lánum og geymdu skuldbindingar sínar í eignarhaldsfélögum. Smærri stofnfjáreigendur fjármögnuðu kaupin í eigin nafni og fjölskyldu sinnar og falla lánin á viðkomandi á gjaldaga.

Byr greiddi stofnfjáreigendum 13,5 milljarða króna arð vorið 2008 vegna góðrar afkomu sparisjóðsins árið áður og nýttist arðgreiðslan til niðurgreiðslu á lánunum. Þeir stofnfjáreigendur sem Markaðurinn hefur rætt við vita ekki hvað tekur við. Þeir sem fjármögnuðu aukninguna með láni Glitnis á sínum tíma standa verst og óttast nokkrir að Íslandsbanki, sem tók yfir innlenda starfsemi Glitnis í fyrrahaust, taki Byrs-hlutina með veðkalli og skilji stofnfjáreigendur eftir með skuldabagga á bakinu. Markaðurinn hefur rætt við stofnfjáreiganda sem tók tuttugu milljóna króna lán vegna stofnfjáraukningarinnar. Þótt arðgreiðslan hafi verið nýtt til að greiða inn á það fyrir ári hljóðar skuldin í dag upp á 28 milljónir króna.

„Það eru margir uggandi um sína stöðu," segir Sveinn Margeirsson, einn þeirra sem fer fyrir hópi stofnfjáreigenda og annarra velunnara sparisjóðsins sem ákveðið hefur að bjóða sig fram til forystustarfa í sparisjóðnum á aðalfundi hans í dag. Í hópnum eru meðal annars Hörður Arnarson, fyrrverandi forstjóri Marel Food Systems.

Framboðið á rætur sínar að rekja til rannsóknar Sveins og eiginkonu hans á viðskiptum með stofnfjárhluti í Byr eftir hrun bankakerfisins og afkomu sjóðsins í fyrra. „Þetta er fyrst og fremst réttlætismál enda margir stofnfjáreigenda eldra fólk sem var platað til að skuldsetja sig á sínum tíma," segir Sveinn.


Evru posi – aukin þjónusta við erlenda ferðamenn

Við bjóðum viðskiptavinum okkar sérstaka posa fyrir erlend MasterCard og VISA kort. Þannig geta þeir selt vöru eða þjónustu til erlendra ferðamanna í evrum og valið um að fá uppgjörið í evrum eða íslenskum krónum.






BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON JCB Diners Club International

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -7,9% | -31,0% |
| Bakkavör | 77,2% | -9,6% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -20,0% |
| Föroya Bank | 1,7% | -1,2% |
| Icelandair | 0,00% | -66,2% |
| Marel | 20,4% | -24,2% |
| Össur | 6,9% | 2,3% |

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.
Úrvalsvísitalan OMXI15 256
Úrvalsvísitalan OMXI6 694
*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Sprotafyrirtæki verða að hugsa stórt

„Þeir sem eru með góðar hugmyndir geta týnst í stoðumhverfi sprotafyrirtækjanna. Mig sundlaði þegar ég gerði mér grein fyrir umfanginu," segir Rúnar Ómarsson, einn stofnenda fatahönnunarfyrirtækisins Nikita.

Rúnar hélt erindi og tók þátt í pallborðsumræðum ásamt þremur öðrum frumkvöðlum á evrópsku fyrirtækjavikunni, SME Week ‘09, sem haldin var í gær. Þetta var fyrsta heildstæða kynning á stuðningsumhverfi nýsköpunar sem haldin hefur verið hér.

Um 230 manns tóku þátt í kynningunni, sem var langt umfram væntingar skipuleggjenda, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannís, Útflutningsráðs og Samtaka iðnaðarins.

Fram kom í erindum flestra að nýsköpunar- og sprotafyrirtæki verði að gera sér grein fyrir því snemma að heimamarkaðurinn sé of lítill og verði að sækja út fyrir landsteina eigi fyrirtæki að eiga möguleika á að dafna. **- jab**



**FJÖGUR Í PALLBORÐI** Forsvarsmenn fjögurra sprotafyrirtækja voru sammála um að hugsa verði út fyrir landsteina. MARKAÐURINN/GVA

# Margir skoða Te & kaffi

„Já, nokkuð margir hafa hringt og sýnt hlutnum áhuga," segir lögmaðurinn Sigurmar K. Albertsson. „Þetta er fólk úr verslunarrekstri."

Lögmannastofa Sigurmars auglýsti þrjátíu prósenta hlut í versluninni Te & kaffi, sem áður var í eigu Pennans, til sölu um helgina.

Hjónin Berglind Guðbrandsdóttir og Sigmundur Dýrfjörð, sem stofnuðu fyrirtækið árið 1984, eiga enn 70 prósent í fyrirtækinu og hafa frá upphafi stýrt daglegum rekstri þess. **- jab**

# Uppgjör Alfesca viðunandi

Alfesca tapaði 300 þúsund evrum, jafnvirði rúmlega 51 milljónar króna á síðasta ársfjórðungi, sem er sá þriðji í bókum félagsins.



**FORSTJÓRINN XAVIER GOVARE**

Gengismunur og fjárfestingar í tengslum við endurskipulagningu félagsins hefur áhrif. Stjórnendur segja uppgjör þetta viðunandi árangur miðað við markaðsaðstæður.

Nettósala nam 118,3 milljónum evra á fjórðungnum, sem er 3,6 prósenta samdráttur á milli ára.

Sala samstæðunnar leið fyrir áframhaldandi efnahagskreppu, erfitt neytendaumhverfi, óhagstæðar breytingar á gengi gjaldmiðla og hátt hráefnisverð á laxi.

Fjárhagsleg staða félagsins er áfram sterk en eiginfjárhlutfall félagsins nam 43 prósentum í lok fjórðungsins. **- jab**

# Markaður með einkaþotur lifnar við

„Markaðurinn er krítískur, en hann er allur að koma til aftur. Þetta er ekki jafn bagalegt og á tímabili," segir Jón Þór Hjaltason, stjórnarmaður Nordic Partners, móðurfélags IceJet, sem rekur fimm Dornier 328-einkaþotur og leigir til auðugra einstaklinga og fyrirtækja.

Samkvæmt upplýsingum evrópskra flugmálayfirvalda dróst einkaþotuflug saman um tæp tuttugu prósent í Evrópu á fyrsta ársfjórðungi á milli ára, að sögn Reuters-fréttastofunnar í gær. Þar er því bætt við að líf sé aftur að færast í markaðinn með einkaþotur.

Jón var í gær staddur á EBACE-sölusýningunni í Genf í Sviss, þeirri stærstu í Evrópu. Þar sýna framleiðendur einkaþota og flugfélög vélar sínar.

Á sýningunni eru sjötíu einkaþotur, þar af ein frá IceJet. „Við erum með aðra suður í Þýskalandi," segir Jón Þór. Verðmiði á vélar IceJet eru sex til tíu milljón dollarar. Það jafngildir 750 til tæplega 1,3 milljarða króna.

Nýjar vélar fara á 25 til 30 milljónir dala.

IceJet hóf einkaþotuútgerðina fyrir þremur árum og fram á haustið 2007 en þá var megnið af starfseminni flutt til meginlands Evrópu. Félagið gerir nú út frá Bretlandi,



**EIN VÉLA ICEJET.**

# Tenging við Ísland hamlar viðskiptum

## Flugvélamiðlunin Avion Aircraft Trading lætur dótturfélag á Írlandi annast ný viðskipti að mestu. Undanþága frá gjaldeyrishömlum gerir að reksturinn er ekki alveg fluttur.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

„Ef lagt er út í ný viðskipti, eða við fyrirtæki sem ekki þekkja til okkar, þá getur tengingin við Ísland truflað vegna orðspors landsins. Traustið er ekkert," segir Hafþór Hilmarsson, starfandi stjórnarformaður Avion Aircraft Trading (AAT). Orðróm um að félag hans sé flutt úr landi segir hann hins vegar orðum aukinn.

„Á Írlandi eigum við dótturfélag, sem aftur á tvær flugvélar," segir hann, en bætir um leið við að AAT noti nú írska dótturfélagið þegar kemur að nýjum viðskiptum. AAT, sem annast kaup, sölu og leigu fraktflugvéla, var áður hluti af Avion Group, en er nú í eigu Arctic Partners.

AAT fellur undir skilgreiningar Seðlabankans um undanþágu frá lögum um gjaldeyrishöft, enda bæði með meirihluta tekna og gjalda í erlendri mynt.

Hafþór segir félagið því ekki hyggja á flutning starfsumhverfisins vegna, en hefði félagið ekki fengið undanþágu frá lögunum er ljóst að það hefði ekki getað haldið starfseminni áfram hér á landi. Hann segir hins vegar lítið traust í alþjóðaviðskiptum og ljóst að ekki hjálpi til að segjast koma frá Íslandi í samskiptum við fyrirtæki eða fjármálastofnanir sem fyrirtækið hafi ekki átt í samskiptum við áður. „Þá er betra að nota írska dótturfélagið."

Markaðurinn hefur hins vegar heimildir fyrir því að önnur smærri fyrirtæki sem ekki hafa fengið undanþágu frá gjaldeyrislögunum séu sum hver að hugsa sér til hreyfings.

Nýlegt dæmi er um félag sem er með þjónustustarfsemi erlendis og ætlaði í hagræðingarskyni að kaupa litla íbúð í Lundúnum vegna tíðra ferða þangað. Gjaldeyrislögin gerðu hins vegar að verkum að fyrirtækið mátti ekki taka yfir lánin sem á íbúðinni hvíldu.



**HAFÞÓR HAFSTEINSSON**

Fyrirtæki í þessari stöðu, sem eru með erlenda starfsemi án þess þó að falla undir undanþáguákvæði gjaldeyrislaganna, horfa gjarnan til Írlands með mögulegan flutning í huga, þar sem aðbúnaður sé þar góður og skattaumhverfi hagkvæmt. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem nefnt er hér að ofan segir að þar á bæ séu menn langþreyttir á að mega ekki haga fjárfestingum eftir eigin höfði og vera meinað að stökkva á tækifæri sem upp kunna að koma á erlendri grundu.

Gjaldeyrishöftin voru lögleidd í lok nóvember og áttu samkvæmt laganna hljóðan að gilda í tvö ár, jafnlengi og samkomulag ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Seðlabankinn segir stefnt að því að afnema höftin í þrepum eftir því sem aðstæður leyfa.


Nú er **20% afsláttur**
af Lux útiljósum í maí

Í maí bjóðum við upp á lýsingaráðgjöf fyrir garðinn ....**þér að kostnaðarlausu**.
Sendu tölvupóst á radgjof@lumex.is og við gefum þér tíma hjá ráðgjöfum okkar.

Opið alla virka daga frá 9 - 18.

Lumex I Skipholti 37 I Sími 568 8388 I www.lumex.is

LUMEX




50 þúsund skattfrjálsir vinningar á árinu
www.das.is
6 stk.
BMW 318i
+ 5,2 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!
eða
5,2 milljónir
beint í vasann
+ 5,2 milljónir í hinn vasann
á tvöfaldan miða!
17 stk.
Vespa LX 125
+ 500 þúsund undir sætinu
á tvöfaldan miða!
eða
500 þúsund
beint í vasann
+ 500 þúsund í hinn vasann
á tvöfaldan miða!
dregið vikulega!
52 útdrættir á árinu!
60 milljónir á mánuði
Nýtt happdrættisár hefst í maí.
Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is
HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

# Verðhjöðnun lækkar verðtryggðu

**Spár gera ráð fyrir að verðhjöðnun verði líklega í íslensku efnahagslífi í byrjun næsta árs. Verðhjöðnun þykir yfirleitt ekki af hinu góða enda er langvarandi verðhjöðnun merki um djúpa efnahagskreppu. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* skoðaði fyrirbærið verðhjöðnun og komst að raun um að það jákvæðasta við verðhjöðnun væri helst að verðtryggð lán myndu lækka.**

Verðhjöðnun er fyrirbæri sem Íslendingar þekkja lítið enda hefur viðfangsefnið hér á landi frekar verið verðbólga en verðhjöðnun í gegnum tíðina. Þó hefur verið talað um verðhjöðnun milli mánaða síðustu vikur. Því er spurt: Hvað er verðhjöðnun? Hvaða áhrif hefur hún? Hvernig er hægt að berjast gegn henni? Leitast verður við að svara þessum spurningum í þessari grein.

Verðhjöðnun er neikvæð verðbólga eða viðvarandi lækkun almenns verðlags. Hún myndast þegar neytendur búast við að verð fari lækkandi og halda þess vegna að sér höndum í innkaupum. Verðhjöðnun dregur því mjög úr eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Langvarandi verðhjöðnun ber vott um stöðnun í hagkerfinu og sýnir að efnahagsástandið er erfitt.

Spár gera ráð fyrir því að tímabundin verðhjöðnun verði í íslensku efnahagslífi í byrjun næsta árs. Alþýðusambandið spáði verðhjöðnun í hagspá sinni strax í byrjun ársins án þess að nefna nokkrar tölur. Hugsanlegt er að verðhjöðnun verði áfram inni í hagspánni þegar hún verður endurnýjuð í lok þessa mánaðar. Það er þó ekkert víst og á bara eftir að koma í ljós. Þá gerir Seðlabankinn ráð fyrir verðhjöðnun í nýjustu spá sinni.



**Í VON UM LÆGRA VERÐ** Spár gera ráð fyrir að verðhjöðnun mælist í byrjun næsta árs og standi í tvo til þrjá mánuði. Verðhjöðnun hefur í för me dregst saman. Neytendur halda að sér höndum í von um að verð lækki enn frekar. Bagalegt er ef sú þróun dregst á langinn.

**FORSENDUR HAFA BREYST**

Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur hjá Alþýðusambandinu, býst við að tólf mánaða vísitalan fari rétt niður fyrir núll í byrjun næsta árs. Hún bendir á að Seðlabankinn geri ráð fyrir að verðbólgan verði -0,3 prósent á öðrum ársfjórðungi næsta árs og verðhjöðnunin standi í stuttan tíma, kannski tvo til þrjá mánuði.

Alþýðusambandið er að vinna að nýrri hagspá, sem verður kynnt síðar í þessum mánuði. Ingunn segir að forsendur hafi breyst nokkuð frá því í síðustu hagspá. „Við sjáum fram á aðeins verri niðurstöðu heldur en við vorum með þegar við gáfum út síðustu spá. Við höfum þó ekki áætlað nákvæmlega hversu mikið en við erum á fullu að vinna í þessu,“ segir hún.

Staðan á erlendum mörkuðum hefur breyst mikið frá því sem gert var ráð fyrir í síðustu hagspá ASÍ. Kreppan er dýpri á alþjóðamörkuðum. Ingunn segir að erlendar spár verði sífellt svartari. „Svo hefur ýmislegt verið að tefjast hjá okkur. Endurreisn bankanna hefur tekið lengri tíma og krónan hefur ekki styrkst eins hratt og mikið og við gerðum okkur vonir um. Það helst í hendur við endurreisn bankakerfisins og aðra þætti í efnahagslífinu. Í fljótu bragði eru það helst þessar forsendur sem hafa breyst,“ segir hún.

**LANGVARANDI VERÐHJÖÐNUN ÓLÍKLEG**

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans er talað um hraðari verðhjöðnun en áður hafi verið gert ráð fyrir og að nokkrar líkur séu á tímabundinni verðhjöðnun á næsta ári haldist gengi krónunnar tiltölulega stöðugt. Seðlabankinn telur langvarandi verðhjöðnun hins vegar mjög ólíklega.

Ingunn segir að endurnýjuð hagspá ASÍ verði ekki endilega á sömu lund og hjá peningastefnunefnd. Hagdeild ASÍ hafi verið heldur svartsýnni en Seðlabankinn í janúar. Hún þorir ekki að segja hvernig þetta verði nú, hvort líkur séu á meiri og langvinnari verðhjöðnun en ASÍ hafi áður talið. Mestu skipti að koma hagkerfinu í gang á nýjan leik. Eftir því sem kreppan verði dýpri og lengri þeim mun erfiðara verði að koma efnahagslífinu í gang á ný.

**ÓÞÆGILEGUR MÖGULEIKI**

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra vill ekki ganga svo langt að segja að aukin hætta sé á verðhjöðnun eða að hún muni valda verulegum vandræðum hér á landi á næstunni en „þetta er eitthvað sem menn hafa verulegar áhyggjur af í stærri hagkerfum, sérstaklega Bandaríkjunum og reyndar einhverjum Evrópulöndum og Japan“, segir hann.

„Við höfum verið að kljást við talsvert önnur vandamál, það er að segja verðbólgu. Ef við næðum að lenda okkar verðlagsmálum þannig að næðist að koma vel böndum á verðbólguna þá held ég að það ætti að vera hægt án þess að við lendum í verðhjöðnun svo neinu nemur þó að þetta sé einn af möguleikunum sem gæti vissulega orðið óþægilegur. En ég vil ekki ganga svo langt að segja að verðhjöðnun sé verulegt áhyggjuefni.“

Gylfi telur að helsta ráðið til að kljást við verðhjöðnun sé að auka peningamagn í umferð. Þó að viðfangsefni Íslendinga séu kannski verri en annars staðar þá hafi Seðlabankinn þannig þokkaleg tæki til að koma í veg fyrir að verðhjöðnun geti orðið verulegt vandamál.

Hann bendir á að verðtrygging sé svo útbreidd á Íslandi að verðhjöðnun myndi að sumu leyti hafa góð áhrif því að verðtryggð lán myndu lækka, bæði höfuðstóll og mánaðarlegar afborganir.

**ENDURSPEGLAR LITLA TRÚ**

„Verðtryggð lán myndu þá lækka að krónutölu og einhver hluti af hækkun undanfarinna mánaða myndi ganga til baka. Sennilega myndu margir túlka það sem jákvæða frétt þó að meira máli skipti hvernig kaupmáttur þróast,“ segir hann.

Gylfi telur varhugavert að nota tækifærið þegar verðhjöðnun er í efnahagskerfinu að afnema verðtrygginguna. Verðtryggingin sé langtíma fyrirbæri. Þó að verðlag lækki í nokkra mánuði þá skapi það ekki forsendur til að gera róttækar breytingar á verðtryggingunni.

„Þetta myndi hins vegar breyta




## Aðalfundur Bakkavör Group

**Aðalfundur Bakkavör Group hf. verður haldinn miðvikudaginn 20. maí nk. kl. 10:30 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík.**

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt áritun endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðunarfélags.
7. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Heimild til kaupa á eigin hlutum. – Lagt er til að stjórn félagsins verði veitt heimild til kaupa á allt að 10% á eigin hlutum félagsins á næstu 18 mánuðum.
9. Önnur mál.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast umrædd gögn á vefsíðu félagsins, www.bakkavor.com, frá sama tíma.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu skal geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsinga um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Auk þess skal geta upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Stjórn félagsins skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi tækifæri, með sannanlegum hætti til þess að bæta úr göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr ágöllum á framboðstilkynningu innan tiltekins frests, úrskurðar stjórn félagsins um gildi framboðs. Unnt er að skjóta ákvörðun stjórnar félagsins til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins skulu vera aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 10:00 á fundarstað. Athygli er vakin á að atkvæðisréttur miðast við hluthafaskrá að morgni 19. maí 2009.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Stjórn Bakkavör Group hf.

BAKKAVÖR
www.bakkavor.com



**FRÆÐSLUGANGA** verður farin um Grasagarðinn fimmtudaginn 14. maí klukkan 20. Hjörtur Þorbjörnsson, safnstjóri garðsins, fjallar um hátíðaliljur en til þeirra teljast til dæmis páskaliljur og Jónsmessuliljur. Þátttaka er öllum opin og án endurgjalds.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Stelpur Konur 60+
Staðurinn - Ræktin

60+
Innritun hafin á síðustu námskeið fyrir sumarfrí! Sími 581 3730

ÖLLUM NÁMSKEIÐUM FYLGIR OPIÐ KORT Í STÖÐINNI TIL 21. ÁGÚST

Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
Lokuð 9 vikna námskeið sniðin að þínum þörfum.

2x í viku í 5 vikur, kl 9:30 mánudaga og miðvikudaga.
Námskeiðið hefst 27. maí.
Verð kr. 10.300.

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is




Kristján renndi Bensinum inn í Rafgeymasöluna fyrir myndatöku vegna rigningarinnar úti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þetta er framtíðin þar til rafmagnsbílarnir koma

**Vélvirkinn Kristján Ármannsson nýtir einvörðungu jarðgas sem eldsneyti á bílinn sinn og kann því vel. Hann fyllir á tankinn einu sinni í viku fyrir 1.900 krónur og leggur frítt í öll bílastæði í 90 mínútur.**

„Ég er ekkert sérlega grænn í rótina en samt finnst mér skemmtilegt að nota innlendan, umhverfisvænan orkugjafa. Svo spillir ekki að hann er mun ódýrari en bensín og olía. Það ætti að vera eitthvað sem fólk horfir til í kreppunni,“ segir Kristján Ármannsson, vélvirki í Rafgeymasölunni í Hafnarfirði, sem keyrir á metangasi enda þótt bíllinn hans sé með venjulegri bensínvél og tilheyrandi tanki. Hann þvertekur fyrir að það sé mikil fyrirhöfn að sækja gasið í tankinn hjá N1 uppi á Höfða. „Það er ekkert vesen. Bara góð tilfinning,“ fullyrðir hann.

Kristján keypti bílinn fyrir þremur mánuðum. Hann er af gerðinni Mercedes Bens B 170 NGT. Síðustu þrír stafirnir standa fyrir Natural Gas Technology. Kristján segir hann þann fyrsta á landinu af þessari gerð. „Þetta er í alla staði hinn besti bíll,“ telur hann. „Í honum er 58 lítra bensíntankur og líka geymir fyrir 17 rúmmetra af gasi. Svo er bara einn takki í stýrinu til að skipta á milli eldsneytistegunda og það finnst enginn munur á því á hvorri er ekið.“

Bíllinn er um 1,3 milljónum ódýrari í innkaupum en sams konar bíll sem er bara með bensínvél að sögn Kristjáns. „Það stafar af því að ríkið hefur fellt niður aðflutningsgjöld af honum vegna þess hversu umhverfisvænn hann er og þar með lækkar virðisaukaskatturinn líka,“ útskýrir hann. Mesti ávinningurinn, að hans mati, er þó sá að nota innlenda orku og það hvarflar ekki að honum að keyra bílinn á öðru. „Mér nægir að ná í metangas einu sinni í viku og það kostar mig svona 1.900 krónur,“ segir hann. „Svo fá þessir umhverfisvænu bílar frítt í stæði í 90 mínútur.“

Bensinn er með 110 hestafla vél. Kristján viðurkennir að fyrir sinn smekk mætti hann vera öflugri. „Ég er vanur kraftmeiri bílum en þessi er enginn aumingi. Ég læt hann bara snúast aðeins meira. Mér finnst ég ekki hafa tapað neinu, bara grætt. Þetta er pottþétt framtíðin, þangað til rafmagnsbílarnir koma.“ *gun@frettabladid.is*


Stelpur Konur STOTT PILATES
Staðurinn - Ræktin

STOTT PILATES
Innritun hafin á síðustu námskeið fyrir sumarfrí! Sími 581 3730

ÖLLUM NÁMSKEIÐUM FYLGIR OPIÐ KORT Í STÖÐINNI TIL 21. ÁGÚST

STOTT PILATES æfingakerfið er frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

Kennt er 2x í viku í 5 vikur. Þriðjudaga og fimmtudaga kl 16:30 og 17:30.
Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 17.900.
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal til 21. ágúst.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is



BÍLKÓ
TVENNA

Tilboð
Umfelgun á tilboði
Sumardekk á tilboði



-15% olís
afsláttur af smurvinnu



VIÐ NOTUM AÐEINS GÆÐAVÖRU FRÁ VIÐURKENNDUM AÐILUM

-20%
Takirðu bæði tilboðin í einu færðu 20% afslátt vinnu við smur!

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**VAÐNÁMSKEIÐ** verður haldið á vegum Ferðafélags Íslands í Merkuránum 23. til 24. maí. Kennt verður að leita vaðs í ám og menn æfa sig í að vaða straumvatn. Gist verður í Skagfjörðsskála. Nánar á www.fi.is


Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Stökktu til Mallorca
27. maí
frá kr. 59.990

Verð kr. 59.990 - 7 nætur. Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 7 nætur. Stökktu tilboð. Verð m.v. 2-3 í stúdíó / íbúð kr. 69.990. Aukavika kr. 20.000.

7 nátta ferð allra síðustu sætin!
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Mallorca 27. maí í 7 nætur. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins í sumarbyrjun á þessari einstöku sumarleyfisperlu.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


REYNSLUAKSTUR



Það fer ekki mikið fyrir Toyota iQ en óhætt er að segja að plássið nýtist vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Pínulítill en samt sem áður alvöru bíll

**Toyota iQ mun vera minnsti bíllinn á markaðnum, innan við þriggja metra langur, og passar því í flest bílastæði. Hann er ótrúlega lipur í snatti og kemur á óvart hvað varðar þægindi.**

Toyota iQ er enginn venjulegur smábíll. Hann er einfaldlega miklu minni en gengur og gerist um bíla í þeim flokki. Þótt lítill sé er þó um algerlega fullvaxinn bíl að ræða.

Pláss fyrir bílstjóra og framsætisfarþega er til dæmis afar gott og veghljóð eru með minnsta móti þrátt fyrir smæð bílsins. Sömuleiðis er allt yfirbragð bílsins afar vandað. Það er því ekkert hrátt við þennan bíl eins og stundum vill verða með minnstu bílana.

Smæðin er óneitanlega stærsti kostur bílsins. Hann er innan við þriggja metra langur þannig að lítil bílastæði valda ekki vanda.

Rýmið inni í bílnum er þó alls ekki þröngt. Aftur í kemst hæglega fyrir fullvaxinn maður ásamt barni. Eins og gefur að skilja er ekki mikið farangursrými aftan við aftursæti. Þau má hins vegar með aðgengilegum hætti leggja fram, annaðhvort eða bæði, eftir því sem hentar farmi hverju sinni.

Ekki spillir heldur fyrir að útlit bílsins er skemmtilegt, kannski ekki beinlínis glæsilegt en hann er bæði laglegur, með samlitum stuðurum og speglum og snaggaralegur útlits. Sá sem ekur um á iQ getur í það minnsta verið viss um að vekja óskipta athygli vegfarenda. Þetta er bíll sem fólk hefur áhuga á.



iQ er snaggaralegur í útliti með samlitum stuðurum og speglum.



Ágætt pláss er bæði fyrir bílstjóra og framsætisfarþega.

Bíllinn svarar vel vaxandi kröfum um öryggi. Öryggi fullorðins farþega telst fimm stjörnur hjá Euro NCAP og loftpúðarnir í bílnum eru níu talsins, meðal annars aftan við aftursæti og mun iQ vera fyrsti bíllinn með slíka púða.

Sú sem þetta ritar féll kylliflöt fyrir þessum litla, lipra og sparneytna bíl. Ef finna ætti einhvern galla þá væri það þyngdarpunkturinn í hurðinni. Hurðirnar eru stórar eins og tíðkast í tveggja dyra bílum. Handfang og opnun hurðarinnar er staðsett framarlega á henni og vissulega þægilegt að seilast í opnunina. Hins vegar verður hurðin þung fyrir bragðið og ef vindur tekur í getur hreinlega verið erfitt að halda henni í skefjum. Þetta litla atriði hlýtur að verða lagað í næstu útgáfu af þessum stórskemmtilega bíl.

*steinunn@frettabladid.is*


NÝKOMNIR AFTUR
OFUR VINSÆLU
AÐHALDS BOLIRNIR
TANKTOP
1... 2... ready!
teg. Tanktop - í stærðum S,M,L,XL,2X,3X,4X
litur: húðlitur, verð kr. 5.850,-"
Misty
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is


Kraftganga er árangursrík aðferð til þess að komast í form. Hún er afar hentug fyrir þá sem eiga erfitt með að hlaupa vegna skorts á úthaldi eða vegna of mikillar líkamsþyngdar. Í kraftgöngu er unnið með stóra vöðvahópa í örmum, fótleggjum og bol.

www.doktor.is



Nám til BA-prófs í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum er fjölbreytt og snertir ýmsar atvinnugreinar. Einnig er hægt að ljúka diplómaprófi í greininni.
MYND/SÓLRÚN HARÐARDÓTTIR

# Bjóða fjarnám í ferðamálafræði

**Háskólinn á Hólum hefur undanfarin ár boðið upp á BA-nám í ferðamálafræði. Nú er hins vegar bryddað upp á nýjung í greininni frá og með komandi hausti þar sem hægt er að taka öll þrjú árin í fjarnámi.**

Undanfarin ár hefur Háskólinn á Hólum boðið upp á BA-nám í ferðamálafræði við ferðamáladeild. Fyrsta árið hefur verið bæði í fjarnámi og staðnámi en seinni tvö árin hafa einungis verið í staðnámi þar til nú. „Frá og með komandi hausti ætlum við að verða við ítrekuðum óskum og bjóða upp á öll þrjú árin í ferðamálafræði til BA-prófs í fjarnámi,“ segir Guðrún Helgadóttir, deildarstjóri ferðamáladeildar við Háskólann á Hólum.

„Þá hafa nemendur okkar val um hvort þeir ætla að koma í háskólaþorpið á Hólum og vera þar í staðbundnu námi eða vera í fjarnámi en mikil eftirspurn virðist vera eftir því, sérstaklega hjá fólki sem starfar í ferðaþjónustu eða er jafnvel að reka sín eigin fyrirtæki og á erfitt með að taka sig upp og flytja,“ segir Guðrún og nefnir að fjarnám henti því vel þessari atvinnugrein. Að hennar sögn hefur áhugi á ferðamálafræði farið stigvaxandi. „Við lítum á þetta sem starfsnám á háskólastigi og þarf námið því að vera fræðilegt og hagnýtt í senn. Við notum fræðin til að gera fólk enn betra í því sem það er að gera þannig að það geti litið gagnrýnum augum á þróun í ferðaþjónustu og hvernig best er að standa að málum.“

Mikið er lagt upp úr að skoða afþreyingu í ferðaþjónustu og greina hvert aðdráttaraflið sé. „Við erum með námskeið sem hjálpa fólki að kortleggja og átta sig á hvar auðlindir eru á hverjum stað fyrir sig, bæði í náttúru og menningu. Síðan erum við með námskeið sem fjalla um þjónustu við ferðamanninn, allt frá gisti- og veitingaþjónustu til upplifunar. Við erum með námskeið á sviði afþreyingar, útivistar og gönguleiðsagnar og svo fjöllum við um umhverfismálin en sjálfbær þróun er leiðarljós í náminu,“ segir Guðrún en auk þessa er boðið upp á menningartengda ferðaþjónustu og diplómanám í viðburðastjórnun sem varð til í kjölfar þess að ýmiss konar hátíðir færðust í aukana um land allt. „Mikil viðburðavæðing menningar hefur verið áberandi á heimsvísu og spennandi hefur verið að fylgjast með þróun í þeim geira,“ segir hún og bætir við: „Síðast en ekki síst eru það allar rekstrargreinarnar en sjálfbærni þýðir líka að þú getir rekið fyrirtæki þannig að það skili hagnaði og standist tímans tönn. Í náminu er því líka námskeiðaflokkur sem fjallar um rekstur, markaðsmál, stjórnun og fjármál fyrirtækja.“

Fylgst hefur verið með því í hvaða störf nemendur fara og virðast þeir sækja í sjálfstæðan rekstur, inn á ferðaskrifstofur en líka töluvert í ráðgjafar- og stjórnunarstörf í kringum ferðaþjónustu sem og uppbyggingu ferðaþjónustu víða um land. „Í BA-náminu viljum við mennta fólk þannig að það geti tekið forystu og hafi skýra hugmynd um gæðamál og stefnumörkun í greininni,“ segir Guðrún ákveðin. „Engin ein atvinnugrein kemur til með að bjarga öllu en ferðaþjónustan er vissulega mjög sterk atvinnugrein og mikill þekkingariðnaður. Forsenda fyrir góðri uppbyggingu er því að byggja upp mannauðinn í greininni. Þetta er orðinn svo fjölbreyttur atvinnuvegur og finna má allt frá gistiþjónustu yfir í jökla- og fjallaklifur og heilsuþjónustu. Ferðaþjónusta á Íslandi snertir því flestar aðrar atvinnugreinar líka. Mikilvægt er því að þeir sem starfa í ferðaþjónustu átti sig á þessu samspili og geti sett sína grein í samfélagslegt og efnahagslegt samhengi.“

*hrefna@frettabladid.is*



Forsenda fyrir góðri uppbyggingu ferðaþjónustu er að byggja upp mannauðinn í greininni, að mati Guðrúnar Helgadóttur, deildarstjóra ferðamáladeildar á Hólum.







# hjólað inn í sumarið

MIÐVIKUDAGUR 13. MAÍ 2009



NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ













Schwinn Aerostar-hjól fyrir sex til átta ára með fót- og handbremsu. Hjólasprettur. Verð: 28.900 krónur.

# Jafnvægislistin æfð

**Eitt af því sem fylgir barnæskunni er að læra að hjóla en börn geta byrjað að æfa sig mjög ung að aldri.**



PUKY Jafnvægishjól eru undanfari tvíhjóla og gefa börnum góða tilfinningu fyrir því hvernig það er að halda jafnvægi á venjulegu hjóli. Hvellur. Verð 20.700



PUKY-þríhjól með skúffu. Hvellur. Verð: 22.547 krónur.



20 tommu stelpuhjól með körfu. Hvellur. Verð: 51.162 krónur.



Schwinn Gremlin-hjól fyrir fjögurra til sex ára. Hjólasprettur. Verð: 25.900 krónur.

Flestir muna eftir fyrsta hjólinu og margir jafnvel eftir gleðinni og frelsistilfinningunni sem því fylgir að ná tökum á því að hjóla hjálparlaust. Best er þó að ungviðið fari sér hægt. Byrji á þríhjóli, færi sig svo jafnvel yfir á jafnvægishjól og síðan á tvíhjól upp úr fimm ára.

Samkvæmt Forvarnarhúsi Sjóvár er æskilegt að velja þríhjól fyrir þriggja ára börn en bíða með tvíhjólið þar til þau eru orðin fimm til sex ára. Ekki er mælt með hjálpardekkjum þar sem þau gefa falskt öryggi um að hafa náð jafnvægi en séu valin tvíhjól með hjálpardekkjum er brýnt að þjálfa börnin í að bremsa og halda í hjólið niður brekku þar sem börn á slíkum hjólum ná oft meiri hraða en þau ráða við.

Ávallt skal hafa barnið með þegar fest eru kaup á reiðhjóli til að velja rétta stærð. Yngri börn þurfa að ná að stíga niður með báðum fótum þegar setið er í sætinu í neðstu stillingu en börn á skólaaldri þurfa hins vegar eingungis að geta tyllt öðrum fætinum niður.

*- ve*

# Hjólar allt árið um kring

„Þetta er fjórða sumarið sem ég hjóla í vinnuna,“ segir Finnur Sigurðsson, liðsstjóri starfsmanna í söludeild Nýherja, sem taka þátt í átakinu Hjólað í vinnuna sem Íþróttasamband Íslands hratt af stað 6. maí.

Finnur hefur hjólað af krafti í fjögur ár. Eftir að hann fékk sér vetrardekk hjólar hann í vinnuna í öllum veðrum allt árið um kring. „Ég fór að hjóla í vinnuna vegna þess að olían á jeppann var orðin svo dýr, en nú finnst mér það bara orðið svo lítið mál að nota hjólið til vinnu,“ segir Finnur sem býr í Grafarholti og hjólar í Kópavog. „Götur eru ekki fyrir hjól, þess vegna hjóla ég nær eingöngu á stígunum,“ segir hann og nefnir að hann hafi fengið sér neongrænan jakka til að geta verið enn sýnilegri í umferðinni.“



Finnur Sigurðsson er vel sýnilegur í umferðinni í jakkanum góða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að hans sögn hefur þátttaka vinnufélaga Finns í Hjólað í vinnuna gengið prýðilega. „Það er eiginlegt mest um vert að fólk hætti að mikla það fyrir sér að hjóla í vinnuna stöku sinnum.“

Reynslusögur þátttakenda í átakinu Hjólað í vinnuna má lesa á www.hjoladivinnuna.is. Þar er líka hægt að skrá sig og sitt lið til þátttöku í átakinu sem stendur til 26. maí.

*- vg*



Hjólafestingar koma sér oft vel.

## Hjólin með í ferðalagið

Gaman getur verið að hafa reiðhjól með á ferð um landið og fást ýmiss konar reiðhjólafestingar á bíla.

Hjá Stillingu fást Thule-reiðhjólafestingar af ýmsum stærðum og gerðum. Rammarnir eru framleiddir samkvæmt ISO-stöðlum, halda hjólunum vel föstum og eru með endurskinsmerkjum. Oftast er hægt að leggja festingarnar saman til geymslu. Hægt er að fá festingar fyrir mismörg hjól en oft eru þær fyrir tvö upp í fjögur hjól. Festingarnar má ýmist setja á toppinn eða aftan og framan á bíla, allt eftir því hvað valið er. THULE ProRide 591 hefur hlotið einna bestu einkunnina af öllum hjólagrindunum sem í boði eru hjá Stillingu. *- hs*





Hjólafólk á öllum aldri ætti að taka sér þessa krakka til fyrirmyndar og nota hjálma.

## Í réttri stærð og skærum litum

Í 80 til 85 prósentum tilvika ver hjálmur fólk fyrir alvarlegum höfuðáverkum, samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Þetta er gott að hafa í huga, nú þegar hjólunum fer fjölgandi á götum úti.

En það er ekki nóg að vera með bara einhvern hjálm á hausnum. Fyrir það fyrsta er mikilvægt að hjálmur sé af réttri stærð. Hann á að sitja beint ofan á höfðinu og það er gott að hafa þá reglu í huga að einn eða tveir fingur eiga að komast á milli höfuðbands og hökunnar.

Jafnframt er um að gera að hafa hjálm í skærum litum, til að vera sem mest áberandi í umferðinni. Ekki má líma merki né mála á hjálma. Það getur minnkað höggþol þeirra. *- hhs*

# Kaffihúsatjöld fyrir hjólandi vegfarendur

Morgunhressing verður á þremur stöðum í borginni nú í morgunsárið fyrir þátttakendur í átakinu Hjólað í vinnuna.

Reist verða tjöld við Elliðaárvog, við brúna yfir Kringlumýrarbraut, Nauthólsvíkurmegin, og við gatnamót Sæbrautar og Kringlumýrarbrautar. Í tjöldunum býður Ávaxtabíllinn upp á léttar veitingar og Kaffitár upp á drykkjarföng.

Fólk frá hjólreiðasamtökum verður á staðnum og reiðhjólaverslunin Örninn með snögga viðgerðarþjónustu.

Þessi lúxus er í boði milli hálfátta og hálftíu í dag og svo aftur að viku liðinni. *- gun*



Ráðherrar, borgarstjóri og aðrir aðstandendur átaksins er þeir brunuðu af stað.




# Hjólasumar í Hagkaup

Hagkaup bjóða upp á fjölbreytt úrval af vönduðum reiðhjólum frá gæðaframleiðendunum **Cross og Raleigh.** Lögð er áhersla á að bjóða einungis upp á vönduð reiðhjól á mjög góðu verði. Öll fjölskyldan ætti að geta valið sér reiðhjól við hæfi úr því mikla úrvali sem í boði er.

Tilvalið er að fjölskyldan noti sumarið til útivistar og skipuleggi langar sem stuttar hjólaferðir. Einnig ættu allir, sem geta komið því við, að hjóla því reiðhjólið er án efa hagkvæmasta og heilsusamlegasta farartækið.



***Hjólum í sumar!***

www.crosscycle.com

## *Gæðamerki í hjólum. Cross-hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti*

**Cross-hjólin eru með tvöfaldar álgjarðir, Kenda-gæðadekk, bremsur með vatnsraufum og álstell með innbrenndum lit.**

**Kenda-gæðadekk** er úr mjúku og endingargóðu gúmmíi sem gefur gott grip og **Double-wal**-gjarðirnar eru með tvöföldum ramma úr 6061 áli* sem gefur gjörðinni meiri burðargetu, gefur færi á að nota færri teina og minna efni þarf í gjörðina og hún verður bæði sterk og létt. **Renndar raufar** eru á gjörðunum sem veldur því að bremsupúðinn hrindir betur frá sér vatni þegar bremsað er í bleytu og hemlun verður því öruggari.

**Liturinn** á stellunum er innbrenndur, þ.e.a.s. stellið „bakað“ eftir að liturinn hefur verið borinn á. Við þetta verður yfirborðið sterkara og viðnám við rispum eykst.
Allur gírabúnaður er frá Shimano. Shimano-fyrirtækið var stofnað árið 1921 og er stærsti framleiðandi gírbúnaðs í heiminum í dag.

**6061 ál er hitameðhöndlað ál, það hefur góðan styrkleika og heldur ryði vel frá. 6061 ál er meðal annars notað í íhluti fyrir flugvélar, báta og skip.*

**Arina / Arrow**
- Stærð: 28”
- Gírar: 21 gír, Shimano TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax Alloy V – TX115C
- Gaffall: HL CL–T130 með dempara
- Álstell, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lugt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla



*Arrow*



*Arina*

**Speedster**
- Stærð: 20”
- Gírar: 21 gír, Shimano RD–TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Gaffall: HL CH–327E með dempara
- Álstell, glitauga að framan, aftan og á fótstigum, standari, bögglaberi, bretti að aftan og framan



*Speedster*

**Sidney Cruiser**
- Stærð: 26”
- Fislétt hjól úr léttmálmi
- Gírar: 3 gírar, Shimano Nexus Gripshift
- Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan
- Litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, glitauga að framan og á fótstigum, standari



*Sidney*

## *Raleigh-hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi*

**Raleigh-hjólin eru með tvöfaldar álgjarðir, Kenda-gæðadekk og bremsur með vatnsraufum**

**Kenda-gæðadekk** eru úr mjúku og endingargóðu gúmmíi sem gefur gott grip. **Double-wal**-gjarðirnar eru með tvöföldum ramma úr 6061 áli* sem gefur gjörðinni meiri burðargetu, gefur færi á að nota færri teina og minna efni þarf í gjörðina og hún verður bæði sterk og létt.
**Renndar raufar** eru í gjörðunum sem veldur því að bremsupúðinn hrindir betur frá sér vatni þegar bremsað er í bleytu og hemlun verður því öruggari. **Liturinn** á stellunum er innbrenndur, þ.e.a.s. stellið „bakað“ eftir að liturinn hefur verið borinn á. Við þetta verður yfirborðið sterkara og viðnám við rispum eykst.

Allur gírabúnaður er frá Shimano, Shimano-fyrirtækið var stofnað árið 1921 og er stærsti framleiðandi gírbúnaðs í heiminum í dag.

**6061 ál er hitameðhöndlað ál, það hefur góðan styrkleika og heldur ryði vel frá. 6061 ál er meðal annars notað í íhluti fyrir flugvélar, báta og skip.*



*Crystal*

**Crystal Girl / Crystal Boy**
- Stærð: 24”
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, dempari í stelli, glitauga að framan og á fótstigum, standari



*Crystal*

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183, www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE VEFVERSLUN - Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Frábært nudd, fantastic massage. S. 692 2352.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




Tækniskólinn býður uppá sumarnámskeið í skipstjórn: Smáskipanám í fjarnámi - 3. júní til 15. ágúst. Skemmtibátanámskeið í fjarnámi - 3. júní til 15. ágúst. Nánari upplýsingar á www.tskoli.is og hjá Kjartani í síma 665 1100.

**Skútusiglinganámskeið í Tyrklandi**
Íslensk skútuleiga í Tyrklandi verður með verkleg siglinganámskeið 3-10 júlí og 10-17 júlí Frábær leið til að sameiga áhugamál og skemmtiferð Nánari upplýsingar onni@seaways-sailing.com og www.sjoleidir.is

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

# HEIMILIÐ

## Fatnaður

Buxnastyttingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

## Dýrahald



**Til Sölu Shar Pei hvol**
KK. Svartur 9 vikna HRFÍ ættbók. Uppl í síma 663 6965.



Hreinræktaðir rottweiler hvolpar til sölu! Afhendast heilsufarsskoðaðir, örmerktir og ættbókafærðir. Upplýsingar í s: 662-3860

Schefer hvolpar og King Charles spaniel hvolpar til sölu með ættbók frá H.R.F.Í Toy Puddle hvolpar einnig til sölu. Uppl . í s. 849 8451.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting, tjaldsvæði, salur f. hópa. www.borgarvirki.com info@borgarvirki.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

leiguíbúðir

**Til leigu**
Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibudir.is

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**




Til leigu 3ja herb. 110 fm. íbúð í Háholti í hfj. Reglusemi áskilin. V. 110 þús. á mán. S. 843 4323.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herb. íbúð í hfj. m. sérinngangi. Uppl. í s. 867 9403.

83 fm lúxusíbúð m. húsg. og tækjum. Við Sjávarsíðuna í Garðabæ. Reykleysi og reglusemi. Laus 1. júní. 120 þús. á mán. hússj. og hiti innif. S. 693 0221.

Til leigu herb. á sv. 105. Með sameig. eldh. & baðh. Uppl. í s. 895 1441.

Til leigu 80 fm 2 herb. reyklaus íbúð í 200 Kóp. Reglusemi, gæludýr ekki leyfð. V. 80 þús m/hita. S.661-0066 Erna

2 herb. íbúð til langt. leigu í árbænum. Leigist m. eða án húsgagna. Hiti og rafmagn innf. 90þ. á mán. s. 690-9996

Rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 35 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

3ja herb. íbúð í Hafnarfirði til leigu. Lítill og sólríkur garður. Langtímaleiga frá 1. júní. S. 565 1045 & 898 7725 & 865 4052.

**TIL LEIGU.**
Til leigu ný, glæsileg 145 fm, 3ja herb. íbúð á besta stað í Kópavogi. Eikarparket og flísar á gólfum. Stæði í bílageymslu. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693 7304.

Til leigu stúdíóíbúð + 160 fm. íbúð í Vesturbergi með sérinngang. S. 693 7815.

Vesturbær. Nýuppgerð 3ja herb. íbúð með sérinng. til leigu. Uppl. í s. 562 1643.

## Húsnæði óskast

Reglusamt par óskar eftir rúmgóðu einbýli til leigu á sanngjörnu verði. Rekum netverslun frá heimili okkar. Æskileg staðsetning er 101-108. Langtímaleiga. Nánari uppl í síma 840 5221 eða hedinng@simnet.is

Óskum eftir rúmgóðri 3 herb. íbúð á leigu frá 1 júní. Uppl. í s. 841 1692.

Traustur aðili óskar e. 1-2 herb. íb. á höfuðb.sv. Greiðslug. 70þ. S. 663 2130.

## Sumarbústaðir



**Húsafell - til leigu**
80fm sumarhús til leigu fyrir félagasamtök eða fyrirtæki. Fallegur bústaður og mjög vel staðsettur. Stutt í golf, sund og aðra útivist. Uppl. s. 825 0050.

Til leigu sumarhús við Brúará. Svefnpláss fyrir 8 manns. Heitur pottur. Lausar vikur í maí og júní. Verð per vika 95þús. Uppl. á maggahronn@gmail.com eða í s. 848 8881 e.kl. 20

## Atvinnuhúsnæði

**Fyrir innlendan iðnað**
1.706 m2 framleiðsluhús á Eyrarbakka. Raf.inntak 1.200 amp Starfsm.aðstaða. Útisvæði og fl. Hagstæð leiga. S. 661-6800

Til leigu 105fm iðnaðarhúsnæði við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. uppls í síma 8943028.

Atvinnuhúsnæði í Hafnarf.til leigu. 168 m2, fullbúið, stór hurð 4,2x4,2, stórt útisvæði. S: 660-1060

Til leigu 30 fm skrifstofuherbergi á góðum stað við höfnina í Hafnarfirði uppl. 8946633

Til leigu 2 herb. íbúð í einbýli (kjallari) í 109. Laus strax. Aðeins hægt að gera samning til 6 mánaða í senn. leiga 70 þús. með rafmagni og hita. sími: 8971857

## Geymsluhúsnæði




**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

GISTING í 101 RVK. Íbúð fullbúin m/ svölum. Bílast. Frá 5,000.- kr. per sólarhr. uppl s: 898-4188

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

# ATVINNA

## Atvinna í boði



**Sexychat.is - tekjulind**
Sexychat.is er nýr og svolítið djarfur vefur þar sem ófeimnum, kynþokkafullum konum bjóðast ýmsir tekjumöguleikar. Kynntu þér málið á www.sexychat.is (tekjulind).

VIÐHALDSVIRKNI

**Atvinna í boði**
**Málarameistari og málarar óskast til starfa strax. Upplýsingar í síma 661 0117, Rúnar.**

**Saumakona óskast / Seamstress wanted.**
**Vön saumakona óskast í lítið hönnunarfyrirtæki með ull. Reglusöm og reyklaus. Umsóknir/contact surtladesign@gmail.com**

LONDON REYKJAVÍK
batteríið

Óskum eftir starfsfólki á bar, í sal og dyravörslu. Ekki yndir 20 ára. Uppl. í s. 895 5010, Gunnar 7 gunnarmth@hotmail.com m. mynd.

Óskum eftir bakara eða vönum aðstoðarmanni. allar uppl. gefur Bergur Vilberg kökuhús Vestmannaeyjum GSM: 898 2466 S:481 2664.

GR-veitingar og þjónusta óska eftir að ráða í, uppvask, þrif og aðstoð í eldhúsi. Um er að ræða sumarstörf, frá maí til október. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Einungis vandað og jákvætt fólk kemur til greina. Umsóknir sendast á ht@xnet.is

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

**Kjötskurðarmaður**
Vanur kjötskurðarmaður óskast til sumarafleysinga. Uppl. í s. 699 1705, Gæðafæði ehf.

## Atvinna óskast

Smiði vantar vinnu. Áhugasamir hafið samb. í s. 847 0638.

## Viðskiptatækifæri

**Viðskipti 21 aldarinna**
Hefur þú fengið nóg af innantómum loforðum? Áttu draum um eigið viðskiptaveldi? Hringdu í S: 512-1604 og hlustaðu.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál



**Sexychat.is**
Sexychat.is er vandaður, nokkuð djarfur og mjög myndrænn vefur fyrir fólk sem vill sýna sig, spjalla og kynnast. Almenn áskrift er ókeypis. Fleiri áskriftarleiðir bjóðast, einnig fyrir djarfasta fólkið. Vertu æfinlega velkomin/n. Sexychat.is.



New Holland D 150 LGP 1996 2200t, 800mm spyrnur, Góð vél, Uppl.: Hallur 899 2167.

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Óska eftur vel með förnum og sparneytnun bíl á 300-470 þús. staðgreitt. Uppl. í s. 6929101 eða senda á valhal@hi.is

**Myndarleg kona**
grannvaxin, 36 ára, ungleg, með fallega rödd, leitar kynna við karlmann með notalega tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8542.

## Þjónusta




## Atvinna

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hestavað 5-7

Tillaga að breytingu deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar að Hestavaði 5-7. Í breytingunni felst að að texta í skilmálum, kafla 8.1.2, varðandi fjölda íbúða sem er samkvæmt gildandi skilmálum 21-24 íbúðir verður 21-27 íbúðir.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### Ofanleiti 14

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina að Ofanleiti 14. Í breytingunni felst að skilmálar varðandi lóð breytast á þann veg að afmarkaður er byggingareitur fyrir sorpgeymslu, gasgeymslu og reykháf. Núverandi skilti verður nýtt fyrir nýjar merkingar. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### Grandagarður

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Slippa- og Ellingsenreit. Í breytingunni felst að við skilmála í kafla 4.9, reitur 16, bætast eftirfarandi setningar. Á reitnum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir starfsemi á miðborgarsvæði, svo sem ferðaþjónusta, verslanir, veitingahús, vinnustofur listamanna og verslanir þeim tengdum. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á svæðinu. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **13. maí 2009 til og með 26. júní 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 26. júní 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 13. maí 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## Fasteignir

# TIL LEIGU

Til leigu lager-eða geymsluhúsnæði með mikilli lofthæð á hafnar-svæðinu við Sundahöfn í Reykjavík. Um er að ræða nokkur pláss af ýmsum stærðum, allt að 2.300 m2. **Rúmgott og afgirt útisvæði. Leigist á sanngjörnu verði.**

**Nánari upplýsingar gefa Gunnar í síma 693-7310 eða Benedikt í síma 693-7304.**

;ALLT TÍSKA

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María
512 5473
Hugi
512 5447

## Tilkynningar

### Umsókn um sölutjöld á 17. júní 2009 í Reykjavík

Þeir sem óska eftir aðgang að sölutjöldum á þjóðhátíðar-daginn 17. júní 2009, geta sótt umsóknareyðublöð og allar upplýsingar á: www.skataland.is

Skila þarf umsóknum fyrir föstudaginn 22. maí fyrir kl. 16.00 í Skátamiðstöðina Hraunbæ 123.

Vakin er athygli á því, að lausasala á hátíðarsvæðinu er bönnuð.

Stæði fyrir sölutjöld er ekki veitt einkaaðilum, heldur einungis félögum og samtökum sem sinna æskulýðs og íþróttastarfi í Reykjavík.

*Þjóðhátíðarnefnd Reykjavíkur*
*og Skátasamband Reykjavíkur.*

### Sýslumaðurinn á Húsavík
# UPPBOÐ

Eftirtalin bifreið verður boðin upp við lögreglustöðina á Húsavík, þriðjudaginn 19. maí 2009 kl. 14:00:

**DO-379**

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík
11. maí

### Sýslumaðurinn á Húsavík
# UPPBOÐ

Eftirtalin bifreið verður boðin upp við lögreglustöðina á Þórshöfn, miðvikudaginn 20. maí 2009 kl. 14:00:

**NY-600**

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík
11. maí 2009.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

512 50 50
Auglýsingasími
– Mest lesið

## Atvinna




### Vilt þú vinna hjá skemmtilegu og líflegu fyrirtæki?

### 365 miðlar óska eftir drífandi sölufulltrúum við sölu á áskriftum að sjónvarpsstöðvum fyrirtækisins.

Vinnutími er frá 14 til 22 eða 17 til 22, að lágmarki tvö kvöld í viku. Unnið alla virka daga.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölu- og/eða kynningarstörfum, séu stundvísir, heiðarlegir, metnaðarfullir og hafi góða þjónustulund.

Umsóknir berist til Ernu Guðmundsdóttur, netfang ernag@365.is.

Lágmarksaldur umsækjenda er 25 ár og eru 40 ára og eldri sérstaklega hvattir til að sækja um.

2 | 2 SPORT | BYLGJAN 989 | FRÉTTABLAÐIÐ | vísir.is | 365

# u lánin




eð sér að verð lækkar og eftirspurn eftir vörum
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

í krónum talið stöðu þeirra sem eru með verðtryggð lán. Fyrir þá er aðalspurningin ekki krónutala lánanna heldur hvert samhengið er milli þess hvað þeir skulda og krónunnar sem þeir fá í tekjur um hver mánaðamót. Ekki er víst að verðhjöðnun myndi breyta því mikið,“ segir hann.

„Erfitt er að hugsa sér hvernig hægt er að skapa skilyrði fyrir því að losna við verðtrygginguna ef það er það sem menn vilja án þess að skipta um gjaldmiðil. Mikil útbreiðsla verðtryggingarinnar endurspeglar þá litlu trú sem Íslendingar hafa á gjaldmiðlinum og sérstaklega þá litlu trú sem þeir hafa á getu stjórnvalda, einkum Seðlabanka, til að halda verðlagi stöðugu. Sú trú eða það traust verður ekki endurunnið nema á löngum tíma. Eða með því hreinlega að skipta um gjaldmiðil.“




## Verðhjöðnunin í Japan og heiminum

Efnahagshorfur eru slæmar í heiminum. Hagfræðingar óttast að kreppan verði dýpri og verðhjöðnunin langvinnari en áður var talið. Sérstaklega á þetta við um Japan og vestrænu ríkin. Japanar hafa þurft að kljást við langvarandi verðhjöðnun og eru því kannski allra þjóða reyndastir í því efni.

Kreppa skall fyrst á Japan um 1990 þegar húsnæðis- og eignabóla fyrirtækja hrundu á einni nóttu og fyrirtæki sátu uppi með skuldir og minni eignir. Það tók fyrirtækin fimmtán ár að greiða niður skuldirnar og fara að taka lán aftur þó að vextir væru litlir sem engir. Um 1995 varð bankakreppa og voru nokkrir bankar teknir yfir í landinu. Bankarnir lentu aftur í nokkrum hremmingum í Asíukreppunni svonefndu nokkru síðar. Japanskt hagkerfi hafði því ekki unnið sig upp úr erfiðleikunum fyrr en um 2003 þegar bera fór á efnahagsbata og stýrivextir fóru hækkandi aftur.

Í verðhjöðnun gerist almennt séð þrennt. Vöruverð fer lækkandi, neytendur halda að sér höndum og peningastefnan verður máttlaus. Í Japan var japanski seðlabankinn fljótur að lækka vextina í núll en raunvextir hækkuðu. Greiðslubyrði skulda þyngdist.

Margt hefur verið skrifað um kreppuna í Japan, hvort japönsk stjórnvöld hafi verið of sein að bregðast við eða hvort ekki hafi verið tekið nægilega til í bankakerfinu. Skoðanir eru skiptar. Sumir telja að það taki einfaldlega svona stórt hagkerfi tíma að komast í lag aftur.

Framleiðsla hefur nú dregist saman milli ára í flestum af stærri iðnríkjum heims, bæði Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

Hagfræðingar telja að Japan verði einna verst úti. Seðlabankinn gerir ráð fyrir að framleiðsla dragist þar saman um 6,6 prósent á þessu ári og 0,5 prósent árið 2010. Samdráttur verði einnig mikill í öðrum stórum hagkerfum.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Koma þarf fyrirtækjum ríkisins á markað. Í uppbyggingunni þarf að virkja peninga sem nú liggja á bókum.

## *Verkefnin eru ærin í 100 daga áætluninni*

**Óli Kristján Ármannsson**

Margt gott er að finna í 100 daga áætluninni sem ríkisstjórnin nýja kynnti á sunnudag, en í honum endurspeglast vitanlega hversu ærin verkefni er við að fást.

Um leið er ljóst að þarna geta haldist í hendur lausnir sem snerta fleiri en einn málaflokk. Þannig á að taka í ríkisstjórn ákvörðun um eigendastefnu og eignarhald bankanna sem mögulega kynni að verða erlent, eftir því hvernig gengur að ná samkomlagi milli nýju bankanna og kröfuhafa erlendu bankanna. Ljúka á við efnahagsreikninga nýju bankanna og endurfjármagna þá.

Þessir hlutir verða illa sundur slitnir og líkast til með mikilvægari verkefnum sem við er að fást, því samskiptin við kröfuhafa bankanna (sem margir hverjir eru risastórir alþjóðabankar) ráða því að stórum hluta hvernig þjóðinni kemur til með að ganga að fjármagna sig næstu áratugina. Gangi kröfuhafarnir frá þessu samningaborði með þá tilfinningu í maganum að komið hafi verið fram við þá af ósanngirni er hætt við því að það komi til með að endurspeglast í áhættuálagi á öll erlend lán hingað næstu árin, hvort sem það eru lán til fyrirtækja, banka eða ríkisins.

**Allra farsælasti kosturinn í þessum samningaviðræðum væri ef erlendu kröfuhafarnir fengju yfirráð yfir nýju bönkunum, um leið og stefnt yrði á skráningu þeirra á markað á nýjan leik. Líkast til yrði þetta til að auðvelda fjármögnun þeirra og tryggja dreift eignarhald.**

Allra farsælasti kosturinn í þessum samningaviðræðum væri ef erlendu kröfuhafarnir fengju yfirráð yfir nýju bönkunum, um leið og stefnt yrði á skráningu þeirra á markað á nýjan leik. Líkast til yrði þetta til að auðvelda fjármögnun þeirra og tryggja dreift eignarhald, um leið og samkeppni yrði tryggð og bætt samskipti á alþjóðavettvangi.

Í hundrað daga áætlun ríkisstjórnarinnar kemur líka fram að hún ætli sér á tímabilinu að hefja viðræður við lífeyrissjóði og innlenda fjárfesta um að koma að eflingu atvinnulífs með hinu opinbera.

Skráning ríkiseigna á markað, banka og félaga sem þeir hafa tekið yfir vegna skulda, er líkast til ein vísasta leiðin til að auka aðkomu lífeyrissjóða og annarra að enduruppbyggingu landsins, um leið og það yrði til að styðja við Kauphöllina sem glatað hefur hverju fyrirtækinu á fætur öðru síðustu misseri og er komin í stöðu sem líkja mætti við fyrstu ár kauphallarviðskipta hér.

Þótt margir hafi tapað háum fjárhæðum í hruninu þá bíða þess á reikningum háar fjárhæðir að hér verði aðstæður þannig að óhætt þyki að virkja þá í fyrirtækjum og atvinnuuppbyggingu. Nú ríður á að ljúka við að leggja grunninn sem við ætlum að byggja á. Hluti af því er að ganga frá eignaskiptingu bankanna um leið og við lögum það umhverfi sem fyrirtækin eiga að búa við.

Það verður engin uppbygging fyrr en lánakjör verða skapleg á ný. Því þarf að koma vaxtastiginu niður. Þá þurfa fyrirtækin að geta séð fram á veginn og gert áætlanir. Því þarf að liggja fyrir hvernig við ætlum hér að skipa peningamálum.

Sérstakt fagnaðarefni er að ríkisstjórnin ætli að fela peningastefnunefnd Seðlabankans að fara yfir kosti og galla þess að breyta peningastefnunni, meta kostina í gjaldmiðilsmálum og gera tillögu til stjórnvalda með hliðsjón af því. Þessi vinna ætti ekki að þurfa að taka langan tíma, enda margbúið að rannsaka og ræða fram og til baka alla fleti þessara mála síðustu ár og misseri. Best væri að peningastefnunefndin kynnti niðurstöðu sína í þessum efnum þegar á næsta vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans í júníbyrjun.




# Vor uppvakninganna

ORÐ Í BELG



**Joseph Stiglitz**
Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla.

Með vorinu þykjast bjartsýnismenn í Bandaríkjunum greina „græna sprota" endurreisnarinnar frá efnahagskreppunni. Heimurinn er gjörólíkur því sem hann var í fyrravor, þegar Bush-stjórnin þóttist enn og aftur sjá „ljós við enda ganganna". Líkingamálið hefur breyst og ný ríkisstjórn tekið við völdum, en gamla góða bjartsýnin virðist enn vera á sínum stað.

Góðu fréttirnar eru þær að við verðum ef til vill ekki mikið lengur í lausu lofti. Niðursveiflan hefur hægt á sér. Botninn er ekki langt undan – kannski verður honum náð í árslok. En það þýðir ekki að hagkerfi heimsins eigi eftir að rétta rækilega úr kútnum á næstunni. Þótt botninum sé náð er enn þörf á sterkum meðulum til að reisa hagkerfið úr öskustónni.

**FLÓKIÐ SAMSPIL**

Niðursveiflan sem við erum nú í er flókin: efnahagskreppa í bland við fjármálakreppu. Áður en hún brast á keyrðu skuldum hlaðnir, bandarískir neytendur hagvöxt heimsins áfram. Sú forsenda er brostin í bili, því jafnvel þótt bandarískir bankar væru við góða heilsu er fjárhagur heimilanna í rúst; Bandaríkjamenn tóku lán og eyddu undir því yfirskini að fasteignaverð myndi halda áfram að hækka að eilífu.

Hrun á lánstrausti bætti gráu ofan á svart; fyrirtæki sem stóðu frammi fyrir háum lántökukostnaði og hnignandi mörkuðum brugðust hratt við og skáru niður innkaup. Pantanir hrundu snarplega – langt umfram lækkunina á vergri landsframleiðslu – og lönd sem reiddu sig á fjárfestingarvörur og varanlegar neysluvörur (útgjöld sem hægt er að fresta) urðu sérstaklega illa úti.

Við munum líklega sjá einhvern bata á þessum sviðum eftir lágpunktana í árslok 2008 og upphafi þessa árs. En lítum á grunnatriðin: Í Bandaríkjunum heldur fasteignaverð áfram að falla, milljónir heimila eru í vanda staddar þar sem íbúðalánið er hærra en fasteignaverðið; atvinnuleysi eykst áfram og uppsagnarfresturinn við það að renna út hjá hundruð þúsunda manna. Ríkin neyðast til að grípa til uppsagna eftir að skatttekjur snarminnka.

**UPPVAKNINGABANKAR**

Bankakerfið hefur gengið í gegnum próf þar sem reynt var á hvort það væri nógu vel fjármagnað – „álagspróf" sem fól ekki í sér neitt álag – og sumir stóðust það ekki. En í stað þess að fagna tækifæri til endurfjármögnunar, ef til vill með aðstoð ríkisins, virðast bankarnir kjósa að bregðast við að hætti japanskra bankamanna: við bögglumst í gegnum þetta.

„Uppvakninga-bankar" – dauðir en samt á róli meðal lifenda – „veðja á endurlífgun", eins og Ed Kane orðaði það svo vel. Rétt eins og í hruninu vegna Savings & Loans á níunda áratugnum halda bankarnir nú lélegt bókhald (þeim var til dæmis leyft að halda slæmum eignum án nokkurra afskrifta, í þeirri blindu trú að það gæti ræst úr þeim). Verra er að þeim var gert kleift að taka ódýr lán frá Seðlabanka Bandaríkjanna gegn litlum veðum og um leið koma sér í áhættusama stöðu.

Nokkrir bandarískir bankar tilkynntu um hagnað á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, sem byggðist að mestu leyti á bókhaldsbrellum og söluhagnaði (les: spákaupmennsku). En þetta kemur hagkerfinu ekki aftur á lappirnar í fljótu bragði. Og ef fjárhættuspilið borgar sig ekki verður það enn dýrkeyptara fyrir skattgreiðendur.

**REIÐAREKSSTEFNA**

Bandarísk stjórnvöld hafa líka ákveðið að reyna að bögglast í gegnum þetta: ráðstafanir Seðlabankans og ríkisábyrgðirnar þýða að bankarnir hafa aðgang að ódýru fjármagni og lánsvextir eru hár. Ef ekkert slæmt gerist – tap vegna íbúðalánaskulda, atvinnuhúsnæðis, viðskiptalána eða kreditkortaskulda – gætu bankarnir komist af án þess að lenda í annarri kreppu. Eftir nokkur ár hafa bankarnir verið endurfjármagnaðir og hagkerfið kemst í fyrra horf. Þetta er mikil bjartsýni. En reynslan um allan heim bendir til að þetta sé áhættusöm afstaða. Jafnvel þótt bankarnir væru stöndugir myndu afskriftir, og meðfylgjandi tap vegna þeirra, líklega þýða veikt efnahagslíf. Og veikt efnahagslíf er oftar en ekki ávísun á meira tap hjá bönkum.

Vandinn er ekki bundinn við Bandaríkin. Önnur lönd (til dæmis Spánn) glíma við sinn eigin fasteignavanda. Austur-Evrópa á við sinn vanda að etja, sem mun líklega hafa áhrif á mjög skuldsetta banka Vestur-Evrópu. Í hnattvæddum heimi er þess ekki langt að bíða þar til vandi sem kemur upp á einum stað í kerfinu skýtur upp kollinum á öðrum.

**SKULDUM BREYTT Í HLUTAFÉ**

Í fyrri niðursveiflum, til dæmis í Austur-Asíu fyrir áratug, var batinn fljótur því löndin sem áttu í hlut gátu treyst á útflutning til að leiða sig aftur til hagsældar. En þetta er allsherjar heimskreppa. Bandaríkin og Evrópa geta ekki stólað á útflutning til að ná sér úr ládeyðunni.

Nauðsynlega þarf að laga fjármálakerfið, en það eitt og sér dugar ekki til að endurreisa það. Aðferð Bandaríkjanna við að laga fjármálakerfi sitt er dýr og ósanngjörn, því hún verðlaunar þá sem ollu hruninu. En það er annar kostur í stöðunni, sem myndi krefjast þess að farið væri að leikreglum venjulegs markaðshagkerfis: að breyta skuldum í hlutafé.

Slík breyting gæti aukið tiltrú á bankakerfinu og lánveitingar gætu hafist á ný með litlum eða engum tilkostnaði fyrir skattgreiðendur. Þetta er hvorki mjög flókin né nýstárleg aðgerð. Hluthöfum hugnast hún augljóslega ekki – þeir mundu frekar þiggja gjöf frá ríkinu. En það eru aðrar og brýnni þarfir fyrir almannafé, til dæmis fleiri björgunaraðgerðir.

Öllum niðursveiflum lýkur að lokum. Spurningin er hversu löng og djúp þessi niðursveifla verður. Þrátt fyrir nokkur vorblóm ættum við að undirbúa okkur fyrir annan dimman vetur: það er orðið tímabært að grípa til varaáætlunarinnar um endurreisn bankakerfisins og panta annan skammt af efnahagsmeðulum í anda Keynes.

©Project Syndicate. (Millifyrirsagnir eru Markaðarins.)



VIKULEG VEFRÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA

# Að fá mikið fyrir lítið á Netinu

**Jón Trausti Snorrason**
**framkvæmdastjóri**
**Allra Átta ehf.**

www.8.is

Póstlistar eru markaðstæki, sem mörg fyrirtæki hafa á síðustu misserum notað í síauknum mæli í markaðssetningu sinni. Við mælum með, að fyrirtæki nýti sér þennan möguleika eins og kostur er. Með póstlistakerfi geta fyrirtæki safnað netföngum gesta sinna og þannig með auðveldum hætti haft samband við þá síðar. Póstlistakerfi hafa þann kost, umfram flest önnur markaðstæki, að boðskapurinn berst aðeins þeim, sem hafa fallist á móttöku hans. Viðtakendur eru í flestum tilvikum aðilar, sem hafa heimsótt vefsíðu fyrirtækisins og skráð sig sjálfviljugir á póstlista þess. Þeir eru því markhópur, annaðhvort núverandi viðskiptavinir eða áhugasamir gestir, sem gætu gengið í viðskiptamannahópinn síðar.

Póstlistar koma að margvíslegu gagni. Með þeim geta fyrirtæki viðhaldið sambandi við markhópinn/viðskiptavini og minnt þannig á sig, svo núverandi eða hugsanlegir viðskiptavinir skipti síður við samkeppnisaðila. Jafnframt má nota póstlista til að vekja athygli á tilboðum, útsölum eða nýrri vöru og þjónustu. Í raun er þetta markaðstól einföld, árangursrík og ódýr leið til að auka veltu og styrkja ímynd fyrirtækisins.

Mikilvægt er, að hanna útlit rafpósta þegar í upphafi og notast við það í hvert skipti sem senda skal fjölpóst. Nota skal lógó fyrirtækisins, netfang tengiliða, vörumerki eða hvað það, sem einna helst tengir það fyrir viðtakendur, til dæmis tengla á einstaka síður. Æskilegt er, að senda að jafnaði einn til tvo rafpósta í mánuði og fjölga þeim þá aðeins, þegar um ræðir áríðandi tilkynningar eða ókeypis þjónustu.

Fyrirtæki skulu forðast að nota póstlista í beinni markaðssetningu ákveðinnar vöru eða þjónustu, heldur fyrst og fremst til að styrkja ímynd sína og skapa traust á starfseminni, svo sem með því að sýna fram á mikla þjónustulund og þekkingu, kunnáttu eða reynslu á umræddu sviði. Grundvallaratriði er, að segja satt og rétt frá. Fyrirtæki græða til dæmis ekkert á, að segjast vera „leiðandi" eða í „fararbroddi" á einhverju sviði. Betra er að veita nógu traustar upplýsingar til að móttakendur komist sjálfir að þeirri niðurstöðu.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–80 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 - apríl 2009.

# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

## Lestur á höfuðborgarsvæðinu







**Allt sem þú þarft...**

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**6,5** prósenta aukning varð milli ára á fjölda ferðamanna sem fara um Leifsstöð í aprílmánuði að sögn Ferðamálastofu. Þeir voru tæplega 28 þúsund, um sautján hundruð fleiri en í fyrra.

**1,65** prósenta stýrivextir eru núna í Danmörku eftir að seðlabankinn þar í landi lækkaði vexti um 0,35 prósentustig, eða 35 punkta. Hér lækkaði Seðlabankinn síðast um 250 punkta.

**819** milljóna króna hagnaður varð af skaðatryggingarekstr innlendra vátryggingamiðlara í fyrra. Samkvæmt frétt Fjármálaeftirlitsins var hagnaðurinn 2,7 milljarðar árið 2007.

## BANKAHÓLFIÐ

### Átta árum of seinn…

Fullt var út úr dyrum á erindi bandaríska prófessorsins Williams K. Black í Háskóla Íslands á mánudag er hann fjallaði um það að hagfræði hafi ekki tekið fjársvik alvarlega og skortur sé á skýrri hagfræðikenningu um fjársvik í rekstri fyrirtækja. Á meðal gesta var Jón Gerald Sullenberger, fyrrverandi viðskiptafélagi Baugs í Bandaríkjunum. Jón, sem nokkrum sinnum lagði í púkkið í pallborðsumræðum, fagnaði komu Blacks en sagði hann átta árum of seinan á ferðinni. Black sagði svo ekki vera og benti á að bók sín um efnið hafi komið út fyrir fjórum árum, réttara sagt – 2005.



### Stjörnulesning

„Sennilega kaupum við bókina hans fljótlega,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. Ólafur og nokkrir starfsmanna hans fylktu liði á erindi prófessorsins Williams Black líkt og nokkrar stórkanónur úr íslensku efnahagslífi. Ólafur varð hins vegar að láta það verða sér að góðu að sitja á stól í gangvegin-um í Öskju líkt og margir fleiri. Miðað við erindi Blacks eiga starfsmenn embættisins von á góðu en bókin Besta leiðin til að ræna banka er að eiga hann (e. The Best Way to Rob a Bank Is to Own One), eftir William Black, fær fullt hús stjarna hjá lesendum bókarinnar á vef hennar hjá netverslun Amazon.com. Svona eftir á að hyggja er nokkuð augljóst hvað veldur vinsældunum, eða hvað?



### Til hvers að bíða?

Sums staðar hafa, vegna fyrirætlana nýrrar ríkisstjórnar um að fækka ráðuneytum, vaknað vangaveltur um af hverju sé þá farið af stað með þau svona mörg í upphafi. Sem dæmi mætti nefna að nýtt „atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti“ á þegar fram líða stundir að taka til allra atvinnugreina (utan opinbera geirans og fjármálamarkaðarins), nýsköpunar og þróunar innan þeirra. Þar verða teknar ákvarðanir um nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Velta sumir því fyrir sér af hverju stærra skref hafi ekki verið stigið nú þegar, enda loksins búið að koma landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti undir einn hatt. Í lófa lagið hefði átt að vera að skella þarna inn iðnaðinum, sem hvort eð er hafi verið samrekinn með viðskiptum hér áður fyrr.







# Sony Center kynnir

A200 – stafræn myndavél með linsu – TIPA verðlaunahafi

**DSLR-A200**

- 10,2 megapixlar
- 17-80mm linsa fylgir
- Allt að 3200 ISO ljósnæmi
- D-Range Optimizer - fyrir fallegri lýstar myndir
- Steady Shot Inside - hristivörn í vél fyrir meiri skerpu óháð linsu
- InfoLithium rafhlaða - allt að 750 myndir á hleðslu



**Taska fyrir vélina að verðmæti 8.990,- fylgir á meðan birgðir endast.**

**Verð 109.990,-**

SONY
Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is






SAMSUNG CLX-3160FN

SAMSUNG
Á SKRIFSTOFUNA!

FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI

**LITA LASERPRENTARI**: Upplausn: 2400 X 600 dpi
**SKANNI OG LJÓSRITUN**: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800)
**FAXTÆKI**: Leshraði: 3 sek pr/bls · Númeraminni: 30 beint
**ALMENNT**: Pappírsbakki inn/út: 150/100 blöð · Minni: 128 MB
**TENGING**: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

TILBOÐSVERÐ: 69.900,-
VERÐ ÁÐUR: ~~89.900,-~~

NÝR LITA LASER-PRENTARI



SAMSUNG CLP-310

NÝR, NETTUR, HLJÓÐLÁTUR OG SKARPUR LASER LITA-PRENTARI

**Upplausn**: 2400 X 600 dpi
**Minni**: 32MB
**Hljóðmagn**: <49dB
**Stuðningur**: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
**Tenging**: USB 2.0

VERÐ: 45.900,-



SAMSUNG SCX-4300

NÝTT FJÖLNOTATÆKI

LASER-PRENTARI
SKANNI, LJÓSRITUN

**Laserprentari**: Svart-hvítur
**Prenthraði**: 18 bls./mín.
**Skanni og ljósritun**: Upplausn: 600x2400dpi
**Stuðningur**: Windows, Mac OS, Linux
**Tenging**: USB 2.0

VERÐ: 37.900,-

ORMSSON
SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

ENNEMM / SÍA / NM37678


Elmar Blær Arnarson – Hrafnagilsskóli


Harpa Mjöll Þórsdóttir – Húsaskóli


Ingibjörg Elísa Jónatansdóttir – Öldutúnsskóli



Sveinbjörg D. Steinþórsdóttir – Fellaskóli

# Mjólkursamsalan þakkar góða þátttöku

Síðastliðið haust hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn.

Afraksturinn var frábær – nærri 900 myndir bárust frá 4. bekkingum í grunnskólum landsins í keppnina um verðlaunasætin tíu. Hér á síðunni má einmitt sjá vinningsmyndirnar.

**Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir!**

Mjólkursamsalan


Lára Sif Davíðsdóttir – Sjálandsskóli



Hafþór Ingólfsson – Nesskóli



Valgerður Pétursdóttir – Síðuskóli


Kristín María Vilhjálmsdóttir – Fellaskóli


Þórhallur Tryggvason – Ísaksskóli



Embla Líf Trepte Elsudóttir – Grunnskóli Bláskógabyggðar






NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

# Sinn er siður í landi hverju

Eftir rúmlega vikudvöl í Moskvu er maður farinn að skilja betur hvernig hlutirnir ganga fyrir sig, viðmót fólks og hvar er skynsamlegast að versla. Þar sem allt á hótelinu og í verslununum þar í kring er mjög dýrt buðust hinir rússnesku leiðsögumenn okkar íslenska Eurovision-hóps til að fara með okkur í stóra matvöruverslun. Þangað var haldið í rútu og vegna strangra öryggisreglna í tengslum við keppnina vorum við í lögreglufylgd allan tímann sem var frekar sérstök upplifun þegar tilefnið var ekki meira en að kaupa drykkjarföng og smá snarl.



Það sem kom mér þó mest á óvart í þessari verslunarferð var að ganga um með innkaupakerru í þröngum rekkum og finna fólk rekast utan í kerruna hvað eftir annað, eða jafnvel ýta manni til hliðar án þess að svo mikið sem líta á mann eða segja afsakið. Þetta var hálfpartinn eins og einhver keppni og mér fór að líða einstaklega kjánalega, brosandi til fólks og biðja það afsökunar þótt það hefði klesst harkalega utan í mig. Ég fór að sjá svipað munstur í umferðinni þar sem aðeins virðist gilda að troða sér áfram ef þú ætlar einhvern tíma að komast á leiðarenda. Þetta er ekki túlkað sem nein ókurteisi heldur eðlilegt viðmót og mér var svo sagt að kurteislegt bros til ókunnugra gæti hreinlega misskilist og túlkað sem móðgun.

Þótt við Íslendingar séum nú kannski ekki síbrosandi hver til annars, bjóðandi góðan daginn, fannst mér þetta mjög skrítið til að byrja með. Fljótt hættir maður að kippa sér upp við það, enda hafa Rússarnir reynst okkur einstaklega vel og Moskva er vægast sagt mögnuð borg.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Bíódreifing styrkt

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hefur tilkynnt að nú verði efnt til sérstaks átaks í dreifingu norrænna kvikmynda á markaðsvæði Norðurlanda: komið verður á fót nýju styrkja- og hvatakerfi, undir nafninu Nordic High Five, sem ætlað er að auka framboð norrænna kvikmynda í kvikmyndahúsum Norðurlandanna, styrkja markaðshlut norrænna kvikmynda og auðvelda dreifingu þeirra um svæðið. Styrkurinn á að bæta rekstrarumhverfi rétthafa og dreifingaraðila norrænna mynda. Í fréttatilkynningu frá sjóðnum segir að á undanförnum árum hafi kvikmyndamarkaðurinn gert útgáfu á norrænum myndum æ erfiðari á Norðurlöndunum. Sjóðurinn vill, í gegnum Nordic High Five, bjóða upp á styrki sem er beinlínis ætlað til dreifingar á norrænum kvikmyndum til kvikmyndahúsa á öðrum Norðurlöndunum. Sem sagt til að dreifa myndum frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hérlendis, íslenskum myndum á hinum Norðurlöndunum. Ein augljós afleiðing er sú að fleiri norrænar kvikmyndir verða einnig gefnar út á DVD-diskum, á VOD-leigum og sýndar í sjónvarpi viðkomandi landa.

Nordic High Five er þriggja ára áætlun og eftir tvö ár verður lagt mat á þann árangur sem náðst hefur. Þau fimm dreifingarfyrirtæki sem hafa verið valin til verkefnisins eru Camera Film í Danmörku, BioRex í Finnlandi, Græna ljósið á Íslandi, Arthaus í Noregi og NonStop í Svíþjóð. Öll þessi fyrirtæki sérhæfa sig í listrænum kvikmyndum og búa því yfir sérþekkingu í að dreifa minni gæðamyndum. Þessi fyrirtæki eru öll frekar lítil á sínum heimamarkaði og unnu öll saman við kynningu og sýningar á myndum sem kepptu um Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs í fyrra og munu halda því samstarfi áfram á þessu ári. Styrkirnir eru að hluta til endurkræfir eins og er raunin með flesta styrki frá sjóðnum þótt sjaldan komi til endurgreiðslu. Fyrstu kvikmyndirnar sem dreift verður undir hatti Nordic High Five eru De Ufrivillige eftir Ruben Østlund, Kenny Starfighter eftir Calle Åstrand og Mats Lindberg, Valhalla Rising eftir Nicolas Winding Refn, Letters to Pastor Jacob eftir Klaus Härö og Brúðguminn eftir Baltasar Kormák. Styrkirnir eru veittir til dreifingar í stökum löndum. Þannig er Brúðgumanum dreift í Svíþjóð á styrk, en Valhalla á Íslandi. Það er eiginlega til marks um veika dreifingu norrænna mynda milli málsvæðanna að styrkja þurfi þær tvær kvikmyndir sem báðar ættu að eiga möguleika á hefðbundinni dreifingu.

Megintilgangur Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins er að styðja framleiðslu og dreifingu á vönduðum norrænum kvikmyndum og norrænu sjónvarpsefni. Árlega hefur sjóðurinn 70 milljónir danskar krónur til umráða. Samstarfsaðilar sjóðsins eru Norðurlandaráð sem leggur til mesta fjármagnið, kvikmyndamiðstöðvar Norðurlandanna fimm og ellefu norrænar sjónvarpsstöðvar: DR, TV2 Danmark (DK), YLE, Nelonon Media (FI), RÚV, Stöð 2 (IS), NRK, TV2 Norge (NO), SVT, TV4 og Kanal 5 (SV).

**- pbb**



**KVIKMYNDIR** Valhalla Rising, víkingamynd sem að hluta var tekin hér á landi, með Mads Mikkelsen fær styrk til dreifingar á Íslandi í nýju styrkjaátaki Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins. MYND SCANBOX/ZIKZAK

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 13. maí 2009**

### ➜ Tónleikar

**20.00 Árnesingakórinn í Reykjavík** heldur vortónleika í Fella- og Hólakirkju við Hólaberg, þar sem flutt verður trúartónlist úr ýmsum áttum.

**20.00** Jón Gunnar Biering Margeirsson gítarleikari, verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni eru gítarverk eftir m.a. J.S. Bach, E. Granados og Jón Gunnar sjálfan.

### ➜ Leiklist



**20.00 Í Iðnó** við Vonarstræti verður **Spliinng!,** lesin og leikin dagskrá sem fjallar bæði af gamni og alvöru um atvinnumissi og önnur viðkvæm málefni. Flytjendur eru Guðmundur Ólafsson, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Bryndís Ásmundsdóttir og Höskuldur Sæmundsson.

### ➜ Námskeið

**17.00** Sigurborg Kr. Hannesdóttir kynnir 5 Rythma dansnámskeið að Laugavegi 51. Mæta í þægilegum fötum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### ➜ Ljósmyndasýningar

**Sýningin Heima - heiman** hefur verið opnuð í heimkynnum Rauða krossins að Skólabraut 25a á Akranesi. Katrín Elvarsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir standa að sýningunni sem er ætlað að gefa innsýn í líf flóttamanna og hælisleitenda sem komið hafa til Íslands. Opið mán.-fös. kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

### ➜ Myndlist

**Jessica Langley og Ben Kinsley** hafa opnað sýninguna „The Thirteenth day" í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi á Seyðisfirði. Opið mið.-fim. kl. 13-17 og fös.-sun kl. 13-20.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Í Óðamansgarði

hrífandi listviðburður á Stóra sviðinu



> ÁNÆGÐ MEÐ ÚTLITIÐ

**Lindsay Lohan** hefur grennst mikið síðan sambandi hennar og Samönthu Ronson lauk fyrir nokkrum vikum. Kenningar hafa verið á lofti um að Lohan svelti sig en því neitar hún. „Það er ekki rétt. Ég er gagnrýnd þegar ég er of grönn og þegar ég er of þung. Ég er ánægð með útlit mitt.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Playboy dregur saman seglin

Stórtækar breytingar gætu verið yfirvofandi hjá karlatímaritinu Playboy. Mikið tap hefur verið á útgáfu blaðsins og stjórnendur þess skoða nú ýmsar aðgerðir til að mæta því. Meðal þess sem kemur til greina er að hækka áskriftar- og lausasöluverðið, fækka útgáfudögum eða minnka dreifingu blaðsins.

Playboy Enterprises, sem rekur blaðið, segir að vel komi til greina að selja það. Mikið tap var á síðasta ársfjórðungi og auglýsingatekjur hafa dregist umtalsvert saman. Alls hafa auglýsingatekjur dregist saman um 26 prósent og spár gera ráð fyrir að þær dragist saman um 39 prósent á þessum ársfjórðungi.

„Það er ljóst að þetta fyrirtæki getur ekki þolað umtalsvert tap í geira sem nær ekki yfir nema fjórðung tekjusviðs fyrirtækisins,“ segir Jerome Kern, stjórnarformaður Playboy Enterprises. „Af þessum sökum munum við gera róttækar breytingar á tímaritinu.“



**TAP HJÁ PLAYBOY** Playboy-kóngurinn Hugh Hefner getur ekki verið sáttur við að mikið tap hefur verið á útgáfu Playboy-tímaritsins. Ráðist verður í sparnaðaraðgerðir til að rétta reksturinn af. Hér sést Hefner með Playboy-stúlkunum Kendru Wilkinson og Bridget Marquardt. NORDICPHOTOS/GETTY



**YUSUF ISLAM** Hélt tónleika í Los Angeles eftir að hafa leyst úr vandræðum með vegabréf sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Spilaði loks í Los Angeles

Tónlistarmaðurinn Yusuf Islam lék á fyrstu tónleikum sínum í Bandaríkjunum í 33 ár á mánudagskvöld. Islam, sem flestir þekkja eflaust sem Cat Stevens, fagnaði útgáfu nýrrar plötu sinnar með 400 manna tónleikum í Los Angeles.

Það var árið 1976 sem Islam lék síðast á tónleikum í Bandaríkjunum en hann gerðist í kjölfarið múslimi og hætti að kalla sig Cat Stevens. Islam átti að spila í New York í byrjun mánaðarins en fresta varð þeim tónleikum vegna vandræða með vegabréfsáritun hans. Tónlistarmaðurinn grínaðist með þessi vandræði við áhorfendur í LA og verðlaunaði þá með slögurum á borð við Peace Train, Where Do the Children Play? og Wild World.

# Brooke Shields kemur Kiefer til varnar

**Hinn undarlegasti fjölmiðlasirkus er að myndast í kringum líkamsárás Kiefers Sutherland á galakvöldverði búningastofnunar Metropolitan-safnsins á Manhattan fyrir nokkru. Leikarinn er sakaður um að hafa skallað þekktan tískuhönnuð.**

Málavextir eru þeir að Kiefer sótti þessa árlegu veislu þar sem margar af helstu stórstjörnum Hollywood sameinast tískuhönnuðum og fyrirsætum í góðu glensi. Veislan þykir mikill viðburður í samkvæmislífi hinna ríku og frægu og eftirsóknarvert er að fá boðskort þangað inn. Teitið fékk á sig eilítið blóðuga mynd þegar stjarnan úr sjónvarpsþáttunum 24 tók sig til og skallaði fatahönnuðinn Jack McCollough. Að sögn talsmanns Kiefers var leikarinn eingöngu að halda uppi vörnum og heiðri leikkonunnar Brooke Shields. McCollough þótti, að sögn talsmannsins, sýna óviðeigandi hegðun í garð leikkonunnar og Kiefer lét hann finna, með bókstaflegum hætti, fyrir vandlætingu sinni.

Brooke hefur hingað til ekki viljað tjá sig um málavexti en samkvæmt New York Daily News hefur hún tekið sér stöðu við hlið Kiefers. Sem þykir nokkuð óvæntur snúningur á þessu furðulega máli. Í yfirlýsingu frá lögfræðingi hennar kemur nefnilega fram að McCollough hafi átt upptökin, hann hafi viljandi rekist utan í leikkonuna og Kiefer hafi brugðist við. „Sutherland hefur alltaf verið sannur herramaður þegar Shields er annars vegar,“ segir í yfirlýsingu Shields.

New York Daily News er hins vegar ekki alveg jafn sannfært um sakleysi Sutherlands og greinir frá því að leikarinn eigi erfitt með að hemja skap sitt þegar hann á annað borð fær sér í glas. Blaðið hefur eftir ónefndum samstarfsfélaga Sutherlands að eftir vinnu settist leikarinn yfirleitt við næsta bar, sæti þar í fjóra tíma og drykki ótæpilegt magn af áfengi. „Hann er síður en svo skemmtilegur með víni,“ segir samstarfsmaðurinn ónafngreindi. Blaðið segir einnig frá lítilli flugferð með einkaflugvél fyrir skemmstu þar sem leikarinn hafi drukkið fjórar sterkar vínblöndur á innan við klukkutíma. Eftir að Sutherland hafði rennt þeim niður gjörbreyttist skapið og hann hótaði að lemja alla um borð. Flugvélin náði þó að lenda áður en til þess kom.

Talsmaður Sutherlands sagði við blaðið að leikarinn myndi halda áfram að sinna sínu starfi þrátt fyrir að lögreglan í New York hefði kært hann fyrir líkamsárás. Sutherland á að mæta fyrir dómara á Manhattan hinn 9. júní en þangað til mun hann meðal annars fara á Emmy-verðlaunahátíðina, en hún er einmitt haldin í New York á hverju ári.



**TEKUR UPP HANSKANN** Brooke Shields tekur upp hanskann fyrir Kiefer Sutherland í yfirlýsingu sem lögfræðingur hennar sendi fjölmiðlum. NORDICPHOTOS/GETTY



**Í VONDUM MÁLUM** Kiefer Sutherland er ekkert í alltof góðum málum eftir að hann skallaði þekktan fatahönnuð í veislu á Manhattan. Hann segist þó vera saklaus af öllum ákærum, fatahönnuðurinn hafi átt upptökin. Hér mætir hann í skýrslutöku hjá lögreglunni í New York. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


FÆRÐU **BRJÓSTSVIÐA** EÐA SÚRT BAKFLÆÐI?...




...Nú færðu Losec mups* án lyfseðils í næsta apóteki!

*Omeprazol

**Notkunarsvið:** Losec Mups sýruþolnar töflur innihalda efnið omeprazol sem hemur magasýruframleiðslu. Losec Mups er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir omeprazoli eða einhverju öðru innihaldsefnanna eða samhliða lyfjum sem innihalda atazanavir. Gæta skal varúðar ef þú færð einhver af eftirtöldum einkennum: Verulegt þyngdartap, endurtekin uppköst, kyngingarerfiðleika, blóðuppköst eða blóð í hægðum. Þá skal hafa samband við lækni. Látið lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð. Meðganga og brjóstagjöf: Losec Mups má nota á meðgöngu. Konur með barn á brjósti eiga að leita ráða hjá lækni áður en notkun hefst. Skömmtun: Ein Losec Mups 20 mg tafla ekki oftar en einu sinni á sólarhring. Ef einkennin hafa ekki horfið eftir 14 daga stöðuga notkun skal hafa samband við lækni. Gleypa á töflurnar heilar með ½ glasi af vökva. Hvorki má tyggja þær né mylja. Töflurnar má leysa upp í vatni eða einhverjum súrum vökva (t.d. ávaxtasafa) og taka þannig inn. Það skiptir ekki máli hvort Losec Mups er tekið inn með eða án matar. Algengustu aukaverkanir eru: Höfuðverkur, niðurgangur, ógleði/uppköst, kviðverkir, hægðatregða og aukinn vindgangur. **Lesið vandlega allan fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu**. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Mars 2009.

AstraZeneca
annt um líf og líðan




**BOB DYLAN** Skoðaði æskuheimili Bítilsins Johns Lennon í Liverpool.

## Dylan heimsækir Lennon

**Tónlistarmaðurinn Bob Dylan skellti sér nýverið í skoðunarferð um Liverpool og heimsótti meðal annars æskuheimili Johns Lennon. Dylan greiddi rúmar þrjú þúsund krónur fyrir skoðunarferðina.**

**„Við ætluðum ekki að trúa því þegar umboðsmaður hans hringdi í okkur og spurði hvort Bob gæti komist í ferð hjá okkur til að sjá hús Johns. Hann eyddi óratíma í að skoða myndaalbúm og var yfir sig hrifinn af minjagripunum,“ sagði talsmaður samtakanna sem sjá um rekstur hússins við Daily Mirror.**




Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**

COMFORT solutions®
By King Koil®



# 30% AFSLÁTTUR!



Af sængurfatnaði og heilsukoddum

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus










LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| STAR TREK | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 10 |
| MÚMÍNÁLFARNIR(650kr.) | kl. 4 - Íslenskt tal | L |
| STATE OF PLAY | kl. 10 | 12 |
| 17 AGAIN | kl. 4, 6 og 8 | L |












SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK | kl. 6 - 8D - 10:40D | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| X MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 6 - 8 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8:30 - 10:40 | 12 |
| THE UNBORN | kl. 10:40 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LA CENTERENTOLA | kl. 7D | L |
| STAR TREK XI | kl. 8D - 10:30D | 10 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | L |
| NEW IN TOWN | kl. 6 - 8 | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 | L |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 8 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 10:20 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 10 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS AND DEMONS | kl. 8 - 10:40 | 14 |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 7 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS D | kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS D | kl. 5 - 8 -10.50 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE D | kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
750 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6 - 8 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR


# Rihanna hjólar í Chris Brown

Söngkonan Rihanna ræðst á fyrrverandi kærastann sinn, Chris Brown, í nýju lagi sem birtist á Netinu um helgina. Frægt varð þegar Rihanna og Brown hættu saman fyrir nokkru eftir áflog þar sem hún meiddist nokkuð illa og Brown mun sæta ákæru fyrir. Nú er Rihanna aftur á móti að vinna að fjórðu plötu sinni og telur að stund hefndarinnar sé runnin upp.

Lagið umrædda heitir Silly boy og í því nýtur Rihanna liðsinnis söngkonunnar Lady GaGa. Lagið birtist á bloggsíðu Kanye West og textinn er greinilega saminn um sambandsslit þeirra Browns. Þetta er texti lagsins:

„Silly boy get outta here, I don't want you any more, the only thing I want from you is to stay away. I said I'm not coming back, you fooled me once but you can't have that ego turning. Just too bad for you, that when you had me, didn't know what to do, she's over you.

Cause you had a good girl, good girl, girl. That's a keeper. You had a good girl, good girl but didn't know how to treat her.

So silly boy get out my face. Why do you like the way regrets taste?"

Engin viðbrögð hafa borist frá Brown vegna lagsins. Hann hefur neitað ákæru um grófa líkamsárás og hótanir í garð Rihönnu. Ef hann verður fundinn sekur gæti hann verið dæmdur til fimm ára fangelsisvistar.





**LÆTUR FYRRVERANDI KÆRASTANN HEYRA ÞAÐ** Söngkonan Rihanna hefur látið leka lagi á Netið þar sem hún syngur um sambandsslit sín og Chris Brown. Hans gæti beðið fimm ára fangelsi.

# Peter Andre sparkaði Jordan

**Eitt eftirminnilegasta par Bretlands hefur sótt um skilnað. Þrátt fyrir óskir um að einkalífið skyldi virt hafa breskir fjölmiðlar kafað djúpt ofan í hjónaband þeirra Katie Price og Peter Andre.**

The Sun greindi frá því á mánudaginn að Katie Price, betur þekkt sem Jordan, hefði verið mynduð úti á lífinu ásamt óþekktum karlmanni. Jordan var í fremur annarlegu ástandi og virtist láta vel að huldumanninum. Samkvæmt The Sun voru þessar myndir kornið sem fyllti mælinn hjá Peter en hann var, að sögn heimildarmanna blaðsins, búinn að fá sig fullsaddan af sukkinu í kringum eiginkonuna. Ekki væri nóg með að hún væri stöðugt úti á lífinu heldur væri hún að stíga í vænginn við einhverja fulla karla á bar.

The Sun birti síðan í gær yfirlýsingu frá umræddum manni og þar kom fram að hann væri samkynhneigður. Jordan sjálf lét sitt ekki eftir liggja í fjölmiðlaumræðunni, sagði við breska fjölmiðla að Peter væri maðurinn í hennar lífi, hún myndi alltaf elska hann og því hefði skilnaðurinn komið henni í opna skjöldu. „Peter átti algjörlega frumkvæðið að þessu og ég er miður mín yfir þeirri ákvörðun hans. Við eigum tvö börn saman og ég hafði hugsað mér að eyða ævinni með honum," sagði Jordan í samtali við The Sun.

Peter Andre var hins vegar myndaður af ljósmyndurum þegar hann yfirgaf heimili sitt í fyrsta skipti eftir að fréttin um skilnaðinn fór í loftið. Hann var hins vegar þögull sem gröfin og ræddi ekkert við blaðamenn. Jordan hefur hins vegar ekkert sést á götum London og The Sun auglýsir eftir henni á vefsíðu sinni.



**FJÖLMIÐLAFÁR** Ólíkt því sem Jordan og Peter Andre óskuðu eftir þá hafa fjölmiðlar sýnt skilnaði þeirra mikinn áhuga. Hér eru þau á meðan allt lék í lyndi í maraþonhlaupi í London. NORDICPHOTOS/GETTY


KARLAKÓR REYKJAVÍKUR
VILTU SLÁST Í HÓPINN?



Karlakór Reykjavíkur getur alltaf bætt við sig söngmönnum og nú í maí verða haldin raddpróf fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt. Prófið er ekki flókið þar sem prófað er raddsvið og tónheyrn. Kunnátta í tónlist og nótnalestri er kostur en alls ekki skilyrði.

Ef þú hefur áhuga á að koma í raddpróf skaltu hafa samband með því að senda okkur línu í netfangið fsk@kkor.is fyrir 20. maí næstkomandi eða í síma 896 4914 og 551 4885

VETRARSTARFIÐ

Stærsti viðburðurinn á fyrri hluta starfsársins eru árlegir aðventutónleikar í Hallgrímskirkju í desember n.k. Einnig eru ráðgerðar styttri tónleikaferðir innanlands. Eftir áramót snýr kórinn sér að fullum krafti að því að æfa fyrir 84. vortónleika sína sem haldnir verða í Langholtskirkju í apríl 2010. Til viðbótar við þetta kemur kórinn fram við ýmis tækifæri s.s. á árshátíðum fyrirtækja, afmælum og þess háttar.

Karlakór Reykjavíkur var stofnaður 1926 og hefur starfað samfleytt síðan. Kórinn býður upp á krefjandi og áhugaverð viðfangsefni í tónlist og ekki síður skemmtilegt félagsstarf í góðum félagskap. Söngferðir til útlanda eru farnar að jafnaði annað til þriðja hvert ár auk tónleikahalds innanlands. Fastir punktar í starfseminni eru jólatónleikar í Hallgrímskirkju á aðventu og tónleikar í Langholtskirkju á vorin. Æfingar eru tvisvar í viku, tvo tíma í senn, og fara þær fram í Gerðhömrum, félagsheimili kórsins að Grensásvegi 13.

# Horfir ekki á Eurovision


**ÓSÁTTUR** Benny Anderson er ósáttur við Eurovision-keppnina og segir hana bara vera sjónvarpsefni, ekki tónlistarkeppni.

Þó að Eurovision-keppnin hafi opnað allar dyr fyrir sönghópinn Abba þá segir Benny Anderson, einn af fyrrverandi meðlimum hópsins, keppnina hafa dalað ákaflega mikið. Og að hann nenni ekki að horfa á hana lengur. Svíar minntust þess í Moskvu að 35 ár eru liðin síðan Abba tók Evrópu með trompi og sigraði Eurovision með laginu Waterloo. „Þetta er hugsanlega mjög skemmtilegt sjónvarpsefni en hvað tónlistina varðar gefur þetta manni ekki neitt," sagði Benny í samtali við BBC.

Þessi gagnrýni kemur í framhaldi af ummælum Terry Wogan, hins fræga Eurovision-lýsanda þeirra Breta, sem sagði upp starfi sínu vegna þess að honum fannst keppnin hafa misst marks. „Breski flytjandinn gaf sig allan í flutninginn en það voru bara einhver fáránleg lög sem fengu stig," sagði Wogan.

# Tarantino planar framhald


**MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM** Quentin Tarantino áformar framhald Inglorious Basterds og framhaldsmynd þeirrar framhaldsmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Quentin Tarantino er þegar byrjaður að skrifa framhald kvikmyndarinnar Inglorious Basterds, þó enn eigi eftir að frumsýna hana. Í samtali við New York Times greindi hann frá því að aukasaga sem ekki var notuð í myndinni gæti orðið að annarri mynd.

„Ég á hálfa framhaldsmynd skrifaða ef þessi slær í gegn," segir leikstjórinn. Sagan snýst um svarta hermenn í Bandaríkjaher sem eru fastir á yfirráðasvæði óvinarins. Í umræddu viðtali lét Tarantino gamminn geisa og datt greinilega í hug framhaldsmynd af umræddri framhaldsmynd. Hún gæti snúist um baráttu við Ku Klux Klan. „Þegar þeir klára Evrópu gætu þeir farið til Suðurríkjanna og tekið KKK á sjötta áratugnum," sagði hann.

Inglorious Basterds fjallar um hóp hermanna, sem eru gyðingar, sem fara í hefndarför gegn nasistum í Evrópu. Myndin verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes síðar í mánuðinum.


**GRAHAM COXON** Enginn vinnuþjarkur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Með ofnæmi fyrir vinnu

**Tónlistarmaðurinn Graham Coxon segist vera með ofnæmi fyrir því að vinna. Coxon, sem gefið hefur út sjö sólóplötur auk þess að vera gítarleikari Blur, segist kunna því best að slappa af heima hjá sér.**

**„Ég er eiginlega með ofnæmi fyrir vinnu – svefnleysi gerir mig stressaðan og ég kann því ekki vel að hafa mikið að gera. Best þætti mér að vinna við að búa til skó. Kannski ég láti verða af því einhvern daginn."**

**Þrátt fyrir þessar yfirlýsingar náði Coxon að koma út sjöundu sólóplötu sinni, The Spinning Top, fyrir skemmstu meðfram því að æfa fyrir endurkomu Blur í sumar.**


**MIKILL HEIÐUR** Senegalinn Akon mun syngja opinbert lag HM í fótbolta á næsta ári.

# Akon semur HM-lagið

**Tónlistarmaðurinn Akon hefur fengið það verkefni að semja og flytja opinbert lag heimsmeistarakeppninnar í fótbolta sem haldin verður í Suður-Afríku á næsta ári. Söngvarinn, sem er frá Senegal, verður tónlistarstjóri keppninnar auk þess að koma fram á opnunarhátíðinni.**

**„Ég elska fótbolta svo þetta er mikill heiður," segir Akon um þetta verkefni. Þrátt fyrir að hann sé vinur enska landsliðsmannsins Davids Beckham segist Akon ekki ætla að bjóða neinum fótboltamönnum að syngja með sér. „Ég þekki David, hann er minn maður. En ég ætla ekki að leita ráða hjá honum. Fótboltamenn ættu að halda sig við fótboltann."**



## > Atvik umferðarinnar

Þegar Jóhannes Valgeirsson ákveður að fara eftir tilmælum aðstoðardómara, sem var í verri stöðu en hann sjálfur, og rekur Aron Jóhannsson Fjölnismann af velli. Skelfilegur dómur hjá Jóhannesi sem hefur þess utan oft mætt til leiks í betra líkamlegu formi.

## > Bestu ummælin

„Þeir eru með dýrasta lið Íslandssögunnar og auðvitað eiga þeir að gera betur,“ sagði Valur Fannar Gíslason, fyrirliði Fylkis í viðtali við Stöð 2 Sport. Hann sendi frá sér yfirlýsingu í gær og tók ummæli sín til baka.



# sport

sport@frettabladid.is

PEPSI-DEILD KARLA: ÚRVALSLIÐ 1. UMFERÐAR

## *Nýliðar Stjörnunnar með tvo í liðinu*

Fyrsta umferðin í Pepsi-deild karla er afstaðin en hún fór fram við misjafnar aðstæður.

Fréttablaðið mun sem fyrr velja leikmann hverrar umferðar ásamt liði umferðarinnar. Þrjú lið eiga tvo fulltrúa í liði umferðarinnar að þessu sinni - KR, Keflavík og nýliðar Stjörnunnar sem komu skemmtilega á óvart gegn Grindavík.

Hólmar Örn tryggði Keflavík sigur á FH og nýi miðvörðurinn, Alen Sutej, leit vel út í fyrsta leik og á eftir að reynast Keflavík drjúgur ef að líkum lætur.

Jónas Guðni og Björgólfur kláruðu Fjölni og í liðinu er einnig ungur Fjölnismaður, Aron Jóhannsson, sem sló í gegn með mögnuðum leik. Hann fékk reyndar glórulaust rautt spjald undir lok leiksins.

Annar ungur strákur, Tómas Þorsteinsson, var flottur með Fylki gegn Val. Heiðar Geir spilaði stutt með Fram en breytti samt algjörlega gangi leiksins gegn ÍBV og var valinn maður leiksins.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** KR 18.
**Flest skot á mark:** KR 11.
**Fæst skot:** Grindavík 7.
**Hæsta meðaleink.:** Stjarnan 6,36.
**Lægsta meðaleink.:** Grindavík 4,23.
**Grófasta liðið:** Þróttur, KR og FH brutu 19 sinnum af sér.
**Prúðasta liðið:** Fram 8 brot.
**Flestir áhorfendur:** 1899, á leik KR og Fjölnis.
**Fæstir áhorfendur:** 753, á leik Fram og ÍBV.
**Áhorfendur alls:** 6970 (1161).
**Besti dómarinn:**
Kristinn Jakobsson Fékk 7 í einkunn fyrir leik Keflavíkur og FH.



**Á WEMBLEY** Jóhannes Karl Guðjónsson ásamt stjóranum Owen Coyle.
NORDICPHOTOS/GETTY

Enska b-deildin í fótbolta:

## Burnley komst á Wembley

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson og félagar í Burnley tryggðu sér í gærkvöldi sæti í úrslitaleiknum um sæti í ensku úrvalsdeildinni með því að vinna Reading, 2-0, á útivelli.

Burnley vann 1-0 sigur í fyrri leiknum á sínum heimavelli og vann því 3-0 samanlagt. Bæði mörk liðsins í gær voru stórglæsleg en þau gerðu Martin Paterson og Steven Thompson.

Jóhannes Karl Guðjónsson kom inn á sem varamaður hjá Burnley á 71. mínútu leiksins. Brynjar Björn Gunnarsson lék allan leikinn með Reading.
Burnley mætir Sheffield United í úrslitaleiknum sem fram fer 25. maí næstkomandi. **- óój**

# Ég ætla mér að spila til fertugs

**Daði Lárusson, markvörður FH, er leikmaður 1. umferðar Pepsi-deildar karla hjá Fréttablaðinu. Daði átti virkilega góðan leik gegn Keflavík og sá til þess að tíu FH-ingar fengu aðeins á sig eitt mark í leiknum. Daði hvarf okkur sjónum síðasta sumar en er kominn aftur á fullt og segist ekki nálgast endalok ferilsins.**

**FÓTBOLTI** „Eigum við ekki að segja að ég hafi verið á pari miðað við standið á mér enda er ég kominn í virkilega gott form. Það var reyndar ópolandi að fá þetta mark á sig og tapa. Það er samt ljúfsárt að fá smá viðurkenningu fyrir frammistöðuna,“ sagði Daði Lárusson, leikmaður 1. umferðar Pepsi-deildarinnar hjá Fréttablaðinu.

Daði lenti í erfiðum bakmeiðslum á síðustu leiktíð. Missti stöðu sína til Gunnars Sigurðssonar og kom ekkert við sögu seinni hluta mótsins. Margir héldu að Daði væri hreinlega hættur en svo er nú alls ekki.

„Ég er kannski ekki stiginn upp frá dauðum heldur meira úr meiðslum. Ég er genginn í endurnýjun lífdaga. Maður verður að hugsa vel um skrokkinn á sér á efri árum til þess að halda sér í formi,“ sagði Daði sem er 35 ára gamall. Hann fór í bakinu í fyrra og í kjölfarið komu bólgur í magafestingarnar. Það er ekkert sem háir Daða lengur og hann segist eiga nóg eftir.

„Eigum við ekki að segja að læknavísindin muni halda mér gangandi til fertugs. Ég er ekkert á þeim buxunum að hætta enda hef ég ákaflega gaman af því að spila með FH-liðinu. Ég er orðinn fullkomlega heill heilsu og í flottu formi. Ég ætla að sýna mitt rétta andlit í sumar og næstu sumur líka. Stefnan er að spila til fertugs. Ég get ekki hugsað mér að hætta eins og staðan er í dag,“ sagði Daði en hvernig var sú nýja reynsla að þurfa að sitja á bekknum í fyrra?



**KOMINN AFTUR** Daði Lárusson átti flotta endurkomu á fótboltavöllinn í skítaveðri í Keflavík á mánudaginn var.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það lenda flestir leikmenn í svona upplifun og þá koðna menn annaðhvort undan álaginu eða koma sterkir til baka. Ég valdi seinni kostinn.

Ég hafði ekki áhuga á að enda ferilinn á bekknum. Ég þarf samt að vera vel á tánum enda er góður markvörður á bekknum sem veitir mér verðuga samkeppni,“ sagði Daði um Gunnar Sigurðsson sem leysti hann svo vel af hólmi á síðustu leiktíð.

Daði hefur undanfarin ár verið viðloðandi landsliðið. Lengstum setið á bekknum en þó fengið tækifæri líka. Hann missti sæti sitt þar í fyrra rétt eins og hjá FH. Í ljósi þess að hann ætlar að spila næstu árin mun hann þá gera aðra atlögu að landsliðssæti?

„Ég held að Óli sé kominn með sitt framtíðarplan og ég ætla ekkert að fara að trufla það fyrir honum. Ég hugsa bara um að standa mig fyrir FH og það er nóg álag í því fyrir miðaldra mann. Það er nóg fyrir mann á þessum aldri að spila bara fyrir eitt lið,“ sagð Daði léttur og í fínu formi.

**henry@frettabladid.is**






Landsliðsfyrirliðinn skiptir um félag í kvennakörfunni:

## Signý er farin í KR

**KÖRFUBOLTI** Signý Hermannsdóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins í körfubolta og besti leikmaður síðasta tímabils, hefur ákveðið að spila með KR í Iceland Express-deild kvenna næsta vetur.

„Það var kominn tími fyrir mig að breyta til. KR hentar mér vel. Ég þekki þessar stelpur mjög vel og ég held að ég sé ágætis viðbót inn í þennan hóp,“ sagði Signý sem fer í háskólann næsta vetur.

„Það voru engin önnur lið inni í myndinni og þetta var bara val á milli KR og Vals. Þetta er ekki ákvörðun sem ég tek létt og ég var búin að hugsa mjög mikið um hvað ég ætti að gera,“ segir Signý en hún á enn eftir að verða Íslandsmeistari á ferlinum og það gæti breyst næsta vetur enda KR-liðið komið með mjög breiðan og öflugan hóp.

Signý segir það hafa verið erfitt að yfirgefa Val. „Ég kveð allt góða fólkið í Val með söknuði en þessi ákvörðun var algjörlega tekin út frá mínum forsendum. Ég vil óska þeim alls hins besta,“ sagði Signý sem hefur leikið með Val eða ÍS allan sinn feril hér á landi. Hún er uppalin í Val en fór í ÍS þegar Valsmenn lögðu niður kvennaliðið sitt frá 1996 til 2007.

Signý er gríðarlegur styrkur fyrir lið KR sem varð bikarmeistari í vetur og endaði í 2. sæti á Íslandsmótinu. Signý var kosin leikmaður ársins í lokahófinu en hún var með 19,5 stig, 14,1 frákast, 4,1 stoðsendingu og 5,8 varin skot að meðaltali í leik með Val í vetur.

Signý hefur verið fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins undanfarin fjögur ár og hefur alls spilað 53 A-landsleiki fyrir Íslands hönd. Hún er núna í miðjum undirbúningi fyrir Smáþjóðaleikana á Kýpur. **- óój**



**MIKILL LIÐSSTYRKUR** Signý Hermannsdóttir er besti miðherji landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**TÓLF MÖRK** Það var mikið skorað í leik Vals og Blika í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Stórleikur Vals og Breiðabliks:

## Endurtaka þær markaveisluna?

**FÓTBOLTI** Valur og Breiðablik mætast klukkan 19.15 í kvöld í toppslag Pepsi-deildar kvenna á Vodafone-vellinum að Hlíðarenda. Þessum tveimur liðum var spáð efstu sætunum og ef marka má þróun undanfarinna ára þá gæti þetta verið einn af lykilleikjum sumarsins.

Síðustu fimm ár hefur það lið orðið Íslandsmeistari sem hefur unnið fyrstu viðureign Vals og Breiðabliks í deildinni. Valur vann 2004 og 2006-2008 en Breiðablik vann fyrsta leik liðanna sumarið 2005.

Breiðablik vann 6-1 sigur á Lengjubikarmeisturum Þór/KA í fyrsta leik og er til alls líklegt í sumar. Þetta verður því stórt próf fyrir Íslandsmeistara síðustu þriggja ára sem hafa unnið alla 9 leiki sína á Vodafone-vellinum, þar á meðal 9-3 sigur á Blikum í mikilli markaveislu í fyrra. **- óój**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS LAMBA-
KÓTILETTUR Í RASPI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 1.298 KR./KG

**1.169**



PÓLSKAR PYLSUR
FRÁ KJARNAFÆÐI
**30% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 998 KR./KG

**699**



EINIBERJAKRYDDAÐ
LÚXUS LAMBALÆRI
FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 1.554 KR./KG

**1.398**







**198**

BÓNUS GRILLSÓSUR 270ML
HVÍTLAUKS- OG PIPARSÓSA




**465**

REYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI
**30% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 664 KR./PK

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

**OPIÐ:** **FÖSTUD:** 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00



## > Tori Spelling

„Ég fór ekki í menntaskóla því ég var í fullu starfi sem Donna í 90210. En þar lærði ég margt sem er ekki kennt í skólum.“

***Spelling snýr aftur sem Donna í þættinum 902010 sem Skjár einn sýnir í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON LÍTUR STÖKU SINNUM Á ÆDOLIÐ

# *Idjótí sem ædol og ædol sem idjótí*



Þegar þeir Simon og Símon voru búnir að poppa upp hæfileikakeppnina og prufukeyra hana í Bretlandi gat hún lagt undir sig heiminn í nýju formati. Hún hefur enda verið gátt fyrir alla þá sem þrá að leggja fyrir sig alþýðuskemmtun í von um athygli, hól og peninga. Gleymum ekki að í þeirri deild hefur margur góður drengur og saklaus stúlkan átt sitt upphaf og fall fyrir syndinni lævísri og lipurri. Sakleysinu sviptir hafa menn svo sjóast til meiri dýrðar og gleypt eiturperluna sem leynist á botni bikars frægðarinnar.

Ædolið er einhvers konar idjótí. Þetta er samkvæmisleikur sem nú er fallinn í fastar skorður þótt hin stærri lönd geti hóað saman bærilegum kröftum ár hvert, þá finnum við sárlega fyrir fæðinni hér heima. Það þykir gott ef keppendur halda lagi, hreppa-, þorpa- og landshlutarígur er virkt afl meðal atkvæðabærra manna sem eru allir þeir sem geta valdið síma og kunna að hringja. Svona kosning færir alla á sama reitinn og hér hafa allir vit, listrænan smekk og geta mátað sig við gamlan dansara úr Versló, fyrrverandi Eurovision-stjörnu og leikstýru sem þarf að deila viti með tveimur þreyttum félögum úr unglingahljómsveit á þrítugsaldri.

Og í endurtekningunni sem er stöðug, því ekki eru framfarir svo stórstígar hjá flytjendum þótt þeim fækki, eru alls kyns smáatriði sem eru skemmtileg: minn sex spurði í síðustu viku af hverju Simmi málaði sig svona mikið um augun. Það var fátt um svör. Og vestur í Ameríku eru menn að komast á endasprettinn, rétt eins og hér. Þar eru líka alls kyns smásögur í gangi: var það í raun Pála gamla Abdúl sem var að kópera Madonnu á mánudagskvöld eða einhver sem líktist henni?

Þau eru svo mörg feikin, en stöku sinnum í bland kemur eitthvað sem hljómar eins og það sé satt. Svoleiðis er líka poppið.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.50 Wigan - Man. Utd., beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.40 X-Files** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10 Top Chef** SKJÁREINN



▶ **20.15 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 The Closer** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.05 Talið í söngvakeppni** (3:3) (e)

**15.35 Alla leið** (4:4) (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (9:26)

**17.55 Gurra grís** (88:104)

**18.00 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.

**21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Ellen Hyllemose** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.

**21.10 Óþekktarormur** (Little Devil) (2:3) Ollie, sem er tíu ára, heldur að ósætti foreldra hans sé honum að kenna og reynir því að vera þægur. Það breytir engu og þá freistar hann þess að halda foreldrum sínum saman með alvöruóþægð.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Bítlabærinn Keflavík** (1:2) (e)

**23.15 Listahátíð 2009** (e)

**23.50 Fréttaaukinn** (e)

**00.25 Kastljós** (e)

**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.20 Running with Scissors**

**08.20 Buena Vista Social Club**

**10.05 A Good Year**

**12.00 Charlotte's Web**

**14.00 Buena Vista Social Club**

**16.00 A Good Year**

**18.00 Charlotte's Web**

**20.00 Running with Scissors**

**22.00 Employee of the Month**

**00.00 Bachelor Party**

**02.00 Blast!**

**04.00 Employee of the Month**

**06.00 Prime**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Jamie At Home** (1:13)

**10.00 Notes From the Underbelly** (10:13)

**10.20 Extreme Makeover. Home Edition** (5:25)

**11.05 Logi í beinni**

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (188:260)

**13.25 Newlywed, Nearly Dead** (6:13)

**13.55 E.R.** (12:22)

**14.50 The O.C.** (22:27)

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Ben 10, Leðurblökumaðurinn, Stóra teiknimyndastundin og Litla risaeðlan.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (3:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (11:22)

**20.00 Gossip Girl** (15:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.45 Grey's Anatomy** (21:24)

▶**21.30 The Closer** (4:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.

**22.15 Oprah**

**23.00 In Treatment** (2:43) Sálfræðingurinn Paul Weston hlustar þolinmóður á skjólstæðinga sína þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.

**23.30 Sex and the City** (7:18)

**23.55 The Mentalist** (13:23)

**00.40 E.R.** (12:22)

**01.25 Sjáðu**

**01.55 Infernal Affairs**

**03.25 A Friend of the Family**

**04.50 Friends** (3:25)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

**15.30 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst bak við tjöldin.

**16.00 NBA-tilþrif** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

**16.30 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

**18.20 Players Championship** Sýnt frá hápunktunum í PGA-mótaröðinni í golfi.

**19.15 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**19.45 Atl. Bilbao - Barcelona** Bein útsending frá leik í úrslitum spænska bikarsins.

**21.55 Þýski handboltinn - Bikarúrslit 2009** Útsending frá úrslitaleik þýsku bikarkeppninnar í handbolta.

**23.15 Poker After Dark**

**00.00 Atl. Bilbao - Barcelona** Útsending frá leik í úrslitum spænska bikarins.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Reading - Burnley** Útsending frá undanúrslitaleik í ensku 1. deildinni.

**15.15 Hull - Stoke** Útsending frá undanúrslitaleik í ensku 1. deildinni.

**16.55 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**17.25 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**17.55 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

▶**18.50 Wigan - Man. Utd.** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**22.10 Leikur vikunnar**

**23.50 Wigan - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 What I Like About You** (1:24) (e)

**18.55 The Game** (9:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.20 Nýtt útlit** (9:11) (e)

▶**20.10 Top Chef** (10:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Að þessu sinni byrja kokkarnir á því búa til snakk til að gæða sér á á kvöldin. Síðan er komið að „veitingastaðastríðinu“ þar sem kokkunum er skipt í tvö lið sem eiga að útbúa veitingastað og matseðil sem heillar dómarana upp úr skónum.

**21.00 America's Next Top Model** (8:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Að þessu sinni verður rifjað upp hvað hefur gerst í þáttaröðinni til þessa og sýnd ný atriði sem ekki hafa verið sýnd áður og sýna stelpurnar í nýju ljósi.

**21.50 90210** (19:24) Tori Spelling snýr aftur í hlutverki Donnu úr Beverly Hills, 90210. Hún er fatahönnuður í Japan en Diablo Cody, handritshöfundur Juno (sem leikur sjálfa sig) fær hana til að hanna kjól fyrir sig. Annie og Dixon ákveða að nota frí úr skólanum til að leita að manneskju úr fortíð Dixons.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Leverage** (4:13) (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt verður um andlega reisu um minningar við Lenu Otterstedt og Helgu Erlingsdóttur.

**21.00 Mér finnst þáttur** í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur. Farið er vítt og breytt um samfélagið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




BROIL KING SOVEREIGN 90
Vn. 076 987783
Fullt verð 129.900 kr.
Tilboðsverð
97.425 kr.
25% afsláttur

Alveg grillað verð!
Frábær grill á sjóðandi heitu tilboðsverði!
N1



25% afsláttur
BROIL MATE 8,8KW
Vn. 076 13023IS
Fullt verð 29.900 kr.
Tilboðsverð
22.425 kr.



25% afsláttur
BROIL MATE 11,4KW
Vn. 076 13863IS
Fullt verð 42.900 kr.
Tilboðsverð
32.175 kr.

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS
Meira í leiðinni

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45

**Grey's Anatomy**



Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Dramatíkin hefur sjaldan verið jafn mikil en líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum í þessari þáttaröð. Veikindi Izzy hefur sett mark sitt á hópinn og með þeim hafa skilin milli lækna og sjúklinga orðið óljósari en áður. Samband Owen og Christinu hefur verið stormasamt, en Owen er þjakaður af áfallaröskun eftir Íraksstríðið. Meredith og Derek reyna að plana brúðkaup á milli stríða og fá þau óvænta hjálparhönd.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Oprah**

**Stöð 2 kl. 22.15**

Heimurinn fylgdist með því þegar söngfuglinn Rihanna yfirgaf unnusta sinn, Chris Brown, eftir að hann beitti hana ofbeldi. Sérstakur gestur Opruh í þetta sinn er Tyra Banks en hún hefur persónulega reynslu af slíku ofbeldi og reynir að upplýsa konur um hvað sé til ráða í slíkum samböndum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Sumarraddir
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (187:260)
**17.15 Hollyoaks** (188:260)
**17.40 X-Files** (11:24)
**18.25 Seinfeld** (13:22)
**18.45 Hollyoaks** (187:260)
**19.15 Hollyoaks** (188:260)

▶ **19.40 X-Files** (11:24) Fox Mulder trúir en Dana Scully efast á meðan þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

**20.25 Seinfeld** (13:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Bones** (10:26)

**22.45 Little Britain 1** (3:8) Í Litla Bretlandi er að finna alls kyns furðuverur eins og eina hommann í þorpinu, fúlu afgreiðslustúlkuna sem fullyrðir að tölvan segi nei og náungann í hjólastólnum sem þarf alls ekkert á hjólastól að halda.

**23.10 Ashes to Ashes** (8:8)
**00.05 Auddi og Sveppi**
**00.35 Sjáðu**
**01.00 Fréttir Stöðvar 2**

## BBC entertainment

**10.05** Jonathan Creek **10.55** Jonathan Creek **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder Goes Forth **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Chase **20.50** Blackadder Goes Forth **21.20** My Hero **21.50** The Chase **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** På tynd is **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Brinck - Lad musikken sejre **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Monster allergi **14.55** Svampebob Firkant **15.15** Isa's Stepz **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Testen **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** HåndboldOnsdag **20.30** SportNyt **20.35** HåndboldOnsdag **21.40** OBS **21.45** Onsdags Lotto **21.50** Taggart

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Kinesiske relasjonar **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Danske vidundere **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Sommerhuset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.10** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.25** Livet på landet **16.35** Småplukk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Folk. Heiki - den siste finnskoging **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Lov og orden. New York **22.25** The Wire

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Fotbollsakademin **10.35** En ljusglimt i mörkret **11.05** Oraklen **11.35** Eurovision Song Contest **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommer **20.00** Entourage **20.30** Simma lugnt, Larry! **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Draknästet **22.15** Rena Malena **23.15** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Það er hafragrautur sem ég elda sjálfur. Er nýbyrjaður á þessu og þetta verður bara minn morgunmatur þar til ég kveð þetta líf. Verð að viðurkenna að ég sé eftir þessum 29 hafragrautslausum árum og þakka bara tengdapabba mínum kærlega vel fyrir að koma mér á bragðið.“*

Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari.

# Örlygur Smári og Páll Óskar semja Idol-lag

Draumateymið Örlygur Smári og Páll Óskar Hjálmtýsson eru mennirnir á bak við lagið sem þær Anna Hlín Seculic og Hrafna Hanna Elísa Herbertsdóttir flytja á úrslitakvöldi Idol-stjörnuleitar á föstudagskvöldið. Þá kemur í ljós hvor þeirra fer heim með tvær milljónir íslenskra króna. Tvíeykið Örlygur og Páll eru gulltrygging fyrir smelli því meðal laga sem hafa náð hæstu hæðum á vinsældalistum Íslands má nefna Allt fyrir ástina, International, Betra líf, að ógleymdum Eurovision-slagaranum This is my life. Örlygur semur lagið en Páll Óskar sér um textagerðina.

Örlygur Smári sagði lagið, sem heitir Ég fer alla leið, vera hresst popplag. Enda ekki við öðru að búast úr smiðju tónskáldsins. „Ekki fer ég að skila af mér einhverri ballöðu í svona keppni,“ segir Örlygur og bætir því við að það reyni töluvert á hæfileika keppendanna tveggja. „Þetta er ekki neitt miðjumoð, ég fékk Palla til að syngja demóið því ég treysti mér ekki til þess sjálfur,“ segir Örlygur sem hefur ekki hugmynd um af hverju lögin hans njóti svona mikilla vinsælda. „Ætli það sé ekki bara af því ég hef gaman af þessu sjálfur, maður er allavega bara þakklátur fyrir að fólk vilji hlusta á það sem maður er að gera.“

Tónskáldið segist treysta þeim Önnu Hlín og Hröfnu fyllilega til að flytja lagið sómasamlega og koma því til skila á föstudagskvöldið. „Þegar þú ert búinn að fara í gegnum svona síu eins og Idolið áttu alveg að ráða við það.“ - fgg



**MAGNAÐ TVÍEYKI** Þeir Páll Óskar og Örlygur Smári hafa reynst vera ansi magnað tvíeyki en mörg af vinsælustu lögum síðustu tveggja ára koma einmitt úr smiðju þeirra.



**LÁRÉTT**
2. íþrótt, 6. fíngerð líkamshár, 8. töffari, 9. hluti verkfæris, 11. fyrirtæki, 12. skopleikrit, 14. starfsaðferð, 16. grískur bókstafur, 17. skörp brún, 18. kerald, 20. gangflötur, 21. glufa.

**LÓÐRÉTT**
1. skref, 3. einnig, 4. nagdýr, 5. ögn, 7. eilífð, 10. frjó, 13. gerast, 15. liðormur, 16. krot, 19. frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. golf, 6. ló, 8. gæi, 9. orf, 11. ms, 12. farsi, 14. tækni, 16. pí, 17. egg, 18. áma, 20. il, 21. rifa.
**LÓÐRÉTT:** 1. klof, 3. og, 4. læmingi, 5. fis, 7. óratími, 10. fræ, 13. ske, 15. igla, 16. pár, 19. af.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Kjúklingastræti
2. Elektra
3. Hólmar Örn Rúnarsson

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



MYND/BALDUR KRISTJÁNS

**GLEÐITÍÐINDI** Þorvaldur Davíð fékk The Robin Williams Scholarship sem hljóðar upp á rúmlega sjö milljónir íslenskra króna en hann nýtist til að borga skólagjöldin í Juilliard. Þau hafa hækkað töluvert eftir að krónan féll með hruni bankanna.

### ÞORVALDUR DAVÍÐ: ROBIN WILLIAMS BORGAR NÁMIÐ Í JULLIARD

# FÉKK SJÖ MILLJÓNA STYRK

„Ég varð bara klökkur, það er ekkert hægt að segja þetta öðruvísi, ég hélt reyndar fyrst að ég hefði gert eitthvað af mér,“ segir Þorvaldur Davíð Kristjánsson, nemi við leiklistardeild Juilliard-listaháskólans í New York. Hann fékk óvæntan glaðning í síðustu viku þegar deildarforseti leiklistardeildar skólans kallaði hann á fund til sín og tilkynnti íslenska leikaranum að hann hefði hlotið The Robin Williams Scholarship en hann hljóðar upp á sjö og hálfa milljón íslenskra króna, eða 60 þúsund dollara. Styrkurinn er veittur þeim nema sem þykir hafa lagt hvað harðast að sér í náminu. Eins og nafnið gefur til kynna er það Óskarsverðlaunahafinn Robin Williams sem hefur veg og vanda af styrknum og hann greiðist beint úr vasa bandarísku stórstjörnunnar. „Hann var einhvern tímann í skólanum, þetta er í hans nafni og hann gefur þessa peninga.“

Styrkurinn nær yfir skólagjöldin í Julliard sem hafa hækkað töluvert eftir að gengi krónunnar féll með hruni bankanna. „Þessi vetur hefur verið erfiður róður og því hjálpar styrkurinn mér mjög mikið í núverandi ástandi,“ heldur Þorvaldur áfram en hann segist þó aldrei hafa leitt hugann að því að hætta námi og snúa aftur heim þrátt fyrir að dvölin í New York væri orðin ansi dýr. „Nei, maður hefði bara fundið einhverjar leiðir og haldið áfram að borða hafragrautinn,“ segir leikarinn og hlær.

Alls 72 nemendur eru í leiklistardeild Juilliard-skólans og því er um að ræða mikla viðurkenningu fyrir Þorvald. „En þetta leggur auðvitað meiri pressu á mann að standa sig en ég hef bara gaman af því, mér finnst gott að setja mér stór markmið því þá eru jú meiri líkur á því að manni takist að komast þangað.“ Þorvaldur þarf á næstu dögum að setjast niður og skrifa Robin Williams bréf, þakka honum fyrir styrkinn og segja eilítið frá starfi sínu innan veggja skólans. freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Lára Ómarsdóttir** fréttamaður var um hríð atvinnulaus eftir að hafa flengst á milli fjölmiðla: Stöð 2 með viðkomu á Iceland Express, Blaðinu og Mogganum, var þá atvinnulaus um hríð áður en hún hóf störf hjá ÍNN og þá RÚV. Lára sat ekki auðum höndum þann tíma sem atvinnuleysið varði heldur fór um og hélt fyrirlestra vítt og breitt með kreppuráð í farteskinu. Þessi ráð tók hún þá saman á bók sem er að streyma úr prentsmiðju núna og er væntanleg í búðir eftir helgi. Bókin heitir Hagsýni og hamingja og er það Veröld sem gefur út.



**Geir Ólafsson** söngvari er þegar farinn að undirbúa sig fyrir Þjóðhátíð í Eyjum þar sem hann mun troða upp. Geir leggur upp úr því að ferðast með stæl og hann hefur nú gengið frá því að fara til Eyja í einkaþotu, eða Cessnu 421 – tveggja hreyfla skrúfuþotu. Flugmaðurinn, Birgir Björgvinsson, mun fara með söngvarann fram og til baka, en í Eyjum bíður Geirs einkabílstjóri sem fer með hann á tjaldstæðið og til baka eftir tónleikana.



Áhrif brottreksturs Davíðs Oddssonar úr stóli seðlabankastjóra og fall ríkisstjórnarinnar um mánaðamótin janúar/febrúar hefur haft ýmsar afleiðingar í för með sér og sumar óvæntari en aðrar. Þannig þurfti að fresta útgáfu á nýrri bók **Hugleiks** um Eineyga köttinn Kisa og þurfti að endurrita hluta bókarinnar sem nú er áformað að komi út 17. júní. Síðasta bók hét Eineygi kötturinn Kisi og ástandið, fyrri hluti, en þar er tekið á ástandinu eins og það var síðasta haust og spilaði seðlabankastjóri nokkuð stórt hlutverk í bókinni. Seinni hluti „ástandsins“ reyndist hins vegar miklum mun erfiðari í ritun vegna mikilla sviptinga. - jbg



SIGIN GRÁSLEPPA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Randver Þorláks í Varsjá

„Hér hafa óskaplega mörg mál verið rædd. Stærstu málin eru höfundarréttamál fyrir listflytjendur,“ segir Randver Þorláksson formaður Félags íslenskra leikara.

Randver er væntanlegur til landsins í dag frá Varsjá þar sem hann hefur verið undanfarna daga og sótt fundi hjá Alþjóða leikarasamtökunum. Efst á baugi var umræða um hvernig ber að höndla niðurhal af Netinu og ýmsa sjóræningjastarfsemi sem þar viðgengst. „Það er ekkert við þetta ráðið. Tæknin er orðin svo mikil. En menn eru að leita leiða til að fá eitthvað fyrir þetta,“ segir Randver og vísar til þess að ef höfundarréttur er fótum troðinn komi það fyrr en síðar niður á öllu því sem heitir listræn sköpun. Þá var á fundunum rætt verktakastarfsemi í listum og staða listamanna almennt hvað varðar tryggingar.

Varsjá er stór og mikil að sögn Randvers sem ekki hafði gert sér grein fyrir því að borgin var lögð gersamlega í rúst í stríðinu. En hefur nú verið byggð upp og er orðin býsna vestræn. „Mér finnst hún ekki beint falleg. Kommabragurinn er farinn. Pólverjar eru afskaplega gott fólk. Mér hefur ekki leiðst hérna. Hef farið í óperuna og svona,“ segir Randver. - jbg



**RANDVER ÞORLÁKS** Lætur vel af sér í Varsjá en þar hitti hann kollega sína í leiklistargeiranum sem ræddu meðal annars höfundarréttarmál listflytjenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# THE BODY SHOP™

## Vinsælar vörutegundir með 30-35% afslætti dagana 13.-18. maí

### E-vítamín fyrir andlitið
Fjórar vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml), andlitsvatn með E-vítamíni (200ml) og baðmullarskífur
**Verð nú: 3330 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 4760 kr.





### Dekurvörur með kókosolíu
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
**Verð nú: 2570 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.

### Vörutegundir fyrir herramanninn
Þrjár vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml), "Of a man"-svitalyktareyðir (75ml) og "For men"-rakakrem með makarótarseyði (100ml)
**Verð nú: 3590 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 5160 kr.



### Aloe vera fyrir andlitið
Vörutegundir með græðandi aloe vera-geli henta vel viðkvæmu hörundi. Tilboðið inniheldur þrjár helstu andlitsvörurnar: Dagkremið (50ml), hreinsimjólk (200ml) og andlitsvatn (200ml) auk baðmullarskífna
**Verð nú: 3645 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 5210 kr.





### Sólarfarði á líkamann/fæturna
"Body & leg shine" (55g) er bronslitaður farði með skínandi áferð. Farðinn, sem er sérstaklega ætlaður á líkamann (t.d. á fótleggi), er afar þægilegur í notkun og kemur í handhægu stifti. Ath. val er milli tveggja litbrigða/styrkleika
**Verð nú: 1680 kr. með 35% afslætti**
Verð áður: 2590 kr.

THE BODY SHOP®

### Sólarpúður, bursti og vara"gloss"
Þrjár vörutegundir saman: Sólarfarði (þ.e. "Bronzing powder" (11,5g). Ath. val er milli þrenns konar litbrigða/styrkleika), kabúki-farðabursti og vara"gloss" (þ.e. "Liquid lip colour" (8ml). Ath. val er milli 9 litbrigða
**Verð nú: 3790 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 5420 kr.



### Dekurvörur með smjörtrésmauki
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter" -húðnæring (200ml) með smjörtrésmauki (þ.e. "shea butter" á ensku), sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
**Verð nú: 2570 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.



## KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI
*Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299*

THE BODY SHOP®

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**Hvar er þín auglýsing?**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

# *Bréf til Svavars*

Svavar, það hafa fjölmargir haft samband við mig og beðið mig um að leggja ykkur lið í samninganefndinni um Icesave. Ég taldi að slíkt ætti ekki fyrir mér að liggja en hvað veit maður á þessum síðustu og verstu tímum þegar ólíklegustu hlutir gerast? Sjáðu bara hvernig fór fyrir henni Svandísi, hún er ekki búin að tylla sér í þingsætið sitt og það er strax búið að véla hana í ráðherrastól. Og sjáðu líka hvernig fór fyrir skáldkonunni sem mótmælti með svo góðum ljóðum að hún endaði á þingi. Já, það er eins gott að passa sig.

**ÞANNIG** að ef þér hafði dottið í hug að kippa mér inn í nefndina, nú þegar Gordon er orðinn illur, þá ætla ég að segja þér ástæðuna fyrir því að ég ætti ekki að koma nálægt svona nefndum. Það ætti að fá þig ofan af slíku rugli.

**EITT SINN** sat ég löngum stundum í mosku einni og hlýddi á trúbræður félaga míns segja frá leyndardómum íslams. Ég var nokkuð heillaður af mörgu sem ég lærði þar. Umræðurnar voru líka afskaplega skemmtilegar og fróðlegar og lausar við þennan gassagang sem venjulega grípur um sig þegar við Íslendingar troðum meiningu okkar í kokið á viðmælandanum. Myntubragðið af teinu sem teygað var líður mér örugglega aldrei úr minni. Ég lærði meira að segja nokkra arabísku. Ég gleymi því aldrei þegar ég fór með trúarjátninguna á lýtalausri arabísku, eftir því sem nærstaddir tjáðu mér. Menn fögnuðu mér fyrir afrekið, óskuðu mér til hamingju en síðan hætti mér að lítast á blikuna þegar þeir spurðu hvaða íslamska nafn ég ætlaði að taka mér.

**SVAVAR,** þú sérð að þú hefur ekkert með svona mann að gera í nefndinni. Ég klóraði mig reyndar út úr þessu en ég drap gjörsamlega þessa skemmtilegu fagnaðarstemningu sem upp var komin.

**EN** hvernig gengur annars, Svabbi? Það er örugglega ekki gott að eiga við þetta meðan þessi búralegi Gordon lætur svona. Maður veit hreinlega ekki á hvaða plánetu hann lifir þessi maður. Það er spurning hvort við Íslendingar eigum ekki einhvern álíka til að gjalda líku líkt. Þú getur svo sem alveg hringt og athugað hvort mér hafi snúist hugur, eins og ég sagði, maður veit aldrei.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 13. maí, 133. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.19 | 13.24 | 22.31 |
| Akureyri | 3.46 | 13.09 | 22.34 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# Ráðgjafar Íslandsbanka veita upplýsingar um úrræði

**Greiðslujöfnun erlendra húsnæðislána**
Lausn sem lækkar og jafnar greiðslubyrðina.

**Greiðslujöfnun verðtryggðra lána**
Greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána og annarra verðtryggðra lána með fasteignaveði.

**Skuldbreytingar lána**
Skoðað hvort hægt sé að hagræða með sameiningu skammtímalána og lengingu lána.

**Skilmálabreytingar bílasamninga**
Lækkun á leigugreiðslu bílasamninga í erlendri mynt í átta mánuði og lenging á samningi um fjóra mánuði.

**Tímabundin opnun séreignarsparnaðar**
Í flestum tilvikum hvetjum við fólk til að snerta ekki á lífeyrissparnaði sínum. En stundum getur það verið skynsamlegt, t.d. til að borga niður óhagstæðar skammtímaskuldir.

**Hagræðing í rekstri heimilisins**
Útgjöld heimilisins greind og skoðað hvar er hægt að hagræða til að ná endum saman.

**Aðstoð við heimilisbókhaldið á islandsbanki.is**
Á heimasíðu okkar islandsbanki.is eru netlausnir sem aðstoða þig við heimilisbókhaldið. Þú getur sett þér markmið í sparnaði og gert einfalt mat á stöðu fjármála heimilisins.

islandsbanki.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-0843



## Erum við símann til kl. 21 í kvöld

Íslandsbanki býður fjölmargar lausnir til að hagræða í fjármálunum og til að komast í gegnum tímabundin greiðsluvandræði.

Í dag milli klukkan 17 og 21 verða fjármálaráðgjafar okkar við símann og svara fyrirspurnum um hvaða úrræði eru í boði.

Hringdu í síma **440 4000** milli klukkan **17 og 21** og ræddu við ráðgjafa Íslandsbanka um úrræði sem gætu hentað þér.

Íslandsbanki